# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
29. janúar 2015
24. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*





**Til hvers að flækja hlutina?**

LIFÐU Í **NÚLLINU!**

**365**

4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS** — **0 kr.**
(60 mín. og SMS fylgja hverri áskrift)

Internet
**20 GB** — **0 kr.**

Heimasími*
**100 mín.** — **0 kr.**
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

Með Skemmtipakka 365 fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet og heimasími og aðild að Vild fyrir aðeins 9.290 kr. á mánuði.

Allar nánari upplýsingar er að finna á **365.is**



















Komdu þér fyrir og njóttu vel!

# ÍSLENSK ÞÁTTAGERÐ Í HÁVEGUM!

365

Áfram heldur Stöð 2 uppi merkjum innlendrar dagskrárgerðar og áhorfendur fá að njóta þess oft í hverri viku. Skemmtun, fræðsla, þjóðmál, matargerð og spjall við góða gesti er meðal þess sem Stöð 2 býður þér í vetur.

**SKEMMTIPAKKINN**

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet og heimasími og aðild að Vild fyrir aðeins 9.290 kr. á mánuði.

**9.290 kr.**



**SKOÐUN** Andrés Magnússon og Lárus M. K. Ólafsson skrifa um tollvernd og svið. 20



**MENNING** Með gjörning í Hörpuhorni í upphafi Myrkra músíkdaga. 30



**LÍFIÐ** Eddi Egilsson sat fyrir í hvítum kufli uppi í fjalli í Malibu. 46



**SPORT** Kristín Guðmundsdóttir skoraði sextán mörk gegn toppliði Fram. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
29. janúar 2015
24. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Segja ekki frá gerendum vegna hræðslu

Í Kristínarhúsi dvöldu á rúmum tveimur árum 15 konur af erlendu bergi brotnar sem voru fórnarlömb mansals. Flestum var ætlað að stunda hér vændi. 8

**Greindi banaslys launalaust** Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarstofu, kynnti í gær eigin greiningu á banaslysum í umferðinni frá upphafi bílaaldar. 2

**Biðin erfiðust** Hælisleitendur hér á landi upplifa mikið vonleysi vegna iðjuleysis og slæmrar aðstöðu. 6

**Fótboltamenn seldu lóð** Knattspyrnuakademía Íslands fékk að breyta atvinnulóð í lóð undir blokk með 72 íbúðum. 10




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bolungarvík** | -2° | NA | 16 |
| **Akureyri** | -2° | NA | 14 |
| **Egilsstaðir** | -1° | NA | 16 |
| **Kirkjubæjarkl.** | -2° | NA | 11 |
| **Reykjavík** | 0° | NA | 13 |

**VÍÐA HVASST** Í dag verða norðaustan 10-20 m/s, hvassast SA-til. Snjókoma eða él N- og A-til en bjartviðri syðra. Frost víðast 0-6 stig. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Dælt fyrir 1,1 milljarð

Kostnaður við dýpkun Landeyjahafnar er umtalsvert meiri en ráð var fyrir gert. Þingmaður segir brýnt að höfnin verði löguð áður en fest verði kaup á nýju skipi.

**SAMGÖNGUR** „Þetta er miklu meira en reiknað var með,“ segir Sigurður Áss Grétarsson, framkvæmdastjóri siglingasviðs Vegagerðarinnar, um kostnað við dýpkun Landeyjahafnar. Frá því höfnin var opnuð um mitt ár 2010 hefur 1,1 milljarði króna verið varið til dýpkunarframkvæmda.

Í rekstraráætlun sem gerð var þegar ákveðið var að byggja höfnina var miðað við að dæla þyrfti upp 30 þúsund rúmmetrum af sandi á ári. Sigurður segir þó að þegar höfnin var kynnt hafi verið gert ráð fyrir að magnið gæti orðið tvöfalt til þrefalt meira. Raunin hefur verið sú að dæla hefur þurft upp milli 250 og 300 þúsund rúmmetrum af sandi upp úr höfninni á ári síðastliðin ár. Því hefur þurft að dæla átta til tíu sinnum meira af sandi en gert var ráð fyrir í upphafi.

Sigurður segir að í þessum reikningum hafi verið gert ráð fyrir nýjum Herjólfi sem risti ekki eins mikið. „Mesti munurinn á áætlun og því sem reyndin varð felst í að dýpka þarf mikið meira fyrir Herjólf en nýja ferju.“

Þá segir Sigurður að horfast verði í augu við að skilningur manna á sandburði sé ófullkominn og því hafi alltaf verið gert ráð fyrir skekkju í útreikningunum.

Nýr Herjólfur sem nú er á teikniborðinu á að rista 2,8 metra en dýpið í hafnarmynni Landeyjahafnar er nú 2,6 metrar. Sigurður segir þó að ferjan gæti siglt um höfnina á flóði.

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir forsendu fyrir smíði nýs skips vera að vandi Landeyjahafnar verði leystur. „Það er engin ástæða til þess að smíða nýtt skip fyrr en menn eru búnir að ákveða að laga höfnina,“ segir Ásmundur. - ih

**8-10** sinnum meira af sandi hefur þurft að dæla úr Landeyjahöfn en gert var ráð fyrir í upphafi.

Festust óvart yfir sjónvarpi:

## Ávanabindandi seríur og sápur

**FÓLK** Margir taka ástfóstri við ákveðnar þáttaraðir eða sápuóperur og fylgjast með þeim ár eftir ár, án þess að þora að viðurkenna það. Glæstar vonir, Nágrannar og Survivor eru dæmi um slíkar þáttaraðir sem framleiddar hafa verið í áratugi og eiga enn dygga aðdáendur.



**GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR**

„Ég er búin að vera í smá pásu en það gerir ekkert til þó maður sleppi úr nokkrum þáttum,“ segir Guðríður Haraldsdóttir, Gurrý, aðstoðarritstjóri Vikunnar og rithöfundur. Hún fylgdist með Glæstum vonum (Bold and the Beautiful) í nokkur ár og bloggaði á tímabili um þættina. asi, gló / sjá síðu 36



**FÓRNARLÖMB STRÍÐSINS** Anna hefur búið ásamt bróður sínum, Sasaha, móður sinni og ömmu í kjallara sjúkrahúss í Donetsk síðastliðna fimm mánuði vegna stríðsátakanna sem geisað hafa í borginni. Fjölskyldan deilir svefnstað með tuttugu öðrum. Líkt og Anna þjást mörg börn af mikilli streitu og kvíða vegna ofbeldisins sem þau hafa orðið vitni að. MYND/UNICEF

Átökin í Úkraínu harðna:

## Börn í felum neðanjarðar

**ÚKRAÍNA** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur miklar áhyggjur af stöðu barna í Úkraínu. Yfir 1.100 börn hafast nú við í yfirgefnum neðanjarðarbyrgjum og kjöllurum í borginni Donetsk. Vistarverurnar sem börnin hafa sótt í eru án kyndingar, vatns og hreinlætisaðstöðu og þar eru matvæli af afar skornum skammti.

Fulltrúar UNICEF segja ofbeldi í Úkraínu hafa aukist í landinu frá því í janúar þrátt fyrir að vopnahléssamningur hafi verið í gildi frá því í september.

Yfir 136 þúsund börn hafa þurft að flýja heimili sín frá því stríðsátökin hófust. Þá þurfa yfir 600 þúsund börn á neyðarhjálp að halda.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir 5.086 manns hafa látið lífið í átökunum í Úkraínu, þar af að minnsta kosti 55 börn. - ih






Yfir 63% í vinnu eða skóla eftir að hafa fullnýtt rétt til atvinnuleysisbóta:

## Fljótt í vinnu eftir þrjú bótaár

**ATVINNUMÁL** Vísbendingar eru um að allstór hópur langtímaatvinnulausra hefði getað farið mun fyrr út á vinnumarkaðinn eða í skóla en raun ber vitni.

Þetta er mat Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar, sem kemur á óvart hversu margir af þeim hópi sem höfðu fullnýtt þriggja ára rétt sinn til atvinnuleysisbóta voru búnir að tryggja sér starf að nýju, þegar könnun var gerð á högum þeirra á vegum Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins.



**GISSUR PÉTURSSON**

Yfir 63% þeirra rúmlega þúsund einstaklinga sem svöruðu voru þá í fullu starfi, launamenn í hlutastarfi, í sjálfstæðum rekstri eða í námi. Aðeins 22% voru enn í atvinnuleit eftir að hafa misst bótarétt sinn.

Gissur segir niðurstöðurnar hins vegar sanna að markmið vinnumarkaðsaðgerða Vinnumálastofnunar hafi gengið eftir. Fólk sé tilbúið þegar atvinna býðst. - shá / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



Bjarni, erum við kálhausar?

**„Algjörir.“**

Bjarni Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka grænmetisbænda, segir að Íslendingar gætu sjálfir framleitt grænmeti sem við flytjum inn fyrir milljarða á hverju ári.

Velferðarvaktin leggur til í áfangaskýrslu að það sem sett er á barnabætur verði afnumið:

# Um sjö þúsund manns búa við sára fátækt

**SAMFÉLAGSMÁL** Um sjö þúsund manns búa við sára fátækt hér á landi og mikill fjöldi ber óviðunandi byrðar af kostnaði við húsnæði samkvæmt áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar sem skilað var til félagsmálaráðherra í gær. Þar er meðal annars lagt til að teknar verði upp fastar barnabætur til allra barnafjölskyldna að viðbættri barnatryggingu til þeirra verst settu.

Í áfangaskýrslunni eru sex tillögur lagðar fram til frekari úrvinnslu, en þær snerta á barnabótakerfinu, lágmarksframfærslu, húsnæðismálum, grunnþjónustu velferðarkerfisins, samhæfingu mála og samvinnu opinberra aðila við frjáls félagasamtök.

„Ég vil sjá þær allar fara í framkvæmd,“ segir Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, en leggur sérstaka áherslu á tillögu um barnabætur og -tryggingar. „Þar erum við að leggja til að við fikrum okkur í átt að Norðurlöndunum og verðum hér að grunni til með ótekjutengdar barnabætur.“ Að auki fái þeir sem standa höllum fæti eins konar barnatryggingu. Við þetta hækki bótaflokkurinn úr um 14 milljörðum í 18 milljarða króna.

Velferðarvaktin var fyrst sett á laggirnar árið 2009 í tíð fyrri ríkisstjórnar. Núverandi ríkisstjórn hélt starfinu síðan áfram en frá því í fyrra hafa fulltrúar 35 aðila skipað vaktina. **- hmp**



**SIV SVARAR** Velferðarvaktin horfði til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skýrslugerð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**YFIRHEYRÐ** Loretta Lynch svaraði spurningum þingnefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn þráspurðu um stefnu í innflytjendamálum:

## Lynch bíður samþykkis þingsins

**BANDARÍKIN Lorretta Lynch, dómsmálaráðherraefni Baracks Obama Bandaríkjaforseta, svaraði spurningum þingnefndar öldungadeildar í gær. Staðfesti öldungadeildin tilnefningu Lynch í embættið verður hún fyrsti svarti kvenkyns dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. Lynch var þráspurð út í stefnu yfirvalda í innflytjendamálum af þingmönnum repúblikana. Lynch sagðist ekki deila áhyggjum þingmannanna heldur hefði stefna Obama-stjórnarinnar verið skynsamleg. - ih**

VG smíðar frumvarp til laga:

## Réttarstaða brotaþola bætt

**ALÞINGI** Þingflokkur VG vinnur að því að smíða frumvarp til laga um að bæta réttarstöðu brotaþola í nauðgunarmálum.

Úrbætur í þeim efnum eru í samræmi við nýlega greinargerð Hildar Fjólu Antonsdóttur um viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins.

Með breytingunum telur þingflokkur VG að réttarstaða brotaþola styrkist. Þannig yrði aukið aðgengi að upplýsingum á öllum stigum máls og veittur réttur til að koma athugasemdum á framfæri. **- sa**

Nágrannar álklæddra húsa:

## Setja upp sólgleraugu inni

**SVÍÞJÓÐ** Íbúar í grennd við tvö ný háhýsi í úthverfi Stokkhólms þurfa að draga niður gardínurnar þegar sólin skín eða ganga með sólgleraugu innandyra. Endurkast af burstuðu áli á svölum háhýsanna blindar íbúa í næstu húsum.

Fulltrúar hins opinbera hafa skoðað aðstæður og komist að þeirri niðurstöðu að þær séu óþægilegar. Þess er nú krafist að eigandi háhýsanna grípi til aðgerða. Hann íhugar að setja plastfilmu á álið, samkvæmt frétt á vef DN. **- ibs**

# Vann launalaust í átta ár að greiningu slysa

Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarstofu, kynnti í gær greiningu sína á banaslysum í umferðinni frá upphafi bílaaldar. Þetta mikla verk vann Óli í minningu þeirra sem hafa látist og af hluttekningu við aðstandendur.

**SAMFÉLAG** „Ég áttaði mig ekki á hvað þetta yrði gríðarlega mikil vinna. Ef ég hefði vitað það þá hefði ég mögulega hugsað minn gang,“ segir Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarstofu, sem í gær kynnti greiningu sína á banaslysum í umferðinni frá upphafi bílaaldar á Íslandi árið 1915 til 2014.

Óli hefur unnið að verkefninu síðustu átta ár og allt í sjálfboðavinnu. Gagnagrunnurinn hefur verið afhentur rannsóknarnefnd samgönguslysa til varðveislu og viðbótarvinnslu í framtíðinni.

Óli segist til að byrja með hafa átt erfitt með að átta sig á hvernig hann ætti að vinna verkið. Hann notaðist mikið við vefsíðuna timarit.is og segir að hann hefði ekki getað þetta án hennar.

„Ég las heilu árgangana af blöðum, hvert einasta, það var ekkert annað hægt. Stundum fann ég þetta inni í minningargreinum. Ég fann til dæmis eina litla frétt: „Þrír látnir eftir umferðarslys“, þá höfðu birst fréttir um slys nokkrum dögum áður sem síðar reyndust vera banaslys.“

Óli notaðist við 439 heimildarog hjálparmenn um allt land. Margir þeirra eru látnir í dag en til að mynda fékk hann fleiri en einn prest til að fara í kirkjugarða að lesa á legsteina til að staðfesta fæðingar- eða dánardaga fórnarlamba.

Aðstandendur þeirra sem létust voru honum einnig innan handar. „Það snart mig mjög djúpt þegar ég hringdi og var búinn að segja frá erindi mínu að oft hafði fólkið aldrei rætt þessi slys fyrr en þá. Þetta voru þá kannski slys sem höfðu orðið fyrir hálfri öld eða meira. Fólk sem lifði á tímum þegar svona lagað var ekki rætt,“ segir Óli.

Hann segist með þessu hafa komist í náið samband við aðstandendurna og fann hversu þungt þetta hvíldi á þeim.

„Mér fannst alveg furðulegt að það skyldi enginn þeirra neita að tjá sig um þetta við mig. Það var alveg með ólíkindum. Ég fann það fljótt að mig langaði að gera þetta í minningu þeirra sem hafa látist í umferðarslysum og í hluttekningu við aðstandendur þeirra.

fanney@frettabladid.is



**SNORTINN AF AÐSTANDENDUM** Óli H. Þórðarson sem vann greiningu á banaslysum í umferðinni segist hafa komist í náið samband við aðstandendur þeirra sem létust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Viðlíka gagnagrunnur fyrirfinnst hvergi

Ágúst Mogensen, forstöðumaður rannsóknarnefndar samgönguslysa, bauð Óla aðstöðu fyrir rannsóknarvinnuna. Hann segir mikilvægi greiningar Óla ótvírætt. „Ég held það megi fullyrða að viðlíka gagnagrunnur um banaslys í umferðinni sé hvergi til annars staðar í heiminum. Þetta er mjög mikilvægt fyrir okkur öll sem vinnum að umferðaröryggismálum og býður upp á ýmsa möguleika til að greina slysin og orsakir þeirra nánar,“ segir Ágúst.

Óli kemst að þeirri niðurstöðu að á þessu tæpa 100 ára tímabili hafi 1.502 einstaklingar látist í umferðarslysum á Íslandi. Hins vegar létust aðeins fjórir í fyrra en svo fáir hafa ekki látist síðan fyrir stríð, en árið 1939 létust einnig fjórir. „Þetta er náttúrulega of mikið mannfall, 1.502. Mikil meiðsli og sárindi sem hafa hlotist af umferðarslysum í gegnum tíðina. Fyrir um 20 árum vorum við í sömu stöðu og nú, það er að banaslysum hafði fækkað. En síðan fjölgaði þeim aftur. Við verðum því að sinna umferðaröryggismálum áfram. Okkur ber skylda til að læra af sögunni og fækka slysum enn frekar,“ segir Ágúst.






Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins:

# Samfélagsverðlaunin í 10. sinn

**SAMFÉLAGSMÁL** Opnað hefur verið fyrir tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á vef Vísis (visir.is/samfelagsverdlaun) en verðlaunin verða veitt í tíunda sinn í vor. Fréttablaðið skorar á lesendur að senda inn tilnefningar til verðlaunanna. Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag, jafnt þekktir sem óþekktir einstaklingar eða félagasamtök sem hafa verið öðrum fyrirmynd með gjörðum sínum og athöfnum.

Eins og áður eru verðlaunin veitt í fimm flokkum. Í flokknum Hvunndagshetjan koma til greina einstaklingar sem sýnt hafa óeigingirni í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma. Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar er leitað að kennurum eða öðrum uppfræðurum. Þá koma einnig til greina félagasamtök sem sinna börnum af metnaði. Til atlögu gegn fordómum er flokkur einstaklinga eða félagasamtaka sem með starfi sínu stuðla að því að draga úr fordómum í samfélaginu. Heiðursverðlaun eru veitt fyrir ævistarf sem stuðlað hefur að betra samfélagi. Samfélagsverðlaunin eru veitt félagasamtökum sem vinna framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf.

Í dómnefnd sitja Kristín Þorsteinsdóttir, útgefandi og aðalritstjóri Fréttablaðsins, Guðrún Ögmundsdóttir, fv. alþingismaður, og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur. **- ibs**



**VERÐLAUNAHAFAR** Klúbburinn Geysir, sem var handhafi Samfélagsverðlaunanna í fyrra, hlaut 1,2 milljónir króna. Sama upphæð verður veitt í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐUR OG ÓTRÚLEG VERÐ
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**609** **tonn voru tekin upp af gulrófum árið 2013, en flutt voru inn 76 kílógrömm.**

Aðalmeðferð í máli sérstaks saksóknara gegn Hannesi Smárasyni hófst í gær:

# Hannes man lítið og neitar sök

**DÓMSMÁL** Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri FL Group, neitaði sök í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar aðalmeðferð hófst í máli sérstaks saksóknara gegn honum.

Hannes er ákærður fyrir að hafa fært 46,5 milljónir dollara af reikningi FL Group til Fons eignarhaldsfélags þann 25. apríl 2005. Talið er að fjárhæðin hafi verið millifærð án vitundar og samþykkis stjórnar FL Group.

Flestum spurningum saksóknara svaraði Hannes á þá leið að hann myndi ekki málsatvik eða kannaðist ekki við það. Bar hann fyrir sig að gögnin væru 10 ára gömul og erfitt væri að muna svo langt aftur í tímann.

Þrír stjórnarmenn í FL Group á þessum tíma vissu ekki af millifærslunni fyrr en á stjórnarfundi félagsins þann 30. júní sama ár. Á þeim fundi sögðu þessir einstaklingar sig úr stjórn þar sem þeir gagnrýndu einnig störf Hannesar.



**MAN EKKI MÁLSATVIK** Hannes Smárason ber við minnisleysi um málsatvik fyrir Héraðsdómi.

Verði Hannes fundinn sekur um fjárdrátt á hann yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi. - sa

Slökkviliðið bætir við sig:

# 160 sóttu um í slökkviliðinu

**ATVINNUMÁL** Næstum 160 sóttu um störf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins áætlar að opna nýja slökkvistöð í Mosfellsbæ og þarf því að fjölga starfsmönnum.

Um eitt hundruð stóðust hæfniskröfur og fengu að þreyta fjölbreytt próf. Verðandi slökkviliðsmenn þurfa að standast bæði verkleg og skrifleg próf og læknisskoðun að auki. - sa



**ÞÓRSHÖFN** Nýr leikskóli er í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spurt um nýjan leikskóla:

# Vilja hraðari framkvæmdir

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er brýnasta verkefni Langanesbyggðar að byggja nýjan leikskóla og hörmum við hvað lítið hefur gerst í þeim málum frá kosningum," segir í bókun minnihluta U-listans í sveitarstjórn Langanesbyggðar. Óskað var eftir upplýsingum á fundi sveitarstjórnarinnar en oddvitinn sagði að þar sem engin gögn fylgdu fyrirspurninni yrði henni ekki svarað fyrr en síðar. Fulltrúar U-listans sögðust þá óska þess að byggingarnefnd leikskólans á Þórshöfn starfaði áfram eins og hefði verið síðasta sumar. - gar

Ætla að rannsaka norðurljós:

# Breyta skipulagi fyrir Kínverja

**ÞINGEYJARSVEIT** Aðalskipulag Þingeyjarsveitar mun taka breytingum vegna fyrirhugaðrar rannsóknarstofu kínverskra aðila á Kárhóli í Reykjadal. Fyrirhugað er að reisa um 700 fermetra rannsóknarhús í landi Kárhóls til að rannsaka norðurljós.

Kínversk rannsóknarstofa mun annast rannsóknir en jörðin og eignir á jörðinni verða í eigu sjálfseignarstofnunarinnar Aurora Observatory.

Framkvæmdir á jörðinni eru áætlaðar fyrir um 300 milljónir króna næstu tvö ár.

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar hefur boðað til almenns kynningarfundar vegna tillögunnar. - sa

# Sex af hverjum tíu komnir í vinnu eftir þrjú ár á bótum

**Ný rannsókn gefur vísbendingar um að allstór hópur langtímaatvinnulausra hefði getað farið mun fyrr út á vinnumarkaðinn eða í skóla. Sýnir einnig að hópur fólks stundar svarta vinnu á atvinnuleysisbótum.**

**ATVINNUMÁL** Það kom Gissuri Péturssyni, forstjóra Vinnumálastofnunar, á óvart hversu margir af þeim hópi sem hafði fullnýtt þriggja ára rétt sinn til atvinnuleysisbóta voru búnir að tryggja sér starf að nýju, þegar könnun var gerð á högum þeirra á vegum Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins. Hann telur vísbendingar um að allstór hópur hefði getað farið mun fyrr út á vinnumarkaðinn eða í skóla. Þá kunni einhver óskilgreindur hópur að hafa unnið svart og þegið bætur á sama tíma, og þannig viðhaldið starfsgetu sinni.



**GISSUR PÉTURSSON2**

Yfir 63% þeirra rúmlega þúsund einstaklinga sem svöruðu voru í fullu starfi, launamenn í hlutastarfi, í sjálfstæðum rekstri eða í námi.

Gissur segir niðurstöðurnar sanna að markmið vinnumarkaðsaðgerða Vinnumálastofnunar hafi gengið eftir. Fólk sé tilbúið þegar atvinna býðst. „Auðvitað kemur svo þessi viðbótarhvati. Það er ekki bara það að vinna er í boði – heldur er ekkert annað í boði. Það mætti þá segja í þessu ljósi að það sé gott að bótatímabilið sé ekki of langt, og tvö og hálft ár nægjanlegt," segir Gissur en jafnframt að hér verði að slá varnagla. Niðurstaðan varpi ljósi á atvinnuástandið; niðurstaðan hefði líklega verið allt önnur ef rannsóknin hefði verið gerð nokkru fyrr. Aðstæður til að stytta bótatímabilið nú hafi verið góðar í ljósi betra atvinnuástands.



**Í VINNU** Margt bendir til að stór hópur velji að vera á atvinnuleysisbótum í stað þess að fara út á vinnumarkaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spurður hvort rannsóknin sýni ekki svart á hvítu að margir hefðu getað fengið sér vinnu, eða farið í skóla miklu fyrr, eða á þeim þremur árum sem bótatímabilið spannaði, svarar Gissur að það megi til sanns vegar færa. Þó megi ekki gleyma því að á bak við tölurnar sé líka fólk sem á erfitt með að fóta sig og glímir við ýmisleg félagsleg vandamál.

Þegar áform um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga úr 36 mánuðum í 30 voru kynnt var því spáð að fólk sem missti atvinnuleysisbætur myndi flykkjast til sveitarfélaganna til að fá fjárhagsaðstoð í stað tapaðra bóta. Það kemur ekki fram í rannsókninni, og í raun þvert á móti.

„Þessi fjölgun sem hefur orðið hjá sveitarfélögunum er ekki að koma héðan. Það er kannski hin dökka hlið málsins að sú fjölgun sem er á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum er ekki síst í hópi ungs fólks, sem hefur ekki öðlast vinnureynslu til að fá rétt til atvinnuleysisbóta. Þar inni er auðvitað líka fólk sem á ekkert að vera á fjárhagsaðstoð, heldur í vinnu eða í námi, ef það fengi rétta aðstoð og stuðning," segir Gissur, sem játar því jafnframt að rannsóknin bendi til þess að óskilgreindur hópur er á atvinnuleysisskrá en er í svartri vinnu á sama tíma.

svavar@frettabladid.is

## Færri þurfa fjárhagsaðstoð en von var á

- Af þeim sem svöruðu voru 22% enn í atvinnuleit.
- 27,1% hefur fengið fjárhagsaðstoð frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.
- Alls fengu 9,9% greidda fjárhagsaðstoð frá hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar rannsóknin var gerð.
- 57,8% höfðu hafið þátttöku á vinnumarkaði að nýju þegar könnunin var gerð.
- Að auki höfðu 5,8% hafið nám.
- 1.021 svaraði, eða 66,6%.
- Rannsóknartímabilið náði frá ársbyrjun 2013 til haustsins 2014.


# Kynningarfundur um rammaáætlun

Verkefnisstjórn rammaáætlunar boðar til kynningarfundar um rammaáætlun þar sem farið verður yfir vinnuferlið, stöðu málsins og viðfangsefnin framundan.

**Fundurinn verður haldinn í sal Þjóðminjasafns Íslands í dag, fimmtudag 29. janúar 2015 kl. 14 – 15.**

Fundurinn er öllum opinn.

*Verkefnisstjórn rammaáætlunar*

Rammaáætlun


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 3° | New York | 1° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 3° | Orlando | 20° |
| Basel | 4° | Kaupmannahöfn | 3° | Ósló | 2° |
| Berlín | 3° | Las Palmas | 19° | París | 7° |
| Billund | 3° | London | 6° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 3° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 2° |




**Á MORGUN** 10-18 m/s A-til, annars hægari.




**LAUGARDAGUR** Hæg vestlæg eða breytileg átt.

**BJARTVIÐRI SYÐRA** Dregur úr vindi og ofankomu í kvöld en á morgun verður yfirleitt fremur hæg norðaustanátt en hvasst suðaustan til framan af. Á laugardag lítur út fyrir hægan vind um allt land og víða bjartviðri.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er nýr framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands?
**2.** Hvað er langt síðan rússneskir hermenn frelsuðu fangana í Auschwitz?
**3.** Hvert hefur hlutfall innlendrar framleiðslu á grænmeti verið af markaðnum undanfarin ár?

**SVÖR:**
**1.** Skarphéðinn Berg Steinarsson. **2.** 70 ár. **3.** 70 til 75 prósent.

Fjórir karlar og ein kona eru í Þjóðleikhúsráði þrátt fyrir að lög um jafna stöðu kynjanna taki fyrir það:

# Þjóðleikhúsráð uppfyllir ekki jafnréttislög

**SAMFÉLAGSMÁL** Þjóðleikhúsráð uppfyllir ekki lög um jafna stöðu karla og kvenna. Fjórir karlar eru í ráðinu en einungis ein kona. „Það stendur skýrt og greinilega í lögunum að öll ráð og nefndir á vegum hins opinbera skuli vera skipaðar þannig að það halli ekki á annað kynið,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra.

Eyþór Arnalds, nýskipaður formaður ráðsins, segir erfitt að framfylgja lögunum þegar fleiri en einn aðili skipa í ráðið. „Menn eiga hins vegar að hafa jafna stöðu kynjanna og jafnrétti í hávegum,“ segir hann.



**KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR**

Þjóðleikhúsráð er skipað fjórum körlum, Ragnari Kjartanssyni, Randveri Þorlákssyni, Agnari Jóni Egilssyni og Eyþóri Arnalds, formanni nefndarinnar. Herdís Þórðardóttir er eina konan í ráðinu.

Í lögum um jafna stöðu kynja frá árinu 2008 segir í 15. grein að gæta skuli þess að hlutfall kynja sé sem jafnast í ráðum, nefndum og stjórnum hins opinbera.

„Það er verkefni Jafnréttisstofu að hafa auga með skipunum hins opinbera. Við munum taka þetta mál upp og senda fyrirspurn varðandi þetta. Það má hins vegar benda á að þetta hefur ekki gerst hjá ríkinu í mörg ár að skipan í ráð og nefndir hafi brotið í bága við þessi lög,“ segir Kristín. - sa



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Fjórir karlar og ein kona skipa Þjóðleikhúsráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


PROMENNT




www.promennt.is

STYRKTU STÖÐU ÞÍNA
SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

EINSTAKT VERÐ

SKRIFSTOFUSKÓLINN

Mjög gagnleg og áhugaverð námsbraut sem gerir kröfur til nemenda. Námið hentar þeim sem hafa hug á frekari frama, vilja auka við kunnáttu sína eða mynda grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Námsbrautin er unnin í samvinnu við símenntunarmiðstöðina Framvegis og er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði, eða **46.000 kr.** í stað 199.000 kr. áður.

HELSTU VIÐFANGSEFNI:
- Kynning og námstækni með MindManager
- Sjálfsstyrking og samskipti
- Tölvu- og upplýsingaleikni
- Verslunarreikningur og bókhald
- Tölvubókhald
- Þjónusta og símsvörun
- Viðskiptaenska
- Tollskýrslugerð
- Verkefnadagar

Lengd: 264 std. • Verð: **46.000 kr.** í stað **199.000 kr.**
(styrkt af Fræðslusjóði) ATH. Uppselt er í morgunhópa. Örfá sæti laus í síðdegis- og kvöldhópa. Allt kennsluefni innifalið.

EQM VOTTUN – Gæðavottun fræðsluaðila
MICROSOFT VOTTUN – Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi
FJARKENNSLA Í BEINNI – Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni
DAG- OG KVÖLDNÁM – Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 150508

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is


# Biðin reynist erfiðust fyrir hælisleitendur

Hælisleitendur á Íslandi upplifa mikið vonleysi vegna iðjuleysis og slæmrar aðstöðu. Í nýrri rannsókn kemur fram að valdleysið yfir eigin lífi reynist þeim þungbært. Eiga erfitt með að hugsa til framtíðar þar sem þeir vita ekki hvað taki við.

**VELFERÐARMÁL** Hælisleitendum á Íslandi finnst erfiðast að bíða í óvissu og iðjuleysi eftir svörum um það hvort þeir fái landvistarleyfi hérlendis. Þetta kemur fram í meistararitgerð Lilju Ingvarsson iðjuþjálfa um heilsu og aðstæður hælisleitenda. Í rannsókninni talaði hún við sex hælisleitendur, allt karlmenn sem voru hér á landir einir. Þeir voru á aldrinum 23 til 38 ára, frá Íran, Írak og Afganistan og höfðu verið hér í 6 til 30 mánuði. Auk þess talaði hún við þrjá einstaklinga sem starfað höfðu með hælisleitendum til þess að fá dýpri innsýn í heim þeirra.

„Það voru fjögur meginþemu sem komu í ljós í rannsókninni sem lýstu reynslu hælisleitenda og búsetu, tækifærum til þátttöku, upplifun valdleysis og framtíðarsýn,“ segir Lilja.

Þátttakendur bjuggu ýmist á Fit hosteli í Reykjanesbæ, í íbúð á vegum Reykjanesbæjar eða í Reykjavík. Þeir sem bjuggu í Reykjavík höfðu það betra en þeir sem bjuggu í Reykjanesbæ. Aðstaðan á Fit hosteli var mjög slæm að þeirra sögn. Einn þeirra fór til að mynda aldrei í sturtu þar heldur fór frekar í sund þar sem aðstaðan á hostelinu var svo slæm. Einnig upplifðu þeir sig meira utanveltu í Reykjanesbæ þar sem þeim fannst þeir skera sig meira úr en í Reykjavík þar sem þeir féllu betur inn í fjöldann.

„Biðin reyndist þeim erfiðust,“ segir Lilja. Meðan á bið stendur fá hælisleitendur ekki atvinnuleyfi og segir Lilja að iðjuleysið reynist þeim einnig mjög erfitt.

„Þeir töluðu allir um það að þeir hefðu ekkert að gera. Þeir vildu vinna og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Þeim fannst þetta taka allt of langan tíma og töluðu um hvað það væri dýrt fyrir íslenskt samfélag að þeir mættu ekki vinna. Þeir reyndu samt að drepa tímann á ýmsan hátt, fóru í sund og voru í tvo til þrjá tíma, fóru í langa göngutúra og elduðu mat sem tók langan tíma að útbúa. En það var ekki iðja sem var þeim mikilvæg, þeir vildu koma að gagni,“ segir hún.



**VONLEYSI** Hælisleitendurnir sem rætt var við í rannsókninni upplifðu mikið vonleysi og valdleysi yfir eigin lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er þeim einnig þungbært að hafa ekki stjórn á eigin lífi. „Þeir töluðu um að þetta væri ekkert líf. Þeim fannst tíminn líða frá sér og upplifðu mikið valdleysi. Þeim fannst erfitt að vera þiggjendur á húsnæði, fæði og vasapeninga.“

Hælisleitendurnir áttu einnig erfitt með að hugsa til framtíðar þar sem þeir vissu ekki hvað tæki við og hvort þeir fengju að vera á Íslandi. „Þeir óskuðu sér allir að samlagast íslensku samfélagi. Þeir vildu læra íslensku en höfðu efasemdir um gagnsemi þess ef þeir yrðu sendir úr landi. Einn þeirra sagði við mig að hann ætti sér engan draum núna því hann vissi ekki hvað framtíðin bæri í skauti sér, 23 ára gamall.“ Niðurstöður rannsóknar Lilju eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna á sömu málefnum. Hún segir mikilvægt að stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna til að koma í veg fyrir heilsuspillandi áhrif af völdum langrar biðar í óvissu. Einnig þurfi að gefa gaum að búsetuformi og stuðla að tækifærum til þátttöku í iðju við hæfi, meðal annars atvinnu.

viktoria@frettabladid.is



**Þeir töluðu allir um það að þeir hefðu ekkert að gera. Þeir vildu vinna og leggja sitt af mörkum til samfélagsins.**

*Lilja Ingvarsson, iðjuþjálfi*

Þýska PEGIDA-hreyfingin missir fleiri úr röðum forystumanna sinna:

# Bachmann reynir að stjórna

**ÞÝSKALAND** Kathrin Oertel hefur látið af forystu í þýsku PEGIDA-hreyfingunni, sem síðan í október hefur staðið fyrir fjöldamótmælum gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“.

Fyrir stuttu tók hún við forystunni af Lutz Bachmann, sem hætti eftir að mynd birtist af honum þar sem hann sést líkja eftir útliti Hitlers.

Fleiri forystumenn hafa hætt á síðustu dögum, en ástæðan er sögð vera sú að Bachmann hafi áfram reynt að hafa áhrif á störf og stefnu samtakanna þrátt fyrir að vera hættur.

Þýska vikuritið Stern skýrir frá þessu.

Þá hefur þýska dagblaðið Die Welt skýrt frá því að bandarísk stjórnvöld hafi varað ríkisborgara sína við því að hætta geti stafað af mótmælafundum PEGIDA-hreyfingarinnar.

Til átaka geti komið, ekki síst ef andstæðingar hreyfingarinnar efna líka til mótmæla á sama stað og sama tíma eins og gerst hefur nokkrum sinnum undanfarnar vikur. - gb



**BÆÐI HÆTT** Kathrin Oertel hætti líka, eftir að Lutz Bachmann reyndi áfram að hafa áhrif á störf PEGIDA. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÚTSALA

## ALLAR

## ÚTSÖLUVÖRUR Í FATNAÐI OG SKÓM MEÐ

# 70%

## AFSLÆTTI

## ÓTRÚLEG VERÐ

| upphaflegt verð (eftir vsk. breytingu) | verð með 70% afslætti |
|---|---|
| ~~979~~ | 294 |
| ~~1.969~~ | 591 |
| ~~2.469~~ | 741 |
| ~~2.959~~ | 888 |
| ~~3.449~~ | 1.035 |

| upphaflegt verð (eftir vsk. breytingu) | verð með 70% afslætti |
|---|---|
| ~~3.949~~ | 1.185 |
| ~~4.939~~ | 1.482 |
| ~~5.919~~ | 1.776 |
| ~~6.909~~ | 2.073 |
| ~~7.899~~ | 2.370 |

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Fórnarlömb mansals sögðu ekki frá gerendum vegna hræðslu

Í Kristínarhúsi dvöldu á rúmum tveimur árum 15 konur af erlendu bergi brotnar sem voru mansalsfórnarlömb. Konurnar komu úr ömurlegum aðstæðum þar sem þær höfðu upplifað mikinn hrylling. Flestar þeirra voru sendar hingað til lands til þess að stunda vændi.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Kristínarhús var rekið sem tilraunaverkefni til tveggja ára fyrir fórnarlömb mansals og vændis. Úrræðinu var ekki haldið áfram að tilraunatímanum loknum og var lokað í byrjun árs 2014.

Þórunn Þórarinsdóttir vann í Kristínarhúsi og sá um athvarfið hluta tímans. Á þeim tíma sem athvarfið var rekið dvöldu þar 27 konur. 15 erlendar og 12 íslenskar auk nokkurra barna. Þrátt fyrir að Kristínarhúsi hafi verið lokað tekur Kvennaathvarfið enn við fórnarlömbum mansals og vændis til dvalar.

„Nánast allar konurnar voru fórnarlömb mansals. Mansal er að selja fólk, þannig að þó að þær séu íslenskar þá voru þær líka í einhverjum tilvikum fórnarlömb mansals. En þær útlensku voru það allar," segir Þórunn.

## Barðar og kúgaðar

Hún segir konurnar sem komu hingað til lands flestar hafa átt það sameiginlegt að koma úr ömurlegum aðstæðum þar sem þær hafi verið seldar milli landa, neyddar í vændi, barðar og kúgaðar. „Þær komu mjög margar til landsins með fölsuð skilríki eða engin skilríki. Við vitum ekki alveg með hvaða hætti eða hver borgaði fyrir þær," segir hún. „Langflestar þessara kvenna komu úr miklum hryllingi. Það var búið að selja þær hingað og þangað, manna og landa á milli. Bara eins og þessi mansalshryllingur er, það er einhver sem kaupir þær og selur þær svo aftur. Þær eru svo að vinna upp í skuldir fyrir þann sem seldi þær, skuldin klárast aldrei og svo eru þær seldar aftur þar sem þær byrja aftur að borga skuld. Þær eru bara fangar. Ef þær skila ekki inn ákveðnum peningum í lok dagsins sem melludólgurinn er búinn að ákveða þá eru þær bara barðar. Ef þeir halda að þær séu að svindla þá eru þær mjög oft beittar grófu líkamlegu ofbeldi, jafnvel kynferðisofbeldi af dólgunum. Ofbeldið getur verið ýmsar limlestingar, beinbrot eða jafnvel er verið að brenna þær og skera. Þær liggja undir mörgum körlum á dag og verða fyrir alls konar svívirðu í þeim aðstæðum. Þetta er bara nútímaþrælahald og ekkert annað."

Þórunn segir að erfitt hafi verið að öðlast traust erlendu kvennanna. Vegna hræðslu hafi þær ekki viljað segja til þeirra sem seldu þær eða sendu til landsins. „Þær voru svo hræddar að þær þorðu ekki að segja neitt."

## Of hræddar til að segja frá

Hún segir menningarmuninn líka hafa spilað þar inn í. „Það er mikið um það hjá þessum konum, sem voru frá Nígeríu til dæmis, að þær voru látnar sverja eið. Þá er galdralæknir sem heldur athöfn og þeim er sagt að ef þær rjúfi eiðinn og segi frá verði þær geðveikar eða einhver náinn þeim deyi. Þær trúa þessu."

Flestar erlendu konurnar sem dvöldu í Kristínarhúsi komu þangað í gegnum lögreglu eða félagsmálayfirvöld. Þær höfðu því fæstar starfað hér á landi en komu hingað til þess á vegum einhverra aðila sem þær sögðu ekki frá. „Við vissum a það hlyti að vera einhvers konar batterí í gangi – úti og hér, einhver samvinna, af hverju væru þær annars að koma hingað? En það þýddi ekki að spyrja þær, þær voru of hræddar til að svara."

## Nútímaþrælahald

Þórunn segir mansal tengt vændi hafa þekkst hér um árabil. „Það var bullandi vændi í kringum þessa dansstaði frá upphafi," segir hún og vísar þar til íslenskra nektardansstaða. „Það var allt vitlaust þegar við vorum að tala um þetta í kringum 2000. Viðbrögðin voru eins og við værum að búa þetta til en við höfðum okkar upplýsingar innan af dansstöðunum. Það var komið með konur til okkar sem sögðu okkur frá. Þarna var líka um að ræða nútímaþrælahald. Þær voru keyrðar á milli staða og látnar dansa og svo keyrðar aftur heim. Þær voru ekki frjálsar."

## Úrræði skortir

Þórunn segir Kristínarhús hafa verið lærdómsríkt verkefni en það sé þó ljóst að ákveðið úrræðaleysi ríki í málefnum mansalsfórnarlamba. Stjórnvöld samþykktu aðgerðaráætlun gegn mansali árið 2013 sem á að ná til ársins 2016 en það skorti fjármagn til þess að fylgja henni eftir. „Mörgum mánuðum áður en að við lokuðum Kristínarhúsi létum við stjórnvöld vita að það yrði að gera eitthvað. Við í Stígamótum höfum boðið innanríkisráðherra og velferðarráðherra í heimsókn til okkar út af þessu. Einnig þingmönnum og borgarfulltrúum allra flokkanna til þess að ýta á úrbætur. Það er ekki nóg að hafa þetta flott á pappír, það verður að fylgja því eitthvað eftir. Þetta er á ábyrgð stjórnvalda. Það er hægt að skrifa alls konar fína pappíra en ef það fylgir því ekki fjármagn þá gerist ekki neitt. Ef fórnarlömb þurfa athvarf þá er farið með þau í Kvennaathvarfið en það er stjórnvalda að móta ákveðna stefnu um hvernig þetta eigi að vera."



**ÖMURLEGAR AÐSTÆÐUR** Erlendu konurnar sem dvöldu í Kristínarhúsi höfðu flestar lifað við mikinn hrylling þar sem þær voru sendar milli landa og seldar manna á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



> **Ofbeldið getur verið ýmsar limlestingar, beinbrot eða jafnvel er verið að brenna þær og skera.**
>
> *Þórunn Þórarinsdóttir*

## FYRSTA ÁKÆRA FYRIR MANSAL




Catalina Mikue Ncogo var fyrst á Íslandi til þess að vera ákærð fyrir mansal. Hún var hins vegar sýknuð af þeim ákærulið. Catalina fékk fangelsisdóm fyrir hórmang og fleiri brot. Hún rak vændishús við hlið lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu þar sem margar konur störfuðu. Catalina sagði fyrir dómi að hún hefði ekki neytt neina konu til þess að stunda vændi. Nokkrar þeirra kvenna sem störfuðu hjá henni sögðu hins vegar að hún hefði tekið af þeim vegabréf, beitt þær ofbeldi og annarri nauðung.

Þrátt fyrir að bara hafi verið dæmt í einu mansalsmáli hérlendis þá hefur verið ákært fyrir mansal í nokkrum málum en þau hafa endað með sýknu í þeim ákærulið sem snýr að mansali.



**FRÁ RÉTTARHÖLDUM** Fimm menn voru dæmdir fyrir mansal á litháískri stúlku.

## MANSALSMÁLIÐ 2009

Dómar í fyrsta og eina málinu sem dæmt hefur verið í fyrir mansal féllu í Hæstarétti árið 2010. Fimm Litháar voru dæmdir í fangelsi fyrir mansal. Þeir voru dæmdir fyrir að taka við 19 ára stúlku, flytja hana og hýsa, í því skyni að notfæra sér hana kynferðislega. Málið var gríðarlega flókið í rannsókn og teygði anga sína víða.

Málið hófst á þann veg að stúlkan trylltist um borð í flugvél á leið til landsins. Lögregla tók við henni í Leifsstöð og við nánari athugun kom í ljós að til stóð að flytja konuna nauðuga til landsins þar sem hún átti að stunda vændi. Hún var með fölsuð skilríki og fékk fyrst að vita á flugvellinum í Varsjá að ferðinni væri heitið til Íslands.

Við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að í september 2008 hafði konan horfið frá fjölskyldu sinni og verið vistuð í íbúð í Litháen þar sem henni var haldið nauðugri í áfengis- og vímuefnaneyslu, seld í vændi og barin til hlýðni. Hún var í íbúðinni fram í janúar 2009 en þá var hún flutt í hús úti í skógi. Þar var henni haldið nauðugri ásamt fleiri stúlkum og seld í vændi. Lögreglan í Litháen fann hana þar í febrúar sama ár. Hún fór þá til systur sinnar en nokkrum mánuðum síðar var hún aftur komin á vald mannanna sem höfðu selt hana áður og var haldið fanginni í sömu íbúð. Um haustið 2009 vingaðist við hana maður, sem hún kallaði Thomas, og bauðst hann til að senda hana til Íslands þar sem vinir hans myndu taka á móti henni og útvega henni vinnu. Hún taldi Thomas ekki hafa neitt illt í huga og taldi hann vera vin sinn. Hann lét klippa og lita á henni hárið, útvegaði henni fölsuð skilríki og farmiða til Íslands.

Í dómi Hæstaréttar segir að mennirnir hafi unnið saman að því að svipta unga konu, sem mátti sín lítils, frelsi til að ráða ferðum sínum og dvalarstað í þeim tilgangi að láta hana leggja stund á vændi hér á landi. Þessi háttsemi hafi greinilega verið þaulskipulögð með einbeittum ásetningi í samstarfi við brotamenn erlendis.

ÍSTAK Ísland ehf. til sölu

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans auglýsir Ístak Ísland ehf., eitt öflugasta verktakafyrirtæki landsins, til sölu. ÍSTAK Ísland ehf. er dótturfélag Ístaks og byggir starfsemi sína á 45 ára reynslu á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Félagið sérhæfir sig í verktöku á sviði virkjana, jarðganga, hafnarmannvirkja, stærri iðnaðarmannvirkja og stálsmíði og er einn fárra innlendra valkosta þegar kemur að framkvæmdum og þjónustu við virkjanir og stóriðju.

Áhugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband með tölvupósti á netfangið istak@landsbankinn.is fyrir 12. febrúar 2015 og fá í framhaldinu senda stutta sölukynningu og frekari upplýsingar um söluferlið.

Stjórn Ístaks hf.

ÍSTAK

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Lagersala 28. jan.–1. feb.

NORÐUR

# Allt að 80% afsláttur

### Börn



**Magni** hettupeysa
~~10.800 kr.~~ **4.000 kr.**

### Dömur



**Vatnajökull** dúnkápa
~~49.000 kr.~~ **20.000 kr.**

### Herrar



**Kjölur** Primaloft skyrta
~~16.500 kr.~~ **3.500 kr.**

### Aukahlutir



**Vík** vindheldir hanskar
~~7.800 kr.~~ **3.000 kr.**

### Börn



**Sif** hettupeysa
~~9.400 kr.~~ **3.000 kr.**

### Dömur



**Vatnajökull** Primaloft jakki
~~54.000 kr.~~ **25.000 kr.**

### Herrar



**Vatnajökull** Primaloft jakki
~~54.000 kr.~~ **25.000 kr.**

### Aukahlutir



**Viðey** trefill
~~9.900 kr.~~ **4.000 kr.**

### Ungabörn



**Kría** peysa
~~6.500 kr.~~
**3.000 kr.**

**Kría** buxur
~~5.900 kr.~~
**2.000 kr.**

### Dömur



**Kjölur** flíspeysa
~~12.500kr.~~ **3.000 kr.**

### Herrar



**Vík** hettupeysa
~~23.500 kr.~~ **10.000 kr.**

### Aukahlutir ungabörn



**Kría** lambhúshetta
~~2.000 kr.~~ **1.000 kr.**

### Ungabörn



**Kría** heilgalli
~~8.400 kr.~~ **4.500 kr.**

### Dömur



**Eyjafjallajökull** hálfrennd peysa
~~14.900 kr.~~ **5.000 kr.**

### Herrar



**Esja** buxur
~~19.000 kr.~~ **6.500 kr.**

### Aukahlutir börn



**Óðinn** eyrnaband
~~1.900 kr.~~ **800 kr.**

**Útsölumarkaður Faxafen 12** | 108 Reykjavík — Opnunartími: mið.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
**Skipagata 9** | 600 Akureyri — Opnunartími: mið.-fös. 9-18 | lau. 10-18 | sun. 12-18
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: mið.-fös. 11-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16

Sigurvegari grísku kosninganna kallar eftir uppstokkun kerfisins, en án átaka við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn:

# Tsipras vill sanngjarna samninga við lánardrottna

**GRIKKLAND** „Við komum inn til þess að gera róttækar breytingar á því hvernig stefnumótun og stjórnsýslu er háttað í þessu landi,“ sagði Alexis Tsipras á fyrsta ríkisstjórnarfundi sínum í gær.

Hann segist ætla að standa við kosningaloforðin um að draga verulega úr lamandi niðurskurði og knýja fram miklar breytingar á samningum við Evrópusambandið (ESB) og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) um niðurgreiðslu skuldasúpunnar ógurlegu.

Í gær sagðist hann þó ætla að forðast átök við þessa lánardrottna, heldur fara frekar samningaleiðina. „Forgangsmál okkar er að ná nýjum samningum við samstarfsaðila okkar, reyna að komast að sanngjarnri, raunhæfri og hagkvæmri lausn fyrir báða þannig að landið komist út úr vítahring óhóflegra skulda og kreppu,“ sagði hann á ríkisstjórnarfundinum, samkvæmt frásögn Reuters-fréttastofunnar.

Janis Varúfakis, fjármálaráðherra nýju stjórnarinnar, segir samkomulagið við ESB, Evrópska seðlabankann og AGS hafa verið „eitruð mistök“, en stjórnin sé staðráðin í að breyta því hvernig tekist er á við kreppuna.

SYRIZA, vinstriflokkur Tsipras, vann stórsigur og hlaut 149 þingsæti á 300 manna þjóðþingi Grikklands. Strax daginn eftir tókst Tsipras að semja um stjórnarmyndun við lítinn flokk hægriþjóðernissinna.

Ekki leið þó á löngu áður en Tsipras lenti upp á kant við ESB. Á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins í Brussel í gær var samþykkt yfirlýsing, þar sem rússnesk stjórnvöld eru sögð bera ábyrgð á harðnandi átökum í austanverðri Úkraínu. Öll aðildarríki ESB stóðu að yfirlýsingunni, nema Grikkland þar sem nýja stjórnin var ósátt.

Afstöðu Grikkja má rekja til þess að Tsipras hyggst leita til Rússlands eftir stuðningi í komandi átökum við ESB, sem þó eiga að sögn Tsipras ekki að verða nein átök heldur samningaviðræður um gerbreytta skilmála.

- gb



**NÝ STJÓRN** Panos Kammenos varnarmálaráðherra, Gianni Dragasakis aðstoðarforsætisráðherra og Alexis Tsipras forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




PÓSTURINN

**PÓSTURINN BÝÐUR Á**
MORGUNVERÐARFUND
UM NETVERSLUN

5. febrúar kl. 9 -11 í aðalskrifstofum Póstsins, Stórhöfða 29.

Á fundinum verður farið yfir hvernig hægt er að stofna netverslun með einföldum hætti, koma henni á framfæri og önnur tengd efni eins og hvernig tollamál virka og fleira.

Fundurinn hentar vel einstaklingum sem hyggjast stofna netverslun og fyrirtækjum sem hafa velt fyrir sér að setja upp netverslun en ekki tekið skrefið til fulls.

**Fyrirlestrar**

Hvernig er hægt að stofna vefverslun með einföldum hætti?
Garðar H. Eyjólfsson, smartmedia.is

Hvernig á að koma vefverslunum á framfæri?
Sigrún Ásta Einarsdóttir, Hvíta húsið

Hinir ýmsu afhendingarmöguleikar
Elvar Bjarki Helgason, Pósturinn

Útflutningur – Einfalt mál?
Halla Garðarsdóttir, Pósturinn

Hvernig á að selja á Ebay? – Reynslusaga
Gylfi Gylfason, Símabær

Skráning á irisa@postur.is



**VALLAKÓR 6** Knattspyrnuakademían ætlaði að reisa íþróttahótel og fleira á Vallakór 6. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fótboltamenn seldu lóð sína í Kórahverfi

Knattspyrnuakademía Íslands fékk að breyta atvinnulóð í lóð undir blokk með 72 íbúðum. Árið 2006 voru greiddar 176 milljónir fyrir lóðina og nú 80 milljónir fyrir breytinguna. Lóðin var seld á 395 milljónir miðað við áhvílandi skuldabréf í afsali.

**FASTEIGNIR** Bæjaryfirvöld í Kópavogi heimiluðu breytingar á skipulagi á lóðinni Vallakór 6 þannig að reisa má þar íbúðarhúsnæði í stað atvinnuhúsnæðis. Um leið seldi Knattspyrnuakademía Íslands lóðina til verktakans SS-húss.

Knattspyrnuakademían fékk lóðina úthlutaða 2006 ásamt samliggjandi lóð þar sem félagið byggði íþróttahús fyrir starfsemi sína. Vallakór 6 var skilgreind sem atvinnu- og íbúðalóð.

Eftir hrunið keypti Kópavogsbær íþróttahúsið enda var það metið hagstæðara fyrir bæinn en að halda áfram að leigja aðstöðuna þar. Skilyrði var að Knattspyrnuakademían myndi ekki skila inn lóðinni og fá hana endurgreidda. Fyrir byggingarréttinn á lóðinni hafði félagið borgað ríflega 176 milljónir króna og hefur auk þess borið af henni lóðarleigu og fasteignagjöld.

Samkvæmt reglum bæjarins er honum heimilt að leysa til sín úthlutaðar lóðir ef framkvæmdir á þeim eru ekki hafnar innan tólf mánaða. Þrátt fyrir þetta og þótt félagið hafi glímt við rekstrarerfiðleika hefur Knattspyrnuakademían haldið lóðinni allar götur síðan.

„Eftir hrunið þurftum við að greiða út lóðir fyrir 15 milljarða og bærinn var því mjög feginn ef aðilar skiluðu ekki inn lóðum,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. Það hafi heldur ekki komið til greina að bærinn leysti til sín lóðina og auglýsti til úthlutunar þótt leyfa ætti byggingu íbúða á lóðinni og breyta þannig eðli hennar.

„Það hefði verið alger undantekning og menn hefðu ekki gætt meðalhófs og jafnræðis ef þeir hefðu tekið lóðina af þessum aðilum. Þegar við viljum ekki fá lóðina er ekki forsvaranlegt að rífa hana af þeim þegar aðeins fer að glæðast á markaðinum,“ útskýrir bæjarstjórinn.

SS-hús er þessa dagana að selja félaginu LFC-invest lóðina og hefur bæjaráð samþykkt framsal hennar. Kaupverð í viðskiptunum hefur ekki verið gefið upp en samkvæmt afsali þegar SS-hús keypti af Knattspyrnuakademíunni var veð tekið í lóðinni vegna bankabréfs upp á 395 milljónir króna sem sagt er að SS-hús hafi stofnað til vegna kaupanna.

„Við erum sáttir við þessi málalok,“ segir Guðni Bergsson, einn fimm hluthafa Knattspyrnuakademíunnar, aðspurður hvernig félagið komi fjárhagslega út úr lóðamálinu. „Starf okkar heldur áfram, bæði með námskeiðahaldi og skólastarfi með Fjölbrautaskóla Suðurlands og það er það sem stendur upp úr.“



**„Þegar við viljum ekki fá lóðina er ekki forsvaranlegt að rífa hana af þeim þegar aðeins fer að glæðast á markaðinum.**

*Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi*

Meðeigendur Guðna í Knattspyrnuakademíunni eru Ásgeir Sigurvinsson, Logi Ólafsson og feðgarnir Arnór og Eiður Smári Guðjohnsen.

Ármann segir þessi viðskipti jákvæð fyrir Kópavogsbæ sem vilji uppbyggingu á staðnum. Fjármögnun hennar hafi verið tryggð.

„Það er búið að vinna allar teikningar og þeir vilja fara að grafa sem fyrst. Það er talað um að það vanti minni íbúðir á markaðnum og þarna erum við með frekar litlar íbúðir innan um skóla, leikskóla, stærstu íþróttamannvirki bæjarins og ekki langt í sundlaug, golfvöll og reiðhöll. Við erum að ná því markmiði okkar að þarna verði byggt og þarna komi nýir íbúar,“ segir bæjarstjórinn í Kópavogi.

gar@frettabladid.is




20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?
Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




**INNANDYRA HJÁ SJÁVARKLASANUM** Starfsemi fyrirtækjanna í Sjávarklasanum er eins fjölbreytt og þau eru mörg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjávarklasinn hýsir á endanum fimmtíu félög:

## Þriðja stækkunin á húsnæðinu

**NÝSKÖPUN Íslenski sjávarklasinn er nú að ljúka þriðju stækkun Húss sjávarklasans, en að henni lokinni verða þar undir þaki 50 fyrirtæki.**

**Svo mynd sé gefin af starfseminni er um að ræða fjölda nýsköpunarfyrirtækja sem sinna fullvinnslu afurða og markaðssetningu þeirra. Fyrirtækin þróa og selja sjávarsalt, fæðubótarefni úr þorskroði, niðursoðna þorsklifur, sinna veiðum og vöruþróun á vannýttum tegundum, selja kaldpressað þorskalýsi, þróa nýja tegund harðfisks, vinna að markaðssetningu íslensks sjávarfangs í Kína og fleira.** - shá

Þurfa lög um aukið eftirlit:

## Finnar vilja njósna á netinu

**FINNLAND** Finnar vilja í framtíðinni geta stundað njósnir erlendis og á netinu. Engin lög eru til um slíka starfsemi í Finnlandi. Bæði opinberar stofnanir og einkafyrirtæki í Finnlandi hafa orðið fyrir netárásum.

Lars Wirzenius, varaformaður samtaka borgaranna um persónuvernd, segir í viðtali á vef Hufvudstadsbladet að vafasamt sé hvernig koma megi í veg fyrir slíkar árásir með auknu eftirliti á netinu. Hægt sé að skipuleggja árásirnar í leyni. Best sé að verja fé til að auka öryggi við tölvunotkun. - ibs

Vilja fylgja dæmi Noregs:

## Tillaga um bann við betli

**SVÍÞJÓÐ** Pólitískur meirihluti er fylgjandi almennu banni við betli í Noregi en nú geta sveitarfélög ákveðið sjálf hvort þau banna betl.

Nokkrir þingmenn sænska hægriflokksins hafa lagt til að betl verði bannað í Svíþjóð. Forysta flokksins styður ekki slíkar hugmyndir.

Þingmaðurinn Jan Ericson óttast að fleiri betlarar leiti til Svíþjóðar fylgi Noregur fordæmi Danmerkur og nokkurra annarra Evrópusambandslanda og banni betl. - ibs

# Upplýsingum um flugfarþega safnað

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill að ítarlegum upplýsingum verði safnað um alla flugfarþega og þær upplýsingar verði geymdar í fimm ár. Þetta á að vera liður í hryðjuverkavörnum aðildarríkjanna. Tillögurnar sæta gagnrýni.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Áform framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að safna og geyma í fimm ár ítarlegar upplýsingar um flugfarþega hafa sætt gagnrýni fyrir að taka lítið tillit til sjónarmiða persónuverndar.

Hugmyndin er sú að um hvern einasta flugfarþega verði skráðar upplýsingar í 42 liðum. Þar á meðal er nafn, heimilisfang, vegabréfsnúmer, greiðslumáti, upplýsingar um farangur og óskir um fæðuval í flugi, svo fátt eitt sé nefnt. Þessar upplýsingar verði dulkóðaðar eftir sjö daga, en síðan geymdar í miðlægum gagnagrunni í fimm ár til þess að lögregla og önnur yfirvöld öryggismála geti fengið aðgang að þeim.

Breska dagblaðið The Guardian skýrði frá þessum áformum í gærmorgun, en framkvæmdastjórnin hugðist svo kynna þau innan tíðar.

„Það er augljóst brot á grundvallarréttindum að safna á einu bretti upplýsingum um alla farþega,“ hefur The Guardian eftir Jan Philipp Albrecht, sem er varaformaður borgararéttindanefndar Evrópuþingsins. Hann segir þessa stórtæku upplýsingasöfnun hvort eð er ekki hafa mikið gildi, heldur sé hún fyrst og fremst sýndaraðgerð á kostnað réttinda almennings auk þess sem hún dragi í reynd úr öryggi fólks.

„Í staðinn fyrir heildarsöfnun farþegaskráninga, þá þurfum við að fylgjast með einstaklingum, sem grunur fellur á, og flugferðum, sem áhættusamar geta talist,“ segir hann.

Upphaflega koma þessar hugmyndir frá innanríkisráðherrum Evrópusambandsins, en þær mættu töluverði andstöðu á Evrópuþinginu. Fyrir tveimur árum voru þessi áform því lögð á hilluna, en tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru sagðar málamiðlun sem hægt væri að ná samstöðu um.

The Guardian segir að þessi málamiðlun hafi náðst þegar innanríkisráðherrar Evrópusambandsins hittust í París, daginn sem fjölmenn samstöðuganga var haldin í tilefni af morðunum á ritstjórn skoptímaritsins Charlie Hebdo og víðar í París.

Þar hafi breski innanríkisráðherrann Theresa May, en hún hefur talað einna ákafast fyrir þessum áformum, fallist á að nú sé helsta forgangsatriðið að afla meiri stuðnings við þau innan Evrópuþingsins.



**FLUGFARÞEGAR** Ítarlegum upplýsingum verður safnað í miðlægan gagnagrunn, nái tillagan fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> **Það er augljóst brot á grundvallarréttindum að safna á einu bretti upplýsingum um alla farþega […] Í staðinn fyrir heildarsöfnun farþegaskráninga, þá þurfum við að fylgjast með einstaklingum, sem grunur fellur á, og flugferðum, sem áhættusamar geta talist.**
>
> *Jan Philipp Albrecht, varaformaður borgararéttindanefndar Evrópuþingsins.*

gudsteinn@frettabladid.is






**KÖTTUR Í ÖSKJUHLÍÐ** Villikettir éta það sem til fellur. Hér er kanína í Öskjuhlíðinni á matseðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslenskt samfélag sagt líta fram hjá vanda villikatta:

## Vilja gelda villiketti í stað þess að aflífa þá

**DÝR** Félagið Villikettir vill láta gelda villiketti og sleppa þeim svo aftur til að halda fjölda þeirra í skefjum.

„Oft er sagt að hægt sé að dæma þjóðfélag eftir því hvernig það kemur fram við þá sem minna mega sín. Lengi hefur íslenskt samfélag litið fram hjá vandamálum villikatta, eða litið á þá sem plágu,“ segir í erindi Villikatta til Hafnarfjarðarbæjar.

Félagið segir þá aðferðafræði að veiða villiketti, gelda þá og sleppa aftur vera mannúðlega leið til að takast á við villikattastofna án þess að aflífa kettina.

„Þá eru mörg búr sett samtímis út á svæðin þar sem þeir hafast við, dýrin eru fönguð, gelt og sleppt aftur á svæðið ef ekki er um kettlinga eða mjög særð dýr að ræða. Þessar aðferðir hafa gefist sérlega vel í öðrum löndum. Við munum svo sjá til þess að skjól sé á svæðinu og sjálfboðaliðar séu til staðar sem fylgjast með matargjöfum,“ segja Villikettir sem fullyrða að mannfólkið njóti kosta af tilveru villikatta.

„Þeir veiða mýs og halda aftur af ágangi rotta og máva. Það hefur einnig verið sýnt fram á að það að sleppa villiköttum frekar en að aflífa er langtímalausn því að þeir halda svæðunum sínum sjálfir og hindra þar með aðra ógelta ketti í að festa sér búsetu á þessum svæðum þar sem æti og skjól er að finna og fjölga sér þar.“ - gar

DrBRAGI®

# OFUREINFALT OG ÁHRIFARÍKT

## Augnkrem, serum og rakakrem allt í senn




**ÍSLENSKT HUGVIT, FRAMLEIÐSLA OG INNIHALDSEFNI**

DrBRAGI vörurnar, sem innihalda sjávarensím, hámarka starfsemi húðfrumna og með reglulegri notkun hjálpa húðinni að vera eins heilbrigð og falleg og kostur er. Sjávarensím hindra að kollagenið, og þar með teygjanleiki húðarinnar, minnki með aldrinum. Þannig verður hún bæði stinnari, áferðafallegri og unglegri.

**20% kynningarafsláttur af DrBraga rakakreminu dagana**

**29. janúar - 4. febrúar.**

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



Markhönnun ehf
nettó
Kræsingar & kostakjör
VERÐ SPRENGJA
-44%
KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR 700G
986
ÁÐUR 1.761 KR/PK
KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ
1.798
ÁÐUR 1.998 KR/KG
FRÁBÆRIR Í SÓSUNA EÐA PLOKKFISKINN
-20%
ÞORSKBITAR
MATREIÐSLUFISKUR
798
ÁÐUR 998 KR/KG
-30%
GRÍSAPOTTRÉTTUR
Í SVEPPASÓSU
1.378
ÁÐUR 1.969 KR/KG
-40%
GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS
779
ÁÐUR 1.298 KR/KG
-50%
GRÍSAKJÖTFARS
400G - STJÖRNUGRÍS
149
ÁÐUR 298 KR/PK
900 ml VANILLA
900 ml STRAWBERRY
900 ml CHOCOLATE
ÍS
3 TEG
359
ÁÐUR 399 KR/KG
Tilboðin gilda 29. jan. -1. feb. 2014
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



















# heilsu & lífsstílsdagar

**Heilsudögum lýkur 1. febrúar**

**Gerið góð kaup!**

ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
AF LÍFSSTÍLS & HEILSUVÖRUM




www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**BRJÓSTAGJÖF** Lykilatriði er að ungbörn fái brjóstamjólk samhliða kynningu á fastri fæðu. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsókn byltir ráðgjöf:

## Föst fæða með brjóstagjöfinni

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri næringarstofu Landspítalans og prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, segist taka undir nýjar kenningar um að gefa eigi börnum fasta fæðu á borð við fisk og egg samhliða brjóstamjólk til að draga úr líkum á fæðuofnæmi.

„Þetta eru nýjar rannsóknir sem ekki hafa enn ratað inn í breyttar ráðleggingar um mataræði ungbarna. Mikilvægustu skilaboð þessara rannsókna felast í því að nýjar fæðutegundir séu kynntar til sögunnar meðan barnið er enn á brjósti. En það er hins vegar ekki ljóst í þessum rannsóknum hvort betra sé að hefja gjöf fastrar fæðu þegar barn er fjögurra mánaða heldur en þegar það er sex mánaða. Lykilatriðið er að barnið sé á brjósti samhliða kynningunni.“

Ingibjörg segir að til að konur geti fylgt þeim ráðleggingum sem gefnar eru um næringu á þessu aldurskeiði sé rétt að íhuga lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði. Þá gefist fleiri konum möguleiki á að vera með börn á brjósti meðan kynning nýrra fæðutegunda á sér stað. - ibs

# Hvetja til meiri neyslu ávaxta og grænmetis í föstu formi

**Nýjar rannsóknir benda til að safi án trefja geti haft sambærileg áhrif á sykurefnaskipti og gosdrykkir. Rannsaka á hvort það skipti máli að borða maukaða ávexti eða heila, að sögn Ingibjargar Gunnarsdóttur prófessors.**

Í endurskoðuðum ráðleggingum Embættis landlæknis um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri eru breyttar áherslur. Lögð er rík áhersla á mataræðið í heild sinni og á mat úr jurtaríkinu sem er trefjaríkur frá náttúrunnar hendi svo sem á grænmeti, ávexti, ber, heilkornavörur, baunir, linsur, hnetur og fræ. Meiri áhersla er á gæði fitu og kolvetna en magn.

Eins og áður er ráðlagt að borðaðir séu 5 skammtar af grænmeti og ávöxtum á dag eða minnst 500 grömm samtals. Safi telst nú ekki með sem skammtur.

Að sögn Ingibjargar Gunnarsdóttur, deildarstjóra næringarstofu á Landspítala og prófessors í næringarfræði við Háskóla Íslands, hafa ráðleggingarnar verið að þróast.

„Fyrst þegar fæðutengdu ráðleggingarnar voru gefnar út töldust kartöflur til grænmetis. Það var í raun og veru gert af því að við vorum svo langt frá markmiðum um neyslu á grænmeti. Í næstu útgáfu ráðlegginganna var lögð áhersla á að auka enn vægi grænmetis og töldust kartöflur ekki með. Í þeirri útgáfu sem nú er kynnt er safinn tekinn út til að auka vægi grænmetis og ávaxta sem gefa jafnframt trefjar. Nýjar rannsóknir benda til að ávaxtasafi án trefja geti haft sambærileg áhrif á sykurefnaskipti og gosdrykkir.“



> **Nýjar rannsóknir benda til að ávaxtasafi án trefja geti haft sambærileg áhrif á sykurefnaskipti og gosdrykkir.**
>
> *Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor*

Spurð um ágæti safa með trefjum, sem hægt er að búa til með sumum matvinnsluvélum, segir Ingibjörg að þá sé í raun ekki um safa að ræða heldur maukaða ávexti. „Við höfum leitað að rannsóknum á því hvort það skipti máli að drekka maukaða ávexti með trefjum í hristingi eða borða heila ávexti en lítið virðist vera til. Við erum að fara af stað með tilraunaverkefni til að skoða það.“

Hún getur þess að það sé í lagi fyrir heilbrigðan einstakling að mauka þrjá til fjóra ávexti í hristing og drekka í einu lagi. „En fyrir þá sem eru með skert sykurþol er þetta ekki sniðugt. Hugmyndin með því að taka safa út úr ráðleggingunum er að hvetja til meiri neyslu á trefjaríkri fæðu.“

ibs@frettabladid.is



**HRISTINGUR** Fyrir þá sem eru með skert sykurþol er ekki sniðugt að mauka þrjá til fjóra ávexti og drekka í einu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

### ENDURSKOÐAÐAR RÁÐLEGGINGAR

1. Fjölbreytt fæða í hæfilegu magni.
2. 5 skammtar af grænmeti og ávöxtum á dag eða minnst 500 g samtals. Safi telst ekki með í „5 á dag“. Veljið gjarnan gróft grænmeti eins og t.d. rótargrænmeti, spergilkál, hvítkál og blómkál.
3. Brauð og aðrar matvörur úr heilkorni minnst tvisvar á dag.
4. Fiskur tvisvar til þrisvar í viku, þar af feitur fiskur einu sinni.
5. Borðið lítið unnið, magurt kjöt. Takmarkið neyslu á rauðu kjöti við 500 g á viku.
6. Borðið fituminni og hreinar mjólkurvörur. Hæfilegt magn er 2 skammtar á dag.
7. Mýkri og hollari fita. Feitur fiskur, lýsi, jurtaolíur, hnetur, fræ og lárperur eru góðar uppsprettur hollrar fitu.
8. Minna salt. Veljið lítið unnin matvæli sem eru yfirleitt saltrík. Takmarkið notkun á salti við matargerð.
9. Minni viðbættur sykur. Drekkið lítið eða ekkert af gos- og svaladrykkjum. Gætið hófs í neyslu á sælgæti, kökum, kexi og ís.
10. Takið inn D-vítamín sem fæðubótarefni, annaðhvort lýsi eða D-vítamíntöflur.

*Heimild: Embætti landlæknis*





The Power to Surprise

**Hiti í stýri er staðalbúnaður**

**cee'd** og **cee'd Sportswagon** eru tveir öflugir meðlimir Kia fjölskyldunnar. **Sportswagon** er rúmbetri og hentar því vel þar sem þörf er á meira rými fyrir farangur. Báðir eru þeir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,1 l/100 km. 7 ára ábyrgð er á öllum nýjum Kia bílum.

Verð frá **3.240.777** kr.
Eða **39.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia cee'd LX 1,4 — dísilbíll.

*Mánaðarleg afborgun miðast við 25% útborgun og bílalán til 84 mánaða. 8,2% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,8%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

**Kia cee'd bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# ÚTSÖLULOK

## 29. JANÚAR – 4. FEBRÚAR




**BOSTON SKEMILL**
Stærð: 90x72xH45 cm.
Áður 49.900,- **NÚ 34.930,-**




**BOSTON TUNGUSÓFI** Stærð 2,78 x 97 x 170 x H66 cm. Áður 279.900,- **NÚ 195.930,-**

# 30% AFSLÁTTUR AF BOSTON SÓFUM

---

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM VÖRUM

**NÝ HEIMASÍÐA – GLÆSILEGT VÖRUÚRVAL**
**WWW.PIER.IS**

**ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ AUÐVELDARA AÐ VERSLA Á NETINU WWW.PIER.IS**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

Þrátt fyrir ýmsar opinberar hindranir hafa margir erlendir aðilar sýnt hvalabjór Steðja áhuga að undanförnu:

# Margar fyrirspurnir um hvalabjórinn frá útlöndum

Eigandi Brugghúss Steðja íhugar að halda framleiðslu á Hval II áfram. Bjórinn er meðal annars framleiddur úr hvalaeistum.

Eftir að Fréttablaðið greindi frá bjórnum í byrjun janúar birtu nokkrir af stærstu fréttamiðlum heims fréttir af honum. „Við höfum fengið gríðarlega mikla athygli um allan heim og miklar pantanir að utan. Og hefðum getað selt beint út það sem við vorum með í framleiðslu ef við hefðum viljað sinna því,“ segir Dagbjartur Arilíusson, eigandi Steðja.

Vínbúðirnar, sem hafa einkaleyfi á smásölu áfengra drykkja á Íslandi, selja þorrabjór einungis á tímabilinu 23. janúar til 21. febrúar. Framleiðsla Steðja á Hval II var einungis hugsuð til þess að svara eftirspurn á því tímabili.

„En engu að síður er unnið úr þessum fyrirspurnum sem koma að utan,“ segir Dagbjartur. Það yrði þá aukið við framleiðsluna á þessum tiltekna bjór og selt út. „Það er það sem við erum að íhuga núna, hvað við gerum. Ef við fáum einhvern almennilegan markað úti þá höldum við áfram,“ segir hann.

Dagbjartur segir þó að það sé takmarkað hvað sé hægt að flytja mikið út vegna hindrana sem hafi verið settar á viðskipti með hvalaafurðir. Til dæmis í Evrópusambandinu.

„Það voru fjórir heildsalar, hver í sínu landinu, sem vildu flytja þetta inn,“ segir Dagbjartur. Innflytjendur á Írlandi séu búnir að fá neitun frá yfirvöldum þar í landi og hann býst við að eins fari fyrir hinum þremur.

En Dagbjartur segir að það hafi ekki allir tekið bjórnum vel. „Það hafa komið mótbárur en mjög léttvægar,“ segir hann. Ein erlend mótmælasíða hafi verið sett upp og þar hafi nokkrir skrifað undir. - jhh



**BRUGGHÚS STEÐJA** Ekki er hægt að selja Hval II hér heima nema í takmarkaðan tíma. ADSEND MYND

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Skrifstofuhúsnæði til leigu



Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Einstaklega vel staðsett skrifstofuhúsnæði nálægt helstu stofnleiðum. Öll helsta þjónusta í göngufæri. Frábært útsýni yfir höfuðborgarsvæðið, Esjuna og Viðey.

Um er að ræða rými frá um 200 $m^2$ á efstu hæðum hússins.



Fellsmúli 26
108 Reykjavík

Snyrtilegt og glæsilega innréttað skrifstofuhúsnæði á góðum stað í Reykjavík. Möguleiki er að leigja lítil rými sem geta hentað minni fyrirtækjum og einstaklingum.

Um er að ræða rými frá um 50 $m^2$.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900 reginn.is reginn@reginn.is

# Seðlabankinn verði sem minnst sýnilegur

Aðalhagfræðingur Danske Bank gagnrýnir þá peningamálastefnu sem Íslendingar hafa búið við. Mögulegt sé að útvista henni. Evran sé ekki augljósasti kosturinn.

Peningamálastefnan á Íslandi hefur ekki reynst vel og verið geðþóttakennd, segir Lars Christensen, aðalhagfræðingur Danske Bank. Þetta kom fram á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, í gær. Hann segir Íslendinga eiga möguleika á því að útvista peningastefnunni. Það er, að taka upp aðra mynt með einum eða öðrum hætti.

Christensen segir að evran sé ekki raunhæfasti kosturinn í stöðunni og bendir á Kanadadollar eða norska krónu sem líklegri kost.

„Ég held að það sem við viljum ná fram sé peningamálastefna þar sem Seðlabankinn er ósýnilegur. Ef þú spyrð venjulegan Dana hver sé seðlabankastjóri í Danmörku þá á hann erfitt með að svara þeirri spurningu. Er það vegna þess að peningamálastefnan er góð í Danmörku? Það er vegna þess að peningamálastefnan í Danmörku er hrá. Danska krónan er tengd evrunni og þar áður var hún tengd þýska markinu.“ Hann bætir því við að upptaka annarrar myntar sé raunhæfari kostur en að tengja gengið við aðra mynt.

Christensen segir það afar slæmt ef ákvarðanir Seðlabanka einkennist af geðþótta. „Ég held að kannski skýrasta dæmið um geðþóttaákvörðun í peningamálastefnu á Íslandi hafi verið á degi í október, ég held að það hafi verið miðvikudegi í október 2008. Seðlabankinn gaf út fréttatilkynningu, fjórar línur, um að Seðlabankinn hefði fest gengið við evruna. Munið þið eftir því? Ég held að sú ákvörðun hafi varað í sjö mínútur eða svo.“

Christensen segir þó ekki að það sé gallalaust að útvista peningastefnunni. Til dæmis geti það leitt til þeirrar stöðu að það yrði enginn lánveitandi til þrautavara. „Á móti kemur að sumir myndu segja að það að hafa ekki lánveitanda til þrautavara sé einmitt rök með því að útvista peningamálastefnunni. Því að það að hafa lánveitanda til þrautavara eykur áhættusækni. Ég held hins vegar að það sem sé mikilvægast sé að það liggi alveg skýrt fyrir hvenær seðlabankinn er lánveitandi til þrautavara og hvenær ekki.“



**GAGNRÝNINN** Christensen gagnrýndi starfsemi íslensku bankanna hart áður en þrír stærstu bankarnir hrundu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, var einnig gestur á fundinum. Hann telur að einhliða upptaka annarrar myntar komi ekki til greina. Menn verði að velja á milli hvort þeir vilji taka mögulegar krísur út í gegnum vægi gjaldmiðilsins eða í gegnum vinnumarkaðinn. Íslendingum hafi tekist að halda úti háu atvinnustigi þótt gengið lækki.

Bjarni telur aftur á móti að spurningin um það hvernig aðstæður eigi að vera eftir að höftin verði losuð sé mjög mikilvæg. Hún snúist meðal annars um það hvernig bankakerfið verði, hvernig eftirlitsstofnanir verði og hvert regluverkið verður.

Ísland muni innleiða regluverkið í gegnum Evrópusambandið en verði samt að horfa lengra fram á veginn og hugsa til þess hvernig við getum bætt regluverkið. „Það er nokkuð augljóst að við munum ekki leyfa bönkunum okkar að safna innistæðum í erlendum gjaldmiðlum í framtíðinni. Við munum ekki leyfa stjórnlausu Icesave-dæmi að verða að veruleika. Það er eitt augljóst dæmi,“ segir Bjarni. En það þurfi að huga að fleiru í þessu tilliti og hvernig viðhalda megi þeim stöðugleika sem hafi náðst.



> **Það er nokkuð augljóst að við munum ekki leyfa bönkunum okkar að safna innistæðum í erlendum gjaldmiðlum í framtíðinni.**
>
> *Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra*

jonhakon@frettabladid.is

Samkeppniseftirlitið krefst þess að sjálfstæði Mílu, dótturfélags Símans, aukist:

# Sameiningin var samþykkt

Samkeppniseftirlitið hefur heimilað sameiningu Símans hf. og Skipta hf. og verður rekstur félaganna sameinaður undir nafni Símans. Tilkynnt var um áform um sameiningu í febrúar í fyrra með fyrirvara um heimild Samkeppniseftirlitsins. Öll þau dótturfélög sem áður voru í eigu Skipta verða nú í eigu Símans.

„Nú liggur skipulag samstæðunnar fyrir og hægt að halda áfram að þróa fyrirtækið til móts við nýja tíma,“ sagði Orri Hauksson, forstjóri Símans, í tilkynningu um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Skilyrði voru sett um að sjálfstæði dótturfélagsins Mílu, sem rekstraraðila grunnfjarskiptakerfis, yrði tryggt. Til dæmis þurfa stjórnarmenn Mílu að vera óháðir Símanum og Síminn og Míla verða aðskilin í húsnæði Símans. Þá verður sjálfstæði eftirlitsnefndar styrkt þannig að starfsmaður móðurfélags Mílu geti ekki setið í nefndinni. - jhh



**FORSTJÓRINN** Orri Hauksson verður áfram forstjóri í sameinuðu fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Sumar 2015
Allt að 20.000 kr. bókunarafsláttur á mann.
Síðasti dagur bókunarafsláttar er á morgun 30. janúar!
Bókaðu ferð og staðfestu innan 5 daga.
Frá kr. 62.900
m/bókunarafslætti
Bodrum
Frá kr. 109.900 allt innifalið
Smartline Bitez Garden
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 128.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. maí í 11 nætur.
Marmaris
Frá kr. 109.900 allt innifalið
Grand Cettia Hotel
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 8. júní í 10 nætur.
Krít
Frá kr. 99.900
Helios
Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó. 21. maí í 11 nætur.
Tenerife
Frá kr. 62.900
Parque de Las Americas
Netverð á mann frá kr. 62.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi . Netverð á mann frá kr. 81.900 m.v. 2 fullorðnir í smáhýsi. 22. ágúst í 7 nætur.
Costa del Sol
Benalmadena
Frá kr. 87.900
Vistamar
Netverð á mann frá kr. 87.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 96.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.
Costa del Sol
Fuengirola
Frá kr. 84.900
Nuria Sol
Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherb. Netverð á mann frá kr. 111.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi. 6. júlí í 10 nætur.
Costa del Sol
Torremolinos
Frá kr. 71.900
Aguamarina
Netverð á mann frá kr. 71.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 94.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.
Costa del Sol
Marbella & Estepona
Frá kr. 91.900
Pyr Marbella
Netverð á mann frá kr. 91.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 131.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.
Albir
Frá kr. 69.900 m/morgunmat
Hotel & Spa Sun Palace
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 19. júní í 7 nætur.
Benidorm
Frá kr. 64.900
Vina del Mar
Netverð á mann frá kr. 64.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur
Salou
Frá kr. 64.900
Apt. Cye Holiday Centre
Netverð á mann frá kr. 64.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur.
Agadir
Frá kr. 104.900
Tulip Inn
Netverð á mann frá kr. 104.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 123.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 10. maí í 13 nætur.
Öll verðdæmi hér að ofan eru með bókunarafslætti.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM67065
Ferðaskrifstofa
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is
Heimsferðir

Fjármuni vantar í baráttuna gegn mansali:

# Nútímaþrælahald

Mansal þrífst á Íslandi. Þetta fullyrðir Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður sem hefur rannsakað mansalsmál og staðið fyrir fræðslu um þau. Ábendingum til lögreglu fer hratt fjölgandi.

Í fréttaskýringaröð þeirra Kristjönu Bjargar Guðbrandsdóttur og Viktoríu Hermannsdóttur sem birtist um þessar mundir í Fréttablaðinu er mansal skilgreint sem hagnýting á einstaklingum í kynferðislegum tilgangi, vinnuþrælkun eða refsiverð hagnýting á líkama einstaklings með til dæmis fíkniefnasmygli eða líffærasölu. Sömu skilgreiningu má finna í áætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali á Íslandi. Einstaklingur eða hópur er notaður í ábataskyni með einum eða öðrum hætti. Í dag er greint frá því að 15 konur af erlendu bergi brotnar hafi leitað í athvarf fyrir fórnarlömb mansals og vændis. Starfskona athvarfsins segir þær nánast allar hafa verið fórnarlömb mansals og lýsir vægast sagt skelfilegum aðbúnaði: „Þær liggja undir mörgum körlum á dag og verða fyrir alls konar svívirðu í þeim aðstæðum. Þetta er bara nútímaþrælahald og ekkert annað.“



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Þrátt fyrir áætlun stjórnvalda gegn mansali og fjölgun mála hjá lögreglu fer slíkum dómsmálum ekki fjölgandi. Aðeins einu sinni hefur verið dæmt í mansalsmáli. Nokkrum sinnum hefur verið ákært en þá ávallt sýknað fyrir mansalsþáttinn. Snorri gefur á því nokkrar skýringar. Málin eru erfið. Þungsótt reynist að sanna hvort um mansal sé að ræða. Erfitt er að fá fórnarlömb til samstarfs þar sem þau eru beitt kúgun og eru hrædd við að segja frá. Þá er erfitt hafa uppi á fórnarlömbum sökum þess hversu einangruð þau eru af þeim sem fyrir mansalinu standa.

Í áætluninni er grunnstefið að búa fórnarlömbum sem bestar aðstæður til að stíga fram, losna undan kúguninni og leita réttar síns. Þannig er tryggð heilbrigðisþjónusta, lögregluaðstoð og ákveðinn umþóttunartími þar sem ekki er hægt að vísa þeim úr landi. Á þeim tíma er þeim tryggð ýmiss konar aðstoð. Þá er gert ráð fyrir vitundarvakningu meðal opinberra starfsmanna um málaflokkinn. Þessar aðgerðir eru til þess fallnar að stórbæta aðstöðu þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á mansali.

Í fréttaskýringu sem birtist í gær segir Hreiðar Eiríksson, lögmaður og áður rannsóknarlögreglumaður, úrræði vanta. Um sé að ræða ofbeldisbrot og/eða kynferðisbrot og sérúrræði sem henti fórnarlömbum séu nauðsyn. „Það hefur að mínu mati ekki verið staðið nægilega vel að aðgerðaráætlun gegn mansali á Íslandi og ef við getum ekki tryggt grundvallarmannréttindi fólks hvað varðar frelsi og mannlega reisn þá erum við illa stödd,“ segir hann. Lögregla og félagsmálayfirvöld reyni allt til að leysa málin. Lítill fjárstuðningur og lélegt aðhald stjórnvalda geri þeim erfitt fyrir.

Mansal er grafalvarlegt mál. Verslun með fólk á sér langa og ljóta sögu alls staðar í heiminum. Stjórnvöld hafa sýnt einhverja viðleitni til að sporna gegn því hér á landi, til dæmis með fyrrgreindri áætlun. Þá er Ísland aðili að skuldbindandi alþjóðasamningum sem hafa það að markmiði að berjast gegn mansali. Gerð skýrslna og vakið athygli er einföld. Annað mál er að framfylgja þeim. Fátt er jafn heilagt og persónufrelsið. Það er lágmarkskrafa í lýðræðissamfélagi sem aðhyllist mannréttindavernd að tryggja að fólk geti um frjálst höfuð strokið. Ef það sem vantar upp á er fjárstuðningur og aðhald stjórnvalda þá er það skýlaus krafa að því verði kippt í liðinn hið snarasta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áhrif á framtíð þjóðarinnar?

Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, gerði Víglundarmálið og einkum orð Árna Páls Árnasonar, formanns Samfylkingarinnar, að umræðuefni á Alþingi í gær. Vigdís sagði Árna hafa, í samtali við Bylgjuna, sagt það vera fásinnu að skoða málið betur. Stutta ræðu sína endaði Vigdís svona: „Því spyr ég, er þetta sett fram sem pólitísk hagsmunagæsla eða er vísvitandi verið að halda upplýsingum frá fólki til að þurfa ekki að takast á við málið eða að viðurkenna að hér sé breytt niðurstaða í málinu sem gæti haft úrslitaáhrif fyrir framtíð íslenskrar þjóðar?“ Þarna féllu stór orð sem kölluðu á svar.



### Lágmark að hafa rétt eftir

Árni Páll Árnason svaraði orðum Vigdísar Hauksdóttur, sem sagt var frá hér að framan. Hann byrjaði svona: „Það er lágmark ef menn vitna í orð annarra þingmanna að þeir fari rétt með. Ég tók skýrt fram í gær að ef menn vildu rannsaka þetta mál væri það sjálfsagt. Ef hins vegar grunur leikur á um lögbrot er það ekki Alþingis að gera það heldur höfum við réttarvörslukerfi í landinu, lögreglu og ríkissaksóknara, og eðlilegt að þeir rannsaki grun um lögbrot,“ sagði Árni Páll og lét að því liggja að fólk nýtti málið í pólitískum tilgangi.



### Sjö mínútur Davíðs

Lars Christensen, aðalhagfræðingur Danske Bank, rifjaði upp á fundi í Hörpu í gær ákvörðun Seðlabanka Davíðs Oddssonar frá haustinu 2008 um að festa gengi íslensku krónunnar við evru. „Ég held að sú yfirlýsing hafi varað í sjö mínútur eða svo,“ sagði Christensen. Efalítið er þetta einhver misheppnaðasta aðgerð Seðlabankans. Það er að þurfa að hörfa nánast samstundis frá eins veigamikilli aðgerð og ákveðin var í Seðlabanka Íslands haustið 2008. Lars Christensen er okkur að góðu kunnur en hann var ekki hafður í hávegum hér á landi þegar hann efaðist um efnahagslegt ágæti okkar þegar árið 2006.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sviðin tollvernd

TOLLAR



**Andrés Magnússon**
framkvæmdastjóri SVÞ



**Lárus M. K. Ólafsson**
lögmaður SVÞ

Fram hefur komið í fréttum að innlendir kjötframleiðendur eru orðnir uppiskroppa með hina þjóðlegu framleiðslu sem svið sannarlegu eru. Er svo komið að nú á þorranum fá verslanakeðjur hér á landi ekki þessa rammíslensku vöru frá framleiðendum og því ófærar um að anna eftirspurn neytenda. Fram hefur komið að ein ástæða þessa er að framleiðendur eru farnir að herja á erlenda markaði með þessa vöru. Ástand þetta er enn ein áminning um á hvaða endastöð innflutningstakmarkanir á landbúnaðarvörum eru komnar.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa allt frá stofnun barist fyrir umbótum varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og auknu frelsi á þessu sviði bæði verslun og neytendum til hagsbóta. Í þessu skyni hafa samtökin m.a. leitað til umboðsmanns Alþingis, dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA sem og vakið athygli opinberra aðila á þeim meingöllum sem uppi eru og þarfnast endurskoðunar.

Að mati SVÞ er það fagnaðarefni að innlendir aðilar nái að söðla um á erlendum markaði með sína framleiðslu og skiptir engu hvort um er að ræða sviðakjamma eða aðra vöru. Hins vegar svíður það að slík framganga sé á kostnað innlendra neytenda og verslana og að innlend framleiðsla, sem styrkt er af skattfé og framleidd í fullkomnu skjóli tollverndar, standi ekki innlendum neytendum til boða. SVÞ ítreka að rök ríkisins fyrir viðvarandi tollvernd og innflutningstakmörkunum hafa ávallt verið að með þeirri framkvæmd sé verið að styðja við innlenda framleiðslu og tryggja framboð á þeim vörum til handa innlendum neytendum.

Það kann því að skjóta skökku við að sú tollvernd sé farin að snúast upp í andhverfu sína á þá vegu að verndin sé til þess fallin að tryggja framleiðslu hér á landi fyrir erlenda neytendur. Með öðrum orðum er hin ríkisstyrkta framleiðsla í þágu erlendra matgæðinga.

Í áralangri baráttu SVÞ fyrir umbótum varðandi innflutning á landbúnaðarvörum hafa samtökin löngu rekið sig á að núverandi tollvernd er meingölluð en nú kveður við annan tón, þ.e. að tollverndin er ekki eingöngu gölluð – hún er sviðin.

SVÞ skora á landbúnaðarráðherra að taka tillit til gagnrýni samtakanna um ágalla á núverandi tollkvótakerfi. Skorað er á ráðherra að tryggja innlendri framleiðslu aukið aðhald með innflutningi á landbúnaðarvörum án þess að hann sé undirorpinn himinháum tollamúrum og óyfirstíganlegum innflutningshömlum. Síðast en ekki síst skora SVÞ á landbúnaðarráðherra að taka af skarið og tryggja íslenskum neytendum aukið vöruval á landbúnaðarvörum á lægra verði.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Loddari? Nei!

Í DAG
**Þorvaldur Gylfason**
hagfræðiprófessor



Paul Krugman, hagfræðiprófessor í Princeton, var fyrir nokkru kallaður „loddari“ í ritstjórnargrein í Vísbendingu. Ritstjórnargreinin hófst á þessum orðum: „Þegar bandaríski Nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugman opnar munninn er yfirleitt ástæða til þess að hafa varann á. Hann á afar erfitt með að segja satt frá, einkum um staðreyndir.“ Tilefni þessara hörðu og að minni hyggju ómaklegu ummæla um Krugman er m.a. sumt af því, sem hann hefur skrifað um Ísland eftir hrun.

### Krugman og Ísland

Nú vill svo til, að ég er líkt og ritstjóri Vísbendingar á öðru máli en Krugman um ýmislegt varðandi Ísland og evruna. Krugman tortryggir evruna líkt og margir aðrir bandarískir hagfræðingar hafa gert frá öndverðu, ekki bara sem kost handa Íslandi, heldur yfir höfuð að tala. Hann lítur langa verðbólgusögu Íslands ekki eins alvarlegum augum og við ritstjóri Vísbendingar. Ég tel, öndvert Krugman, að Evrópuþjóðirnar hafi gert rétt í að taka upp evruna, þótt djarft hafi verið teflt og mikið hafi að vísu vantað á eins og reynslan hefur sýnt, að nógu traustur grundvöllur hafi verið lagður undir hina nýju Evrópumynt. Ég lít ennfremur svo á, að upptaka evrunnar myndi leysa Ísland undan þeim þungu búsifjum, sem verðbólgudraugurinn hefur lagt á landið um langa tíð. Krónan hefur verið notuð sem kúgunartæki eins og ég hef áður lýst á þessum stað. Þetta snýst um skiptar skoðanir, ekki svik og pretti af hálfu Krugmans.

Svikabrigsl ritstjóra Vísbendingar á hendur Paul Krugman eru ómakleg ekki bara að efni til, heldur einnig í ljósi þess, að ýmsir menn á hægri væng bandarískra stjórnmála hafa hundelt Krugman allar götur frá því að hann færði út landamærin og hóf að skrifa víðlesna og læsilega dálka í New York Times tvisvar í viku, eitt bezta dagblað heims, frekar en að helga sig nær eingöngu birtingu fræðigreina í hagfræðitímaritum, sem eru ekki ætluð öðrum en hagfræðingum.

Ágreiningurinn um efnahagsmál milli hægri manna og hinna nú snýst m.a. um, hvort almannavaldið geti mildað hagsveifluna eins og John Maynard Keynes leiddi í ljós í höfuðriti sínu frá 1936, sem heitir því góða og nútímalega nafni Almenna kenningin um atvinnu, vexti og peninga. Krugman segir eins og flestir aðrir bandarískir hagfræðingar: Ríkisvaldið hefur þetta í hendi sinni, þegar á reynir, og einmitt þannig tókst að koma í veg fyrir, að skakkaföll bankanna 2008 leiddu til nýrrar heimskreppu. Hinir þræta með rökum, sem eru svo veik og vandræðaleg, að þau eru varla eftir hafandi frá mínum bæjardyrum séð.

### Hagfræði og stjórnmál

Ég þekki Krugman frá gamalli tíð og þekki því forsöguna. Hann vakti snemma athygli og aðdáun sem einn snjallasti hagfræðingur samtímans í sínum aldursflokki og var löngu fyrir þrítugt ráðinn hagfræðingur í Hvíta húsinu í forsetatíð Ronalds Reagan 1980-1988. Þá þurfti Krugman í fyrsta skipti að skrifa skýrslur á mæltu máli frekar en fræðiritgerðir. Honum lét vel að skrifa skiljanlegan texta, sem stjórnmálamenn og aðrir kunnu að meta. Hann reyndist kunna að skrifa betri texta en flestir aðrir bandarískir hagfræðingar nema kannski John Kenneth Galbraith, prófessor á Harvard, sem hefði að minni hyggju mátt hljóta Nóbelsverðlaun í bókmenntum líkt og Winston Churchill fékk verðlaunin 1953, tveimur árum fyrr en Halldór Laxness.

Eitt leiddi af öðru. Eftir að hann losnaði úr Hvíta húsinu, skrifaði Krugman nokkrar prýðilegar bækur um efnahagsmál. Þær seldust vel, og þar að kom, að New York Times bauð honum að skrifa í blaðið tvisvar í viku. Krugman tók boðinu, enda er hann þekktur fyrir að skrifa ekki bara betur, heldur einnig hraðar en sum okkar hinna tala í síma. Hann bloggar stundum oft á dag á vefsetri New York Times. Þrátt fyrir þessar annir heldur hann áfram að birta lærðar ritgerðir í hagfræðitímaritum, þar á meðal rómaða ritgerð nýlega um peningamál í félagi við Gauta Eggertsson, prófessor í Brown-háskóla.

> Krónan hefur verið notuð sem kúgunartæki eins og ég hef áður lýst á þessum stað. Þetta snýst um skiptar skoðanir, ekki svik og pretti af hálfu Krugmans.

### Réttmæt gagnrýni

Paul Krugman dregur ekki dul á skoðanir sínar, þegar hann skrifar í blöðin. Hví skyldi hann gera það? Hann er í grunninn Roosevelt-demókrati, þ.e. hann telur kreppuráðstafanir Roosevelt-stjórnarinnar 1932-1945 hafa verið réttar, en hann tekur að öðru leyti ekki flokkspólitíska afstöðu svo ég viti. Hann hefur ýmist gagnrýnt eða rökstutt ráðstafanir ríkisstjórnar Baracks Obama forseta frá 2009. Hann vann sér að sönnu það til óhelgi meðal repúblikana að gagnrýna margar stjórnarathafnir George W. Bush forseta 2000-2008 og stefnu repúblikana. Gagnrýni Krugmans á Bush og repúblikana reyndist réttmæt, enda er Bush nú samkvæmt mælingum talinn vera einn allra lakasti forseti Bandaríkjanna frá byrjun.

# Skemmd kartafla leiðarahöfundar

FJÁRMÁL
**Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir**
borgarfulltrúi



Leiðarahöfundur Fréttablaðsins í gær var á einkennilegum slóðum. Í það minnsta fyrir miðil sem kennir sig við fréttir. Svo virðist sem leiðarinn snúist fyrst og fremst um að reyna að afsanna fréttagildi þeirra upplýsinga sem Víglundur Þorsteinsson hefur nú lagt fram og margir hafa talið að gefi tilefni til að skoða mál er varðar endurreisn bankakerfisins betur. Undir það hefur forsætisráðherra tekið og það virðist leiðarahöfundurinn ekki skilja.

Reyndar er það svo að þeir sem hafa áhuga á að setja sig inn í efnisatriði málsins verða litlu nær af lestri leiðarans sem virðist vera einhvers konar tilraun til að framkvæma pólitíska greiningu á hundavaði.

### Alvarleg ásökun

En lítum aðeins á efnisatriði málsins. Víglundur Þorsteinsson hefur lagt fram gögn sem innihalda bréf, eigin greinargerð og stofnúrskurði Fjármálaeftirlitsins fyrir nýju bankana. Telur Víglundur að gögnin sýni fram á að stórfelld og margvísleg lagabrot hafi verið framin eftir að ákvörðunum FME um stofnúrskurði nýju bankanna í október 2008 var breytt. Þannig hafi erlendir hrægammasjóðir hagnast um 300-400 milljarða króna á kostnað þjóðarinnar. Þetta eru alvarlegar ásakanir og margir telja eðlilegt að málið fái einhvers konar efnislega meðferð. Varla getur leiðarahöfundur verið á móti því?

Það hefur verið skoðun margra, meðal annars fyrrverandi forstjóra FME, að bankarnir hafi verið afhentir kröfuhöfum á allt of lágu verði. Fyrir vikið hafi einstakt tækifæri glatast til að afskrifa að fullu hluta af kröfum sem þess í stað lentu með fullum þunga á íslenskum heimilum og fyrirtækjum. Það lítur einnig einkennilega út ef fjármálaráðuneytið, undir forystu þáverandi fjármálaráðherra, hafi útbúið samning um stofnefnahag nýja Landsbankans með þeim hætti að það veikti krónuna og veitti kröfuhöfum tangarhald á bankanum svo ekki var nokkur leið að standa við greiðslu í erlendri mynt á tilsettum tíma. Núverandi stjórnvöld hafa þurft að grípa inn í til að fjármálastöðugleika sé ekki ógnað.

> → Er það virkilega svo að leiðarahöfundur hafi engan áhuga á að upplýst sé á hvaða forsendum sú ákvörðun var tekin að taka vald af FME, eins og kveðið var á um í neyðarlögunum og færa það til fjármálaráðherra...

### Vald tekið af FME

Er það virkilega svo að leiðarahöfundur hafi engan áhuga á að upplýst sé á hvaða forsendum sú ákvörðun var tekin að taka vald af FME, eins og kveðið var á um í neyðarlögunum, og færa það til fjármálaráðherra sem færði kröfuhöfum bankana á einni nóttu? Hefur ekki verið efnt til eins og einnar skýrslu af minna tilefni?

# Hvernig samfélag viljum við?

SAMFÉLAG
**Guðmundur Edgarsson**
málvísindamaður



Hve oft heyrir maður ekki þessa spurningu? Og hvert er svarið? Það fer vitaskuld eftir því hver svarar og því hefur spurningin takmarkað gildi sé hún lögð fyrir stóran hóp fólks. Samfélag er jú lítið annað en samansafn af ótal ólíkum einstaklingum með mismunandi þarfir, langanir og skoðanir. Allt eins má spyrja: Hvernig mat viljum við? Eða hvernig bíl eða bókmenntir?

Það er nefnilega afar persónubundið hvað fólk telur eftirsóknarverðast varðandi einhvers konar stefnumótun heils þjóðfélags. Sumir leggja áherslu á verðmætasköpun, aðrir tekjujöfnuð, enn aðrir á athafnafrelsi, einhverjir setja félagslegan hreyfanleika í forgrunn, aðrir lífslíkur, enn aðrir hamingju, o.s.frv.

> → Það er nefnilega afar persónubundið hvað fólk telur eftirsóknarverðast varðandi einhvers konar stefnumótun heils þjóðfélags.

### Langlífi eða hamingja?

Tökum dæmi af Dönum. Þeir þykja hamingjusamastir Norðurlandabúa en jafnframt þeirra skammlífastir. Sumir segja að ástæða hamingju þeirra sé, að þeir geri vel við sig í mat og drykk, sem svo aftur komi niður á heilsu og lífslíkum. Eiga Danir þá að berjast um það hvort þeir vilji hamingjuríkt samfélag eða heilsuhraust og langlíft? Nei, þeir einstaklingar sem leggja upp úr hamingju, en minna upp úr heilsu og langlífi, eiga að fá að gera það óáreittir svo fremi sem þeir skemmi ekki fyrir hinum sem kjósa hreysti og háan aldur. Að sama skapi eiga fylgismenn hraustleika og langlífis að láta nautnaseggina í friði.

### Þjóðfélagsverkfræðingar slaki á

Aðalatriðið er, að ekki sé beitt ofbeldi að fyrra bragði til að keyra í gegn einhverja þjóðfélagsverkfræði til að hanna „sitt“ draumasamfélag. Við frjálshyggjumenn viljum ekki, að þeir Danir, sem telja ævilengd vera mikilvægustu breytuna, geti þvingað hina Danina, með ýmiss konar boðum, bönnum og sköttum, til að hætta að borða smörrebröd og drekka bjór.

**Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu**

**Höfuðborgin**



**Nesdekk-Grandi**
Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík
Sími 561 4110

**Smur og Viðgerðarþjónustan**
Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík
Sími 567 9555

**Múlaradio ehf.**
Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík
Sími 554 1540

**Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**
Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík
Sími 577 4477

**Smurstöðin Klöpp**
Vegmúli 4 · 108 Reykjavík
Sími 553 0440

**Bílaverkstæði Einars Þórs**
Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík
Sími 567 0080

**Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**
Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 616 2333

**Hjólbarðav. Grafarvogs ehf.**
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík
Sími 567 4468

**Bílson**
Kletthals 9 · 110 Reykjavík
Sími 568 1090

**Bílaverkstæði Orra**
Háholt 23 · 270 Mosfellsbær
Sími 650 9700

**Málningarverk**
Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík
Sími 554 4550

**Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.**
Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær
Sími 566 7660

YUASA

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Um hagsmuni rekstraraðila

HEILBRIGÐISMÁL



**Arnþór Jónsson**
formaður SÁÁ

Í Fréttablaðinu á mánudag var haft eftir Kristínu I. Pálsdóttur, talskonu Rótarinnar, að meðferðarkerfið hér á landi væri þannig úr garði gert að SÁÁ hefði rekstrarhagsmuni af því að fá sem flesta sjúklinga lagða inn á Vog. Þetta er fráleit staðhæfing. Ritstjórn Fréttablaðsins hefur ekki leitað upplýsinga um málið hjá SÁÁ en ég óska eftir því að blaðið komi eftirfarandi athugasemdum frá SÁÁ á framfæri við lesendur sína.

Sjúkrarekstur SÁÁ er fjármagnaður með þjónustusamningum við íslenska ríkið og tekjum af þeim gjöldum sem sjúklingar greiða fyrir þjónustu SÁÁ. Það dugar þó ekki til því árum saman hefur verið mikill halli af þessum rekstri sem hefur verið greiddur upp af samtökunum með fjármunum sem félagsmenn og velunnarar samtakanna láta af hendi rakna. Halli þessi hefur fyrst og fremst orðið til á sjúkrahúsinu Vogi.

Til sjúkrastarfsemi SÁÁ telst sjúkrahúsið Vogur, meðferðarheimilin Vík og Staðarfell og göngudeildir SÁÁ í Reykjavík og á Akureyri. Engin gjöld eru tekin af sjúklingum sem leggjast inn á sjúkrahúsið Vog, en sjúklingar greiða gjöld á göngudeild og hluta húsnæðis- og fæðiskostnaðar á Vík og Staðarfelli.

### Vaxandi hlutur sjúklingagjalda

Síðastliðin ár hafa tekjur af þjónustusamningi við ríkið nægt fyrir um 60% af kostnaði við sjúkrareksturinn. Þau gjöld sem sjúklingar á Vík, Staðarfelli og á göngudeildum greiða nema um 20% af kostnaði og hefur það hlutfall farið vaxandi síðustu ár.

Sjúkrastarfsemin er rekin samkvæmt heilbrigðislögum og rekstur hennar fellur undir endurskoðun Ríkisendurskoðunar og er hluti af ríkisreikningi.

### Söfnunarfé greiðir 20%

Söfnunarfé samtakanna hefur borið uppi um 20% af af öllum sjúkrarekstri SÁÁ síðustu ár, auk þess sem söfnunarfé hefur verið nýtt til þess að greiða fyrir byggingaframkvæmdir samtakanna.

Þær eignir sem SÁÁ hefur byggt upp í fasteignum undir starfsemina hafa verið fjármagnaðar að öllu leyti með sjálfsaflafé samtakanna án þess að ríki og sveitarfélög hafi haft nokkurn kostnað af þeim framkvæmdum.

Samtökin hafa gert þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands fyrir hönd ríkisins um þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á sjúkrahúsinu Vogi, meðferðarstöðvunum Vík og Staðarfelli og á göngudeildunum í Reykjavík og á Akureyri.

### Ríkið greiðir 1.530 innlagnir af 2.100

Í nýgerðum þjónustusamningi SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um sjúkrahúsið Vog kemur fram að SÍ greiðir árlega fyrir 1.530 innlagnir á Vog. Síðustu 15 ár hafa innlagnir á sjúkrahúsið Vog verið að meðaltali um 2.100 á hverju ári.

Sjálfsagt er hægt að segja ýmislegt um rekstrarhagsmuni SÁÁ. Það þarf samt ótrúlegar reikningskúnstir til að komast að þeirri niðurstöðu að SÁÁ hagnist fjárhagslega á því að hrúga sem flestum inn á sjúkrahúsið Vog, á sama tíma og samtökin greiða sjálf niður 100-200 m.kr. halla á sjúkrahúsinu á hverju ári.

Einu raunverulegu rekstrarhagsmunir SÁÁ eru að veita áfengis- og vímuefnasjúklingum sem besta meðferð svo þeir, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt fái að njóta hæfileika þeirra, sköpunarkrafta og óskertrar lífsorku.

Þarf ekkert sérstakt háskólapróf eða góðan vilja til að skilja að engin önnur dæmi eru til á Íslandi þar sem hið opinbera fær jafnmikið eða meira fyrir fjármuni sem það notar til kaupa á heilbrigðisþjónustu.

Almannaheillaþjónusta SÁÁ er sameign þjóðarinnar og árangurinn af starfinu er mikill og góður á hvaða mælikvarða sem er. Gamaldags og úreltum hugmyndum um að fíknsjúkdómur sé einhvers konar aumingjaskapur eða félagsleg hliðarverkun á öðrum vanda hefur fyrir löngu verið kastað. Fíknlækningar eru sérgrein í læknisfræði. SÁÁ treystir læknum sínum og öðru heilbrigðisstarfsfólki fyrir sjúklingunum. Gagnreynd þekking byggð á náttúruvísindum er leiðarljósið.

# Staða ferðaþjónustunnar í íslensku samfélagi

FERÐAÞJÓNUSTA



**Ólöf Ýrr Atladóttir**
ferðamálastjóri

Ég hef að undanförnu birt skrif, sem ætlað er að setja fram ákveðna sýn á sérstöðu ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Grundvöllur þeirra skrifa hefur verið nokkuð víð túlkun á hugtakinu „auðlindir“ með hliðsjón af ferðaþjónustunni, þar sem ekki eingöngu er horft til gæða náttúrunnar, heldur einnig menningar okkar, mannlífs, mannauðs og samfélagsgerðar allrar. Hér á eftir fer síðasta samantekt mín um þessi efni.

### Innviðirnir og regluverkið

Eins og fram kemur í fyrri grein er ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja mikil gagnvart íslensku samfélagi. En á sama tíma bera samfélagið og stofnanir þess ábyrgð gagnvart greininni. Mörg verk bíða opinberra stofnana og sveitarfélaganna, þegar kemur að því að tryggja jákvæðan vöxt atvinnugreinarinnar til framtíðar.

Áríðandi er að samþætting hinna margvíslegu opinberu áætlana sem koma við sögu ferðaþjónustunnar verði aukin. Í þessu samhengi má ekki skorast undan því að skilgreina þau verkefni sem eiga að vera á könnu hins opinbera, hvernig stoðkerfið sé að sinna þeim innan núverandi skipulags og með hvaða hætti hægt er að tryggja að skipulag þess sé skilvirkt gagnvart atvinnugrein og samfélagi. Á sama tíma þarf að skapa einfalt, skýrt og gegnsætt regluverk um ferðaþjónustuna, þar sem nauðsynlegar kröfur eru gerðar til þroskaðrar atvinnugreinar – og tryggja að fyrirtæki fái nauðsynlega þjónustu við að uppfylla öll aðgangsskilyrði með réttum hætti.

Þegar hefur verið rætt um mikilvægi þess að móta framtíðarsýn í menntamálum fyrir ferðaþjónustuna, en það er ekki síður mikilvægt að horfa til annarra verkefna hins opinbera í þessu samhengi. Til dæmis þurfa bæði samgönguáætlun og vegaáætlun hverju sinni að taka mið af þörfum ferðaþjónustunnar, bæði hvað varðar framkvæmdir og þjónustu við vega- og samgöngukerfið.

Ríki og sveitarfélög þurfa að gera sér í ríkari mæli grein fyrir mikilvægi þess að tekið sé tillit til ferðaþjónustunnar í skipulagsvinnu, bæði í byggð og utan byggðar. Tryggja þarf fagmennsku í yfirferð á skipulags- og verkefnaáætlunum ferðaþjónustutengdra verkefna til að koma í veg fyrir slys sem erfitt er að bæta.

Í rammaáætlunarvinnu um nýtingu auðlinda þarf enn fremur að tryggja sess ferðaþjónustunnar. Þá þarf að taka mið af því að eins og aðrar atvinnugreinar getur ferðaþjónustan nýtt sér náttúruauðlindir bæði undir formerkjum sjálfbærni og rányrkju, en að hún eigi að sitja við sama borð og aðrar atvinnugreinar í þessari vinnu, enda jafngild atvinnugrein og aðrar í landinu.

### Langtímastefna í rannsóknum

Í þessu samhengi er rétt að minna á að hlutlægu rannsóknarstarfi á áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélag og umhverfi hefur lítið verið sinnt, bæði með hliðsjón af jákvæðum og neikvæðum þáttum. Vísa má til vaxandi áhyggna af umhverfisáhrifum ferðamanna á mengunarþætti, losun úrgangs o.fl. á viðkvæmum stöðum í og utan byggðar í þessu samhengi.

Löngu tímabært er að staðfest verði og fjármögnuð langtímastefna í rannsóknum fyrir ferðaþjónustuna, þar sem byggt er m.a. á þarfagreiningu Ferðamálastofu frá árinu 2013 og tryggt að rannsóknir fyrir þessa atvinnugrein falli undir sömu forsendur og aðrar hagnýtar rannsóknir, bæði hvað varðar fjárveitingar, en ekki síður hvað varðar samkeppnisumhverfi og gæðakröfur. Á sama tíma þarf að tryggja framlög til reglubundinnar gagnaöflunar og vöktunarverkefna af ýmsu tagi, sem nýtast síðan áfram inn í frekari rannsóknir.

Augljóst er að innan stjórnsýslunnar er mikið verk að vinna – en við skulum muna að þetta eru bæði krefjandi verkefni og skemmtileg. Þau varða ekki bara ferðaþjónustuna, heldur vekja djúpstæðar spurningar um það hvernig samfélag við viljum búa afkomendum okkar til framtíðar. Ferðaþjónustan er nefnilega í eðli sínu samfélagsmál.

**➜ Á sama tíma þarf að tryggja framlög til reglubundinnar gagnaöflunar og vöktunarverkefna af ýmsu tagi, sem nýtast síðan áfram inn í frekari rannsóknir.**

### Samskiptin og samfélagið

Mér sýnist af því sem hér hefur verið rakið að það sé nauðsynlegt að við gerum okkur eins konar samfélagssáttmála um það hvað við viljum með þessa mikilvægu atvinnugrein. Á undanförnum misserum hafa þær raddir orðið háværari sem finna atvinnugreininni ýmislegt til foráttu og ljóst að nokkur hópur fólks er uggandi yfir því í hvaða átt atvinnugreinin er að þróast. Nýbirt könnun Ferðamálastofu um viðhorf heimamanna til ferðaþjónustunnar gefur til kynna að enn sé fólk almennt jákvætt gagnvart ferðaþjónustunni, en ákveðin svör benda til þess að á sumum sviðum þurfi atvinnugreinin að vinna heimavinnuna sína þannig að komið verði í veg fyrir að hin nauðsynlega sátt milli hennar og þjóðarinnar rofni. Einkum virðist um að ræða núning sem rekja má til aðgengis-, umhverfis- og skipulagssjónarmiða. Hér þurfa ekki síst stjórnvöld að eiga í lifandi samræðum við íbúa landsins og tryggja að ferðaþjónustan vaxi og dafni til framtíðar í samhengi við samfélag og umhverfi.

Á næstunni þurfum við að svara ýmsum spurningum saman, m.a.: Hvernig gestgjafar viljum við vera? Með hvaða hætti viljum við bjóða fólki að ferðast um landið, hvar viljum við bjóða flestum heim og hvar viljum við mögulega geta takmarkað aðgang? Hvernig störf viljum við að verði til innan atvinnugreinarinnar? Hvernig viljum við skipuleggja samfélag okkar og umhverfi– hvaða skilaboð viljum við senda gestum okkar um okkar sjálfsmynd sem þjóðar? Hvernig forðumst við núning milli atvinnugreinarinnar og heimamanna?

Ferðaþjónustunni halda engin bönd sem stendur. Hún getur orðið mikilvægur og varanlegur drifkraftur að betra mannlífi á Íslandi til langrar framtíðar, ef rétt er á málum haldið. En það er okkar að tryggja að svo verði.

# „Góð frétt“

SAMFÉLAG



**Oktavía Guðmundsdóttir**
félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra

Þegar ég heyrði um daginn fréttaþul Rásar 1 segja frá því að splunkunýr innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, hefði skipað starfshóp, varð ég svo glöð að mig langaði mest til að faðma fréttaþulinn.

Starfshópurinn kannar hvernig megi jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar lögheimilis. Starfshópurinn er skipaður á grundvelli ályktunar Alþingis frá 12. maí 2014.

Það eru tvær ástæður fyrir því að það var eitthvað óvenju glaðlegt við fréttina sem ég ætla að skýra í stuttu máli.

1. Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá og hafa ákveðið að deila með sér ábyrgð, uppeldi og oft jöfnum samverutíma með börnum sínum, þeir bíða.

Þeir bíða eftir lagabreytingu, sem passar við nútímann. „Löggjafinn gerði ef til vill ekki ráð fyrir þessum hröðu breytingum.“ Tilvísun í grein frá mars 2013 sem ég skrifaði. http://www.visir.is/loggjafinn-og-barnid/article/2013703199975.

Þetta getur verið foreldri, sem er með börn sín í eina viku og næstu viku á eftir eru börnin hjá hinu foreldrinu, eða þá fimm daga hjá öðru foreldri og sjö daga hjá hinu, svo einhver dæmi séu tekin. Foreldrar skipta öllum kostnaði, sem lýtur að barninu, eins og vera ber. Það að aðeins lögheimilisforeldrið eigi rétt á opinberum greiðslum vegna þess að hitt foreldrið er skráð sem „barnlaus einstaklingur í kerfinu“ er auðvitað meingallað. Að hafa ekki sama rétt og lögheimilisforeldrið, þrátt fyrir að allur annar kostnaður sé jafn, skekkir myndina og veldur óþarfa ágreiningi á milli foreldra. Þessu þarf að breyta og er sú vinna að byrja til allrar hamingju.

2. Það gætir óréttlætis og ójöfnuðar á milli foreldra með sameiginlega forsjá, barna þeirra og heimila. Húsnæðiskostnaður er himinhár, það sama má segja um aðrar grunnþarfir fjölskyldu, svo sem fæði og klæði. Í ljósi ofangreinds er full ástæða til að fagna nýskipuðum starfshópi og óska honum velfarnaðar í mikilvægu réttlætismáli. Útfærðar verða leiðir til að eyða aðstöðumun, sem er til staðar á heimilum foreldra með sameiginlega forsjá og barna þeirra.

Það mun ýta undir betri samvinnu á milli foreldra og auka velferð og samverustundir barna við báða foreldra.

# Reyndu að skilja og hvetja aðra í kring um þig

## GEÐORÐIN 10
**Grein 7**

Greinin er sjöunda greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.

GEÐHEILBRIGÐI



**Gunnlaug Thorlacius**
f.h. Geðverndarfélags Íslands

Í sjöunda geðorðinu: reyndu að skilja og hvetja aðra í kring um þig, felst ágæt speki sem er vel til þess fallin að ýta undir samkennd og einingu óháð andlegu atgervi fólks. Hvatning veitir einstaklingum tilgang og stefnu og eykur vilja þeirra til að standast þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Hvatning ýtir undir virðingu, áhuga og umhyggju í samskiptum manna. Hvöt er skilgreind sem innri drifkraftur eða skyndileg löngun. Orðið hvatning hefur sömu merkingu og latneska orðið motivus, sem þýðir að hreyfa sig og því má líta svo á að hvatning sé innra afl sem drífur fólk áfram í átt að settum markmiðum.

Geðsjúkdómar fara ekki í manngreinarálit og hver sem er getur átt á hættu að veikjast. Með aukinni þekkingu og markvissari endurhæfingu hefur þeim hins vegar fjölgað sem hafa náð góðum bata og endurheimt lífsgæði sín eftir að hafa veikst af geðsjúkdómum. Geðsjúkdómar eru ekki frábugðnir öðrum alvarlegum sjúkdómum að því leyti að þeir geta haft talsverð áhrif á alla fjölskylduna. Það er mikilvægt að hjálpa öllum sem standa að hinum veika að ná bata. Leiðarljós Geðverndarfélags Íslands er að standa vörð um geðheilbrigði og stuðla að forvörnum. Út frá gildum félagsins um að fræða, fyrirbyggja, rannsaka og vinna saman voru sett markmið sem fela í sér að félagið mun leggja áherslur á forvarnir í geðheilbrigðismálum auk þess sem markmiðið er að styðja við og hvetja þá sem vilja leggja sitt af mörkum. Það er von okkar hjá Geðverndarfélagi Íslands að það megi verða þeim hvatning og styrkur sem á þurfa að halda.

### Markvissari ákvæði

Að mati stjórnar Geðverndarfélags Íslands skortir markvissari ákvæði í íslensk lög til samræmis við önnur norræn ríki þegar kemur að forvörnum og þjónustu við börn sem eiga foreldra með langvinn veikindi. Mikilvægt er að mörkuð verði heildræn stefna í geðheilbrigðismálum til framtíðar og þá er okkur kappsmál að hugað verði vel að börnum því þeirra rödd hefur ekki verið sterk hingað til. Oft er talað um mikilvægi þess að ná sátt við fortíðina svo hún standi ekki í vegi fyrir því að við njótum lífsins í dag. Það er því mikilvægt að hvetja og styðja við börn og unglinga sem glíma við erfiðleika og reyna þannig að minnka líkurnar á að fortíðin hamli þroska þeirra síðar meir.

Einhvers staðar las ég spakmæli sem var á þessa leið; Allir sem við hittum eru í einhvers konar baráttu sem við vitum ekkert um, því er mikilvægt að sýna nærgætni – alltaf.

**➜ Það er því mikilvægt að hvetja og styðja við börn og unglinga sem glíma við erfiðleika og reyna þannig að minnka líkurnar á að fortíðin hamli þroska þeirra síðar meir.**


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSÖLULOK!
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

# Af plánetum og spítalakostnaði

HEILBRIGÐISMÁL



**Eymundur Sveinn Leifsson**
verkfræðingur og starfar sem ráðgjafi í spítalaverkefnum í Noregi

Í geimnum er pláneta. Pláneta þessi ber nafnið Plútó og er hvorki meira né minna en 7.500 km að ummáli. Það, fyrir dauðlega menn, kann að virðast nokkuð stórt. En hafðu þig hægan, lagsmaður/lagskona, því í geimnum er nefnilega önnur pláneta. Sú heitir Jörðin og er um 40.000 km að ummáli. Jörðin er því rúmlega fimmfalt stærri en Plútó. Hér er þó ekki öll sagan sögð. Því í geimnum er einnig Sólin, sú er 4,4 milljónir km að ummáli sem gerir hana hundrað og tífalt stærri en Jörðina og næstum sexhundruðfalt stærri en Plútó.

Ef við nú ímyndum okkur nýja spítalabygginu og beinan kostnað við hana. Ef við segjum að hönnunarkostnaður spítalans sé Plútó þá má líkja fjárfestingarkostnaði (byggingarkostnaður og tækjakaup) við Jörðina. Sólin er aftur á móti rekstrarkostnaður spítalans á líftíma hans. Er þá reiknað með eðlilegum líftíma, þ.e. byggingin er sögð dauð áður en það telst eðlilegt að nýta ganga sem legupláss fyrir sjúklinga og áður en sveppur fer að hreiðra um sig í hverjum krók og kima. Hvet ég nú alla til að skella sér á internetið og skoða myndir þar sem stærð Plútós og Sólarinnar er borin saman.

Munurinn er gígantískur. Vissulega eru stærðarhlutföllin á milli hönnunar- og byggingarkostnaðar annarsvegar og rekstrarkostnaðar hinsvegar breytileg á milli verkefna en reynslan sýnir víðsvegar um heim að þessi samanburður er ekki fjarri lagi. Stærðin sem ber að einblína á hér er því rekstrarkostnaðurinn, Sólin.

Háskólasjúkrahúsið í Ósló (HSO) er í snemmfasa (e. early phase) skipulagsferli varðandi uppfærslu á aðbúnaði og byggingamassa. Landspítalinn og HSO eiga margt sameiginlegt. Til dæmis eru bæði sjúkrahúsin landssjúkrahús, þ.e. þau veita sérhæfða og krefjandi þjónustu fyrir allt landið sem og almenna heilbrigðisþjónustu. Í Reykjavík eru tvær stórar spítalabyggingar auk starfsemi vítt og breitt um borgina en í Ósló eru fjórir meginspítalar auk annarrar starfsemi. Spítalabyggingar HSO eru sambland af nýlegum byggingum, vernduðum byggingum og byggingum í hálfgerðri niðurníðslu. Eitthvað sem minnir um margt á ástandið heima á Íslandi. Svona mætti áfram telja.

**➜ Samkvæmt skýrslunni er stærð og gæði starfsumhverfisins stærsti og mikilvægasti þátturinn varðandi val á vinnustað, sérlega fyrir yngri starfsmenn, og það að safna allri starfseminni á einn stað muni virka jákvætt á þennan þátt.**

Í HSO-verkefninu eru í heild níu valmöguleikar uppi á borðinu sem allir miða að því að koma aðstöðunni í slíkt horf að unnt sé að veita viðunandi heilbrigðisþjónustu til ársins 2060. Þegar upp var staðið reyndist næstdýrasti kosturinn (einn möguleikanna þar sem öllu er safnað á einn stað) fjárhagslega vænlegastur. Það þrátt fyrir rúmlega 10 milljarða norskra króna mun á honum og þeim ódýrasta.

### Á allt öðru plani

Þegar þetta er skrifað er kjaradeila lækna og ríkis nýleyst og fregnir herma að læknar hafi fengið vilyrði fyrir fjárfestingu ríkisins í aðbúnaðinum á spítalanum. Það er vel, því í efnahagskafla snemmfasaskýrslunnar fyrir HSO-verkefnið eru teknir til nokkrir samfélagslegir þættir sem nýr spítali hefur áhrif á og þá í kjölfarið hagkerfið í Ósló. Einn þeirra er nýliðun á spítalanum. Samkvæmt skýrslunni er stærð og gæði starfsumhverfisins stærsti og mikilvægasti þátturinn varðandi val á vinnustað, sérlega fyrir yngri starfsmenn og það að safna allri starfseminni á einn stað muni virka jákvætt á þennan þátt.

Þetta kemur heim og saman við það sem ég upplifi í Ósló. Eftir að ég flutti hingað hef ég kynnst töluverðu af íslensku heilbrigðisstarfsfólki, bæði læknum og hjúkrunarfræðingum sem öll eru á aldrinum 30-45 ára. Þau eiga það öll sameiginlegt að vera ákaflega vel liðnir starfskraftar á vinnustað sem er sá eftirsóttasti fyrir norskt heilbrigðisstarfsfólk, og einn sá eftirsóttasti á Norðurlöndum. Það sem verra er, á fæstum þeirra er fararsnið. Kaupmáttur og vinnuaðstaða er einfaldlega á allt öðru plani en heima á Íslandi. Sem Óslóarbúa finnst mér það ægilega fínt. Það er gott að eiga hauka í horni á þessari heilbrigðisstofnun og þá eru læknarnir sérlega lélegir í vörn í bumbuboltanum á miðvikudögum. Íslendingurinn í mér getur þó ekki annað en óttast þróunina sem á sér stað í starfsmannamálum Landspítalans.

Í mínum huga er þetta einfalt. Aðbúnaður Landspítalans er 30-40 árum á eftir því sem gerist á Norðurlöndunum. Ég gæti t.d. skrifað langa ritgerð um þá tækni sem notuð er í dag til flutninga á vörum, sjúkrarúmum og lífsýnum innan spítala. Tækni sem vöntun er á heima en er staðalbúnaður á öllum betri spítölum Norðurlandanna. Landspítalinn er einfaldlega barn síns tíma og það á að vera algjör forgangsröðun hjá okkur sem samfélagi að hafa heilbrigðisþjónustuna á mannsæmandi plani. Peningalega og samfélagslega er nákvæmlega ekkert vit í að fresta þessu lengur.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**TAUBLEIUMARKAÐUR**

**Allsherjar taubleiumarkaður verður haldinn að Eggertsgötu 8 á sunnudaginn klukkan 12 til 15. Þar verða seldar notaðar og nýjar bleiur frá ýmsum aðilum.**


TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



ÚTSÖLULOK

60% afsláttur af fatnaði og skóm



Stærðir 34-46

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



STÓRA ÚTSALAN

YFIR 1000 VÖRUR Á MÖGNUÐU TILBOÐI!

20-70% afsláttur!



byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS




# LÆTUR EKKI SJÁ SIG Í SANDÖLUM

**TÍSKA** *Egill Ásbjarnarson er annálað snyrtimenni. Hann gengur helst í klæðskerasaumuðum jakkafötum og veit ekki hvað hann á mörg skópör.*




Valhöll

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 74.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. |
| 160x200 | 104.900 kr. |
| 180x200 | 114.900 kr. |

*3,5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

KORTER.IS

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429










***Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl?***
Þar sem ég vinn við það að sérsauma jakkaföt liggur beinast við að ganga í jakkafötum á hverjum degi. Ég heillast mjög mikið af ítalskri jakkafatahefð og því sunnar sem þú ferð á Ítalíu, því betra. Sniðin eru þrengri og styttri, litirnir bjartari og mynstrin meira lifandi. Napólí fyrir mér er mekka klæðskerahefðar þar sem hver einasta flík er full af lífi og hefur sál, það sem Ítalir kalla sprezzatura. Ég myndi því segja að ég væri svolítið ítalskur þegar kemur að klæðaburði, smá sprezzatura lagað að íslenskum aðstæðum.

***Áttu þér tískufyrirmynd?***
Tónlist og kvikmyndir, svo dæmi séu tekin, hafa ekki mikil áhrif á mig þegar kemur að fatnaði. Mínar tískufyrirmyndir eru mun frekar þeir sem vinna við klassískan herrafatnað á Ítalíu. Þetta eru gæjarnir sem ég get skoðað myndir af endalaust á netinu og Instagram og fengið innblástur frá. Raunverulegir einstaklingar í raunverulegum aðstæðum. Ég var staddur í Mílanó núna fyrr í janúar vegna vinnu og fékk einmitt að hitta eina af þessum fyrirmyndum mínum, Lino Ieluzzi. Lino er Ítali á sjötugsaldri sem á og rekur verslun sem nefnist Al Bazar. Hann er þekkt númer innan þessa bransa fyrir sinn einstaka og persónulega stíl og það voru mikil forréttindi að fá að eyða klukkutíma með honum þar sem hann gaf sér tíma í spjall og sýndi okkur verslunina sína.

***Bestu kaupin?***
Úrvalið af herraskóm á Íslandi er skammarlega lélegt svo það að finna réttu skóna er hægara sagt en gert. Eftir tilkomu verslunarinnar Húrra Reykjavík á Hverfisgötu, sem þeir Sindri Snær og Jón Davíð reka, batnaði ástandið þó til muna. Þeir eru með breskt skómerki í versluninni sem heitir Grenson og pöntuðu um daginn fyrir mig eina gullfallega týpu frá þeim sem nefnist Ellery. Það er varla að ég hafi notað aðra skó eftir að ég fékk þá í hús. Svo var ég að kaupa gulan bakpoka frá Reykjavík Harbour sem ég er ótrúlega sáttur með. Þetta tvennt er klárlega á lista yfir bestu kaupin.

***En þau verstu?***
Ég held að öll mín verstu kaup hafi komið áður en ég áttaði mig á því að fatakaup snúast um gæði fremur en magn. Það að fjárfesta í gæðavöru úr vönduðum efnum nefnilega margborgar sig til lengri tíma. Þessar flíkur líta betur úr með tímanum og öðlast karakter á meðan ódýrari flíkur búa ekki yfir neinni sál og þær þarf að endurnýja stöðugt.

***Hver er uppáhaldsflíkin í fataskápnum og af hverju er hún í uppáhaldi?***
Akkúrat núna er það tvíhneppti frakkinn minn sem ég lét sauma fyrr í vetur. Ég hafði verið í miklum vandræðum með að finna fallegan frakka hér heima því þeir voru allir nákvæmlega eins að mér fannst, svartir og líflausir. Þar sem við eigum yfir 200 frakkaefni hjá Suitup Reykjavik var valið ekki auðvelt. Frakkinn sem ég ákvað að sauma mér er úr ljósgráu windowpane-efni sem er blanda af ull og kasmír og er því ótrúlega hlýr og góður. Það fallega við það að hanna eigin flík er að það er ekki til önnur nákvæmlega eins í heiminum. Öll smáatriðin sem hægt er að gera hjá okkur gera það að verkum að flíkin verður algjörlega þín. Þú stjórnar öllu, það finnst mér skemmtileg nálgun í heimi fjöldaframleiðslu.


**SVAG FYRIR SÉRSAUMUÐU** „Ég væri að ljúga ef ég segði að ég hefði verið fyrirmyndarnemandi í textíltímum hjá Kristínu saumakennara," segir Egill Ásbjarnarson, annar tveggja eigenda Suitup Reykjavík. MYND/GVA

***Er einhver flík eða fatastíll sem þú myndir aldrei láta sjá þig í?***
Ég mun aldrei ganga í sandölum og sokkum samtímis og aldrei mun ég fara í kvartbuxur sem ná niður fyrir hné, svona 3/4 buxur eins og ég kalla þær. En svo veit maður aldrei, kannski verður þetta einmitt málið eftir 10 ár en þá má einhver endilega benda mér á þetta viðtal og skóla mig til.

***Hvað áttu mörg skópör?***
Í sannleika sagt hef ég ekki tölu á þeim. Þegar ég flutti að heiman fyrir um ári þá losaði ég mig við alveg slatta af skóm en safnið í dag er samt stærra en það var fyrir ári. Þó svo að ég sé með ca. 5 pör í reglulegri notkun þá hef ég það einfaldlega ekki í mér að losa mig við það sem ég á nú þegar.

***Slaufa eða bindi?***
Ég er miklum mun hrifnari af bindum en slaufum. Við hjá Suitup Reykjavik hönnum öll okkar bindi sjálfir og þau eru síðan handsaumuð á Ítalíu. Þegar þú stjórnar algjörlega útliti, efnavali og áferð bindanna er mjög erfitt að ganga ekki með þau öllum stundum. Einu skiptin sem ég set upp slaufu er þegar ég er í smóking, þá er það handhnýtt svört satínslaufa.

***Kanntu að sauma?***
Ég væri að ljúga ef ég segði að ég hefði verið fyrirmyndarnemandi í textíltímum hjá Kristínu saumakennara á seinni hluta tuttugustu aldar, en hin síðari ár hefur áhuginn þó kviknað. Ég get bjargað mér þegar kemur að smávægilegum aðgerðum, en ekki mikið meira en það.

***Hvar finnst þér best að versla?***
Í dag versla ég nær undantekningarlaust hjá sjálfum mér, þ.e. við Suitup Reykjavik. Það að geta stjórnað hverju einasta smáatriði, valið efnin og stjórnað sniðum, finnst mér skipta svo ótrúlega miklu máli. Útkoman er flík sem er hönnuð af þér, fyrir þig. Annars versla ég mest erlendis. London og Mílanó eru t.d. í miklu uppáhaldi.

***Hvað ertu lengi að hafa þig til á morgnana?***
Með sturtu myndi ég skjóta á um það bil 15 mínútur. 10 mínútur í sturtu og 5 mínútur í rest með kaffibolla í annarri hendi.

***Hvaðan færðu innblástur fyrir Suitup Reykjavik?***
Eins og ég sagði áðan þá er ég mjög hrifinn af ítalskri jakkafatahefð og er svo heppinn að kollegi minn, Jökull, deilir sömu sýn og ég. Flest okkar föt eru mjög innblásin af þessu. Stærri boðungar, lifandi litir og mynstur og smáatriðin í fyrirrúmi. Við erum svo heppin hvað internetið hefur minnkað heiminn og í dag er hver einasti einstaklingur með myndavél í símanum sínum. Þú færð myndir beint í æð frá öllum hornum heimsins í gegnum blogg og Instagram. Raunverulegt fólk í sínu daglega lífi sem hefur svipaða sýn og þú sjálfur. Þaðan kemur innblásturinn að mestu, frá einhverjum sem hefur skapað sinn eigin stíl og getur deilt honum með umheiminum á auðveldan hátt.




# YVES SAINT LAURENT

KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
29. JANÚAR – 1. FEBRÚAR

**BYLTINGIN HELDUR ÁFRAM**

NÆRANDI OLÍA FYRIR VARIR MEÐ LIT

BÓKAÐU TÍMA Í FÖRÐUN Í SÍMA: 568-9970*

*Þegar keyptar eru 2 eða fleiri YSL vörur getur þú bókað tíma í förðun.

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT**

Lyf & heilsa
Kringlunni

















# INNBLÁSTUR FRÁ BOWIE

**TÍSKA** *Raf Simons, hönnuður Christian Dior, fékk innblástur frá kameljóninu David Bowie fyrir sýningu á tískuvikunni í París í vikunni. Þar sýndi hann hátískukvenfatnað fyrir vorið og sumarið.*

Raf Simons hefur ávallt verið mjög opinskár um hvert hann sækir innblástur sinn. Í þetta sinn var það tónlistarmaðurinn David Bowie sem var hönnuðinum efst í huga. Í viðtali við style.com sagði hann: „Bowie er kameljón, og er sífellt að enduruppgötva sjálfan sig.“

Það sama virðist uppi á teningnum hjá Simons sem tók við sem listrænn stjórnandi Dior árið 2012. Hann þykir þegar hafa sett mark sitt á merkið enda virðist hann stefna frá hinu „dömulega“ sem hefur svo lengi einkennt Dior. Það sást vel á tískusýningunni í París í vikunni. Þar notaði Simons liti og efni sem drógu dám af gamla tímanum en þó með nútímalegu ívafi sem þótti endurspegla nýja tíma. Undir tískusýningunni hljómuðu lög Bowies og gáfu rétta tóninn.






Í Zik Zak færð þú **PERSÓNULEGA** þjónustu, **GOTT** vöruúrval og **FRÁBÆRT** verð!
- Nýjar vörur vikulega
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA
5.990,-
st. S-XXXL
TOPPUR
4.990,-
st. S-XXXL
BLÚSSA
5.990,-
st. S-XXXL
GOLLA
5.990,-
st. S-XXXL
BOLUR
2.990,-
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990,-
st. S-XL
KJÓLL
8.990,-
st. S-XXXL
KJÓLL
7.990,-
st. 42-56
PEYSA
4.990,-
st. 38-50
JAKKI
6.990,-
st. 42-52
MUSSA
3.990,-
st. 42-56
BUXUR
5.990,-
st. 42-56
BOLUR
4.990,-
st. 42-56
SKYRTA
5.990,-
st. 42-56
- Dagana 29. jan - 2. feb!
GÖTUMARKAÐUR
Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook
1. hæð Kringlunnar
Hægt er að panta í síma: 551-1314









**KRÓSK** Kristín Ósk klæðist yfirleitt fötum sem hún hannar sjálf. MYND/GVA

# PLASTJAKKINN VAR TÍSKUSLYS

**KÓSÍ OG KLÆÐILEGT** *Kristín Ósk Halldórsdóttir er sjúk í yfirhafnir og klæðist mikið þykkum og kósí peysum. Eins og flestir fékk hún sinn skammt af tískuslysum unglingsáranna en í dag hannar hún sína eigin fatalínu.*

Kristín Ósk Halldórsdóttir hefur alla tíð haft mikla þörf fyrir að skapa og að búa til eitthvað nýtt en fyrir nokkrum árum fór hún að hanna flíkur undir merkinu KrÓsk. „Þegar ég var unglingur málaði ég mikið af olíumálverkum, mér fannst það taka of mikið pláss er ég merkti myndirnar mínar Kristín Ósk, og því ákvað ég að stytta það niður í KrÓsk, sem ég kunni mjög vel við. Því ákvað ég að halda því merki þegar ég fór að hanna mína fatalínu. Ég legg mikla áherslu á að gæði flíkanna séu mikil, að þær séu með skemmtilegu sniði, úr góðu efni og að allur frágangur sé sem bestur. Stíllinn minn er mjög klassískur en í honum leikur stórt hlutverk áhugi minn á samspili lita og forma. Einnig er ég mjög heilluð af efnum með flottan textúr.“

Kristín segist vera sjúk í yfirhafnir sem lýsi sér vel í öllum peysunum og kápunum í línunni hennar. „Ég er rosalega mikið í peysunni Tind, ef ég er ekki í henni þá er ég líklegast í peysunni Öldu. Undir peysunum er ég oftast í kjólum eða blússum við gallabuxur og grófa skó. Svo nota ég líka mjög mikið loðkragana og böndin frá KrÓsk. Ég reyni að vera meðvituð um hvað er í gangi hverju sinni þar sem ég hrærist í þessu daglega en á samt alveg minn skammt af tískuslysum frá unglingsárunum. Þá eignaðist ég til dæmis hræðilegan myntugrænan plastjakka sem mér fannst alveg æðislegur þá,“ segir Kristín Ósk og hlær.



Uppáhaldshönnuður Kristínar Óskar er Coco Chanel: „Hennar sígildi fatnaður einkenndist af einfaldleika þar sem allt hefur sinn tilgang. Ég hef sjálf áttað mig betur og betur á því með tímanum að það er ekki nóg að flíkin sé töff og í tísku, hún þarf líka að vera klæðileg, það sama hentar ekki öllum.“

Kristín Ósk vissi alltaf að hún vildi starfa við hönnun en það tók hana tíma að finna út úr því við hvers konar hönnun hún myndi vinna. „Ég hefði getað orðið arkitekt, vöruhönnuður, húsgagnahönnuður, leikmyndahönnuður eða hvað sem er. En loks fann ég út úr því að fatahönnun væri sennilega mín sterkasta grein og ég er rosalega ánægð með að vera komin á þá braut og sköpunargleði mín fær heldur betur að blómstra þar.“

# EMMA WATSON LEIKUR FRÍÐU

Leikkonan Emma Watson sem flestir þekkja sem Hermione í Harry Potter-myndunum mun leika Fríðu í nýrri kvikmynd um Fríðu og dýrið. Leikkonan greindi frá þessu á Twitter í vikunni og að eigin sögn er hennar „innra barn“ afar hamingjusamt með nýja starfið.

Hún skrifaði einnig: „Myndin var mjög áberandi á uppvaxtarárum mínum og næstum súrrealískt að ég skuli fá að syngja og dansa í hlutverki Fríðu.“

Leikkonan greindi einnig frá því að nú hæfust stífar söngæfingar fyrir hlutverkið.



Kvikmyndinni verður leikstýrt af Bill Condon sem hefur leikstýrt myndum á borð við Dreamgirls með Beyoncé Knowles og vampírudramað The Twilight Saga: Breaking Dawn.

Byrjað verður að mynda síðar á þessu ári en í mars kemur önnur leikin kvikmynd frá Disney um aðra ævintýraprinsessu. Myndin heitir Cinderella eða Öskubuska upp á íslensku.



**EMMA WATSON** Leikur Fríðu í kvikmyndinni Fríða og dýrið.

Femarelle®

**Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa**

*Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára -*
*vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.*
*Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)*
*Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.*




*„Léttara skap og betri svefn“*
**-Bryndís Guðmundsóttir**

*„Allt annað líf og betri svefn“*
**-Soffía Káradóttir**

*„Femarelle bjargaði líðan minni“*
**-Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

*„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur“*
**-Kolbrún Jóhannsdóttir**

ÚTSÖLULOK

LOKADAGUR LAUGARDAGINN 31. JANÚAR

Glerskápur kr. 137.500 Áður kr. 171.900

Skenkur kr. 114.200 Áður kr. 142.800

SVEFNSÓFI kr. 109.900 Áður kr. 139.900

kr. 79.900 Áður kr. 95.400

kr. 46.800 Áður kr. 66.100

kr. 48.900 Áður kr. 69.000

VALMONT kr. 128.600 Áður kr. 151.300

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni



JULIA ROBERTS

JENNIFER ANISTON

REBECCA GAYHEART

SARAH HYLAND

RASHIDA JONES

# OPIÐ NIÐUR Á MAGA

**ÁBERANDI** *Flegnir kjólar voru afar áberandi á Screen Actors Guild Awards eða SAG-verðlaunahátíðinni sem haldin var í Los Angeles á sunnudag og voru sumir skornir alveg niður á maga. Áherslan var þó ekki endilega á mikla lyftingu, miklu frekar á bera bringuna. SAG-hátíðin er sögð gefa góða vísbendingu um hverjir koma til með að hreppa hin eftirsóttu Óskarsverðlaun.*

**Það var ekki laust við að gestir SAG-verðlaunahátíðarinnar rækju upp stór augu þegar hver stjarnan á fætur annarri mætti á rauða dregilinn með opið niður á maga, enda er leikurinn væntanleg til þess gerður. Klæðnaðurinn einskorðaðist síður en svo við ungu kynslóðina. Gamlar kempur á borð við Jennifer Aniston og Juliu Roberts létu sitt ekki eftir liggja.**

**Það er svo sem ekki óalgengt að stjörnurnar sýni bert hold á rauða dreglinum en hér er óneitanlega um að ræða ansi djarfa sveiflu.**


TRI
Suðurlandsbraut 32
ParkTool
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
Tacx
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
*Cube reiðhjólið á myndinni er 2015 árgerð og ekki á útsölu -
GARNEAU
-30%
LG hjálmar frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
AIM 26 (2014)
Verð fyrir afslátt -
89.990kr
Verð miðað við 35% afslátt
58.990kr
*meðan birgðir endast
AUKA VIKA!
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
ÚTSÖLULOK
31.JANÚAR, 2015
Park Tool 10.500kr
Park Tool 10.500kr
-30%
CUBE bakpokar frá 9.990kr
ÚTSALA 6990kr
-30%
GARNEAU
LG vetrarskór 33.990kr
ÚTSALA 23.990kr
-30%
GARNEAU
LG hanskar 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-20%
TACX
TRAINER
Verð frá: 31.990kr
NAGLADEKK
Á GÓÐU VERÐI!
-30%
SCHWALBE
Nagladekk frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-30%
CUBE
RFR ljós 3.990kr
ÚTSALA 2.799kr
-30%
BROOKS
Brooks skór frá 23.990kr
ÚTSALA 16.500kr
-30%
CRAFT
CRAFT jakkar frá 18.990kr
ÚTSALA 13.300kr
BORGUN
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun
-30%
WWW.TRI.IS
-30%
Opnunartími: 11:00 til 18:00 alla virka daga
Opið á laugardögum 11:00 til 16:00

## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Mururimi 11. Parhús á tveimur hæðum**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45**




Fallegt og vel skipulagt 178,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 18,3 fm. bílskúr við Mururima. Fjögur svefnherbergi. Stofa með útgengi á svalir til norðurs og vesturs. Rúmgott eldhús með hvítum innréttingum, eldunareyju og góðri borðaðstöðu. Tvö vel innréttuð baðherbergi. Lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum og hellulagðri verönd og tyrfðri flöt til vesturs og suðurs aftan við hús. **Verð 49,5 millj. Verið velkomin.**


## tilkynningar


Skipulagsstofnun

**Kynningarfundur um landsskipulagsstefnu**

Skipulagsstofnun boðar til kynningarfundar í Reykjavík um auglýsta tillögu að *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Fundurinn er öllum opinn en hann verður jafnframt sendur út í gegnum heimasíðu Skipulagsstofnunar.

**Fundurinn verður haldinn á Nauthóli við Nauthólsveg fimmtudaginn 29. janúar kl. 15-17.**

Allir geta gert athugasemd við tillöguna og er frestur til að skila athugasemdum til **13. febrúar 2015**.

Tillöguna og fylgiskjal má nálgast á www.landsskipulag.is og www.skipulagsstofnun.is.


## námskeið


**Skemmtileg talnámskeið**

Ítalska, spænska, enska, franska
4 vikur á föstudögum
6. - 27. feb. 12.000 kr.

**Enska fyrir börn**

Leikur, nám og skemmtun
Lau. 13:00 – 14:30
7. feb - 18. apr. 33.000 kr.
Munið ÍTR-kortið

Skráning núna **551 7700**
info@thetincanfactory.eu

THE TIN CAN FACTORY — DÓSA VERKSMIÐJAN
Borgartún 1 • www.thetincanfactory.eu



**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu


## HEIMILIÐ

### Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar undan verðlaunahundum með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Aðeins ein tík eftir. Uppl. í s. 897 6229.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**
150 - 300 fm m / innkeyrsludyrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

### Húsnæði óskast

Laghentur og reglusamur eldri maður óskar eftir einstaklingsíbúð á Reykjavíkursvæðinu. Skilvísi og góð umgengni. Sími 862 9050/583 2424

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**BYGGINGAFÉLAG ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI**
Vanir smiðir, verkamenn, járnamenn, múrarar, vélamenn, bílstjórar og getum einnig bætt við okkur nemum á samning í húsasmíði.
**Umsóknir sendist á 111@simnet.is og í s. 855 1018 frá kl. 13-17**


KRINGLU KRÁIN

**Eru þú góður pizzabakari**

**Við leitum af duglegum, hressum og jákvæðum pizzabakara**

Fullt sarf og hlutastarf í boði
Íslenskukunnátta skilyrði.
Icelandic skills required.
Rótgróin rekstur með góðan starfsanda

**Áhugasamir sendið umsókn, á info@kringlukrain.is**


**MÚRARAR**
Getum bætt við okkur vönum múrurum í vinnu í viðgerðir og viðhald upplýsingar í síma 5676699 á milli kl 8-16 eða á vidhald@vidhald.is

**SÆLKERABÚÐIN BITRUHÁLSI**
óskar eftir starfskrafti. Starf verslunarstjóra og störf í afgreiðslu eru í boði. Umsóknir sendist á saelkerabudin@saelkerabudin.is


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið


## atvinna


**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**



» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!



**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

LOKAÚTKALL

# MEIRI AFSLÁTTUR

## ÚTSÖLULOK UM HELGINA

### KARNIVAL STEMNING

# 30-70%

ÚTILÍF

ARNASYNIR

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR PÁLMASON**
**frá Reykjavöllum, Lýtingsstaðahreppi,**

verður jarðsunginn frá Mælifellskirkju laugardaginn 13. janúar kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**TRYGGVI HJÖRVAR**
**kerfisfræðingur,**

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 27. janúar.

**Erla Hafliðadóttir**
**Tryggvi Hjörvar**
**Kjartan T. Hjörvar**



Okkar kæra systir og frænka,

**ELÍN BJÖRNSDÓTTIR**
**Sléttahrauni 21, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 25. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ólöf Þóra Hafliðadóttir**
**Þorleifur Björnsson**
**Ragna Björg Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir**
**Sturlaugur Björnsson**



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR SIGURJÓNSSON**
**rafvirki,**
**Grænumörk 2, Selfossi,**

lést á Landspítalanum, deild 11G, þriðjudaginn 27. janúar. Útför hans verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Tryggvi Gunnarsson**
**Jakob Gunnarsson**
**Agnes Gunnarsdóttir** **Leifur E. Leifsson**
**Gunnar Ingi Gunnarsson** **Sigrún Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR MAGNÚSSON**
**skipstjóri,**
**Unnarbraut 16, Seltjarnarnesi,**

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 14. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Magnús Gunnarsson** **Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**Lína Gunnarsdóttir** **Sveinbjörn Steingrímsson**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Egill Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**MAGNÚSAR H. MAGNÚSSONAR**
**Skipalóni 24, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar í Kópavogi og deildar 11E á LSH fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Sigríður Bjarnadóttir**
**Hólmfríður Magnúsdóttir** **Árni Guðnason**
**Hildur Magnúsdóttir** **Þorsteinn Einarsson**
**Sigríður Magnúsdóttir** **Sturla Jónsson**
**Magnús Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JANÚAR 1928

## Slysavarnafélag Íslands var stofnað

Slysavarnafélag Íslands var stofnað þennan dag árið 1928. Fyrsti forseti þess var Guðmundur Björnsson landlæknir. Félagið fékk strax mikinn stuðning frá þjóðinni og varð á skömmum tíma ein öflugasta félagshreyfing landsins sem teygði starfsemi sína víða. Björgunartækjum var komið fyrir víða um land, neyðarskýli voru reist og mikil björgunarafrek unnin.

Haustið 1999 sameinaðist Slysavarnafélag Íslands Landsbjörg, landssambandi björgunarsveita og úr varð Slysavarnafélagið Landsbjörg. Samtökin eiga í raun rætur að rekja aftur til 1918 þegar Björgunarfélag Vestmannaeyja var stofnað.

Deildir Slysavarnafélagsins má finna í byggðarlögum um allt land sem vinna að sameiginlegum markmiðum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sparidagar á Hótel Örk við lýði í aldarfjórðung

**Eldri borgarar landsins hafa skemmt sér á sparidögum á Hótel Örk sem haldnir hafa verið hátíðlegir sleitulaust í 25 ár. Dagskráin þar verður vegleg í ár í tilefni tímamótanna.**

„Líklega er leitun að skemmtidagskrá á Íslandi sem hefur verið í boði jafn lengi,“ segir Jakob Arnarson, hótelstjóri á Hótel Örk í Hveragerði, um sparidaga hótelsins. Þeir eru haldnir fyrir eldri borgara og hafa verið fastur liður á hverjum vetri frá árinu 1990 þegar Jón Ragnarsson var þar hótelstjóri.

Jakob segir ýmsa skemmtanastjóra hafa komið að sparidögum í gegnum tíðina og nefnir Helga Seljan, afa fréttamannsins, Hermann Ragnar Stefánsson, Sigurð Guðmundsson, Guðrúnu Nielsen, Árna Norðfjörð og Unni Arngrímsdóttur. „Undanfarin fimmtán ár hefur Gunnar Þorláksson danskennari séð um þessa daga, það er sá sami og er með Komið og dansið í Asparfellinu í Reykjavík. Dagarnir hafa verið dálítið tengdir dansinum í gegnum árin en áherslan á hann hefur samt aðeins minnkað. Við erum meira með þemakvöld núna, Bítlakvöld, kántríkvöld og önnur slík en það er alltaf dansað.“

Spurður hvort meira verði haft við í ár en endranær vegna afmælisins svarar Jakob: „Við bjóðum fólki í hestaleikhúsið í Fákaseli í Ölfusi og leggjum aðeins meira í dagskrána en við höfum gert.“ Hann nefnir sætaferð í Landgræðsluna í Gunnarsholti sem fólk hefur val um að fara í fyrir 1.600 krónur og að Siggi Sigurjóns ætli að leika hið kostulega leikrit Afann á Örkinni.

Innifalið í verði er morgunverður og þriggja rétta kvöldmáltíð og skemmtileg kvölddagskrá verður á sínum stað að sögn Jakobs. „Níels Árni Lund sér um stjórnina á sparidögum núna og verður með Hauk Ingibergsson tónlistarmann og marga aðra góða gesti sér til halds og trausts. Jóhannes Kristjánsson eftirherma kemur eitt kvöldið, Guðríður Helgadóttir verður með fróðleik um garðrækt einn daginn og fleiri gestafyrirlesarar koma. Dagskráin verður sambland af fræðslu, afþreyingu og skemmtun.“

gun@frettabladid.is




**HÓTELSTJÓRINN** „Dagskráin verður sambland af fræðslu, afþreyingu og skemmtun,“ segir Jakob sem hefur verið hótelstjóri á Örkinni í tíu ár. MYND/DAKRI IRENE HUSTED

**„Við bjóðum fólki í hestaleikhúsið í Fákaseli í Ölfusi og leggjum aðeins meira í dagskrána en við höfum gert.**



Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**NANNA INGIBJÖRG HELGADÓTTIR**

verður jarðsungin föstudaginn 30. janúar kl. 13.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Hjartaheill.

**Kristján Fr. Guðmundsson**
**Helga Kristjánsdóttir** **Halldór Guðbjarnason**
**Guðmundur Fr. Kristjánsson** **Jenný Karitas Steinþórsdóttir**
**Guðný Björg Kristjánsdóttir** **Markús Jóhannsson**
**Smári Kristjánsson** **Júlía Svavarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**JÓNASAR ÞORSTEINSSONAR**
**fv. skipstjóra.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á dvalarheimilinu Hlíð fyrir umönnun og hlýhug í hans garð.

**Matthea Kristjánsdóttir**
**Þorsteinn Jónasson**
**Kristján Elís Jónasson** **Ólöf Matthíasdóttir**
**Haraldur Jónasson** **Valgerður Birna Lýðsdóttir**
**Lýður Óskar, Matthea og Elmar**



JANÚAR
GLEÐI
OFURTILBOÐ DAGLEGA Í JANÚAR
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
50%
AFSLÁTTUR
FIMMTUDAGUR
29. JANÚAR
Vnr. 38910099
Járnhillur,
180x100x60/30 cm.
4.935kr.
Almennt verð 9.876 kr.
60%
AFSLÁTTUR
FÖSTUDAGUR
30. JANÚAR
Vnr. 65105827
Þilofn, olíufylltur, 400W.
650x70x500 mm.
3.995kr.
Almennt verð 9.876 kr.
33%
AFSLÁTTUR
4 LÍTRAR
KÓPAL
glitra
LAUGARDAGUR
31. JANÚAR
Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.
3.995kr.
Almennt verð 5.923 kr.
20%
AFSLÁTTUR AF
SONAX VÖRUM
alla helgina
Sérfræðingur aðstoðar viðskiptavini
við val á dýrafóðri.
Granda á föstudag frá kl. 12-17
Breidd á laugardag frá kl. 11-17.
25%
AFSLÁTTUR AF
Josera VÖRUM
alla helgina
13 KR. AFSLÁTTUR
Á LAUGARDAGINN
með dælulyklinum
á stöðinni við
BYKO Breidd.
99kr.
KAKA EÐA CROISSANT
OG KAFFI Á 99 KR.
Virka daga frá 8-10
í janúar í Breidd
FRÆIN ERU KOMIN
Nú er rétt að fara
að huga að sáningu
Grænland
BYKO BREIDD
MIKIÐ ÚRVAL AF
POTTAPLÖNTUM
Í GRÆNLANDI
Fylgstu með gjafaleik
okkar á Facebook.
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | 1 | | 2 | 3 | |
| | 8 | | | 6 | | | | 4 |
| | | | | | | 6 | | |
| 9 | 1 | 2 | | | 4 | 7 | | |
| | 7 | | 1 | | | 9 | | |
| 8 | | 5 | | | 3 | 1 | | |
| | 3 | 7 | 6 | | 9 | | 2 | 1 |
| 6 | | 9 | | 8 | | | | |
| | 2 | | 5 | | 7 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | | 6 |
| 9 | | 5 | 6 | | | | 8 | |
| 7 | 3 | | | | 9 | 1 | | |
| 3 | | | 4 | | 7 | | | |
| | 7 | | | | 1 | | | 2 |
| | 1 | | | | 6 | | | |
| 5 | 9 | 4 | | | 2 | 3 | | |
| | | | | 3 | 5 | | 2 | |
| | | | | 4 | | 9 | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 4 | 1 | | | | 8 | |
| | 5 | | | 7 | 3 | 9 | | |
| | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | | 9 | | 2 | | | |
| | | | | 1 | | | | |
| | | | | | 8 | 4 | 7 | |
| 6 | | | | | | 7 | | 5 |
| 7 | | | 3 | | | | 6 | |
| 8 | | 1 | | 6 | 7 | | 4 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 4 | 6 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 6 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 4 | 1 | 7 | 8 |
| 2 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 | 9 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 5 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 3 |
| 7 | 4 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 3 | 2 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 5 | 7 |
| 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 6 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég vissi að ég var óvelkomið barn þegar ég sá að baðleikföngin mín voru brauðrist og útvarp.“

*Joan Rivers*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**

**2.** viðskipti, **6.** eftir hádegi, **8.** herma, **9.** hrós, **11.** fyrir hönd, **12.** dótarí, **14.** viðburður, **16.** pípa, **17.** skammstöfun, **18.** rell, **20.** í röð, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**

**1.** tel, **3.** samtök, **4.** skynja, **5.** samstæða, **7.** magur, **10.** flík, **13.** síðan, **15.** hestur, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kaup, **6.** eh, **8.** apa, **9.** lof, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** atvik, **16.** æð, **17.** ofl, **18.** suð, **20.** aá, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** held, **3.** aa, **4.** upplifa, **5.** par, **7.** horaður, **10.** fat, **13.** svo, **15.** klár, **16.** æsa, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sverrir Örn Björnsson (2.117), Skákdeild Hauka, hafði svart gegn Björgvini Víglundssyni (2.181), Skákdeild KR, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Svartur á leik**



**44. …Dxe4+!** og Björgvin gafst upp enda verður c-peðið ekki stöðvað. GAMMA verður helsti stuðningsaðili Reykjavíkurskákmótsins 2015-18. **www.skak.is** Hannes og Guðmundur í Gíbraltar.

# BROT AF ÞVÍ BESTA

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS




678L

## E5-521

### FRÁBÆR FARTÖLVA FRÁ ACER

Stórglæsileg frá Acer með nýjastu kynslóð AMD Beema örgjörva og öflugum Radeon R4 skjákjarna ásamt frábærri rafhlöðuendingu allt að 8 tíma.

- AMD A6-6310 Quad Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB AMD R4 128GCN DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.900**
FÆST Í 2 LITUM

ENGIN VÖRUGJÖLD 2015



## SHOCK

### LEIKJAHEYRNARTÓL

- Öflug lokuð heyrnartól frá TteSPORTS
- 40mm Neodymium hágæða hátalarar
- Feykiöflugur hljómur og kraftmikill bassi
- Míkrafónn fellur auðveldlega saman
- Hljóðstillir og Mute hnappur á MIC snúru
- Gullhúðuð hágæða dual jack tengi
- Samanbrjótanleg og meðfærileg

**7.990**
ÓTRÚLEGT VERÐ!




## GTX960

### NÝ KYNSLÓÐ SKJÁKORTA

- Nýjasta leikjaskjákortið frá Gigabyte!
- 2GB GDDR5 7.0GHz 128-bit minni
- Super OC 1304MHz Boost Core Clock
- DirectX12 fyrir næstu kynslóð leikja
- 3D Vision2 og 1024 CUDA Cores í leikina
- G-SYNC, GameStream, ShadowPlay o.fl.
- Gullhúðað 4K HDMI 2.0, 3xDP, 2xDVI
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

**54.900**
2GB GTX960 ITX 44.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




## MacBookPro

### 13" RETINA 256GB

- Intel Core i5-4288U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" IPS Retina 2560x1600 skjár
- Intel Iris Graphics og HDMI tengi
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Apple OS X Mavericks stýrikerfi

**249.900**
ALGENGT VERÐ 289.990




## B1-730

- 7" IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Dual Core Z2560 1.6GHz Turbo, 4xHT
- PowerVR SGX 544 Dual Core skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 3.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7.5 tímar
- USB2 micro og microSD kortalesari
- Tvær HD vefmyndavélar 2MP&0.3MP
- Android 4.2 og tilbúin fyrir 4.4 KitKat

**16.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ!




## PEBBLE

### MEST SELDA SNJALLÚR Í HEIMI

Mest selda snjallúr í heimi er nú loksins fáanlegt á Íslandi, Pebble úrið er með baklýstum LED 1.26" E-paper skjá, BT4.0 og 7 daga rafhlöðu.

- 1.26" 144x168 E-paper háskerpuskjár
- Tengist þráðlaust við símann með BT 4.0
- Sýnir SMS, tölvupóst, dagatal og annað
- Jawbone Up, heilsumælir f/æfingar og svefn
- 50 metra vatnshellt fyrir sundæfingarnar
- 7 daga rafhlöðuending, USB segulhleðsla
- Örþunnt 11,5mm og fislétt aðeins 38g
- Álagsvarin og þægileg TPU ól
- Android, Apple iOS og Windows Phone

**16.900**
FÆST Í 4 LITUM




### 15.6" ACER EXTENSA




### 7" SPJALDTÖLVA




### 2TB FERÐAFLAKKARI




### HÁGÆÐA TÖLVUSTÓLAR

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer Apple hp lenovo Microsoft packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# Strindberg sem spjallþáttur í útvarpi

**Á sunnudaginn frumflytur Útvarpsleikhúsið nýtt íslenskt leikrit eftir Bjarna Jónsson, Strindberg – stundin okkar, í leikstjórn höfundar.**

Bjarni hefur verið ákaflega ötull við að skrifa fyrir leikhús á liðnum árum og er stór hluti þeirra verka bæði leikrit og leikgerðir fyrir útvarp.

„Mér hefur alltaf þótt útvarpið heillandi miðill. Það er svo heillandi að vinna aðeins með hljóðheiminn; texta, tónlist og hljóð. Það er gaman að blanda þessu saman og ég hef alltaf verið sérstakur áhugamaður um tónlistina í textanum. Það felur líka í sér ákveðna áskorun að ná til áheyrandans með þessum hætti. Útvarpið er svo mikið maður á mann miðill þannig að upplifunin af því að hlusta á útvarpsleikhús er að mínu mati ákaflega persónuleg. Að vinna sem höfundur og leikstjóri í útvarpsleikhúsi er ákaflega ólíkt því að vinna í leikhúsi. Í útvarpsleikhúsinu gefst tækifæri til þess að vera alvaldur á meðan leikhúsið er miklu meiri samvinna allra aðila."

Umgjörð Strindberg – stundin okkar er spjallþáttur þar sem þáttarstjórnandi (Hjálmar Hjálmarsson) tekur á móti tveimur gestum (Sveini Ólafi Gunnarssyni og Sólveigu Guðmundsdóttur) í skemmtilegt spjall um Föðurinn eftir Strindberg. Þessi umgjörð er því með sönnu sérsniðin að útvarpinu sem miðli.

„Málið er að útvarp hefur verið að þróast mikið á liðnum árum. Tækifærum til þess að framleiða efni frá grunni hefur fækkað á meðan það er aukin áhersla á almennt spjall. Þáttastjórnendur fá til sín skemmtilega viðmælendur og spjalla um tiltekin málefni frekar en að framleiða efni um málefnið. Þetta er ekkert séríslenskt fyrirbæri heldur virðist þessi þróun eiga sér stað víðast hvar í heiminum. Mig langaði til þess að sjá hvernig það kæmi út að setja Föðurinn í þennan spjallþáttabúning. Ég nota það verk sem ákveðinn grunn en endurvinn texta Strindbergs. Það er margt í þessu verki sem á mikið erindi til nútímans en annað er vissulega skrítið.

Ég valdi Strindberg vegna þess að honum hefur verið skellt í yfirdramatísku skúffuna. En það er mikill húmor í Strindberg sem hefur oft verið horft fram hjá. Hann fjallar mikið um samskipti kynjanna og hefur lúmskan húmor fyrir eigin lífi. Þetta málefni er líka tímalaust og með því að færa hann með róttækum hætti til samtímans kemur berlega í ljós hvað þetta á mikið erindi."



**SAMSKIPTI KYNJANNA** „Strindberg leitaði að nýjum sannleika í samskiptum kynjanna og það á erindi til okkar í dag," segir Bjarni Jónsson, höfundur og leikstjóri.



**FLAUTULEIKARINN** „Flytjendur tónlistar eru oft mjög ósnertanlegir en þarna geri ég mig mjög berskjaldaða og set mig í erfiða stöðu," segir Berglind María. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Er í raun skíthrædd

**Berglind Tómasdóttir flautuleikari verður í Hörpuhorni þegar hátíðin Myrkrir músíkdagar hefst og spilar þar verk sem opnunargestir semja á staðnum.**

„Verkið er eins konar samkvæmisleikur sem gengur út á að gestum er boðið að skrifa nótur eða texta á staðnum og ég spila það. Ég mun dreifa þar til gerðum blöðum og blýöntum meðal opnunargesta." Þannig lýsir Berglind María Tómasdóttir flautuleikari gjörningi sem hún verður með á opnun Myrkra músíkdaga klukkan 17 í dag. Honum verður líka útvarpað á Rás 1. En verður þetta ekki voðalega skrítið? „Jú, vonandi," segir Berglind hlæjandi. „Ég er að sameina höfunda og flytjanda sem venjulega eru aðskildir. Nú mætumst við á miðri leið. Flytjendur tónlistar eru oft mjög ósnertanlegir en þarna geri ég mig mjög berskjaldaða og set mig í erfiða stöðu. Ég er í rauninni skíthrædd."

Berglind segir vel þegið að einhver undirbúi sig en hún sé þó ekki síst að vinna með augnablikið. Hún muni aldrei spila nema einhvers konar nálgun á því sem tónskáldin skrifi. „Það er mikið gert af því í nútímatónlist að skrifa eitthvað sem er óspilanlegt af því verið er að leita eftir nálgun spilarans og líka því að erfiðið skíni í gegn," útskýrir hún.

Berglind kveðst hafa verið að láta útbúa póstkort sem séu auð öðrum megin og með nótnastrengi hinum megin. „Fólk má skrifa texta eða hvað sem er. Það er opið túlkunaratriði hvað það þýðir. Svo ætla ég að halda kortunum til haga og sýna þau enda eru þau ekki síður áhugavert verk en flutningurinn."

Spurð hvort hún ætlist til að tónskáldin merki sér kortin svarar Berglind: „Það er bara undir þeim komið. Þau eru náttúrlega að ganga inn í þennan gjörning en kannski er gaman fyrir framtíðina að hafa spjöldin merkt."

Hún segir hægt að skrifa endalaus verk á lítil póstkort. „Það er hægt að biðja hljóðfæraleikarann að endurtaka eitthvað út í það óendanlega," bendir hún á en býst samt ekki við að gjörningurinn standi til eilífðarnóns.

„Hátíðin verður sett klukkan fimm og ég gef tónskáldunum hálftíma til að semja. Um hálf sex mun ég byrja að spila og reikna með að það taki um kortér."

gun@frettabladid.is

## DAGSKRÁIN Í DAG Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM Í HÖRPU

**Klukkan 17.00** Setning.

**Klukkan 19.30 í Eldborgarsal** Meistarataktar. Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Leif Þórarinsson og Hilmar Þórðarson. Einleikarar eru Sigrún Eðvaldsdóttir og Hávarður Tryggvason. Stjórnandi er Petri Sakari.

**Klukkan 22 í Kaldalóni** Raftónleikar. Verk eftir Lydíu Grétarsdóttur, Camillu Söderberg, Kristínu Lárusdóttur, Tomas Manoury, Úlf Eldjárn og Þórönnu Björnsdóttur.

**„Það er mikið gert af því í nútímatónlist að skrifa eitthvað sem er óspilanlegt af því verið er að leita eftir nálgun spilarans og líka því að erfiðið skíni í gegn.**



Gott í MATINN

FERSKUR FISKRÉTTUR

Gufubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili, kórónaður með kókoslímónu jógúrtsósu, er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn.

Mikið úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is. Uppskriftavefurinn er jafn aðgengilegur í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum.

Hollustan hefst á gottimatinn.is



**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis**
**26. febrúar**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2015

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

Heimilistæki ht.is

365

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

# FIMMTUDAGUR

29. JANÚAR 2015

**Gjörningar**

**17.00** Berglind Tómasdóttir flytur gjörninginn Myrkraverkið við opnun Myrkra músíkdaga í Hörpuhorni Hörpu.

**Tónleikar**

**19.30** Sinfóníutónleikar á Myrkum músíkdögum í Eldborgarsal Hörpu. Miðaverð frá 2.000 krónum.

**21.00** Gyða Valtýsdóttir og Shahzad Ismaily spila í Mengi í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

**21.30** Hljómsveitin Óregla spilar á Stofunni í kvöld.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis

**Opnanir**

**17.00** Myndlistarsýning **Huldu Vilhjálmsdóttur,** Transland verður opnuð í Artóteki Borgarbókasafnsins.



**20.00** Sýningin Andlit Breiðholts opnuð í Hinu húsinu. Léttar veitingar í boði.

**Félagsvist**

**20.00** Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

**Uppákomur**

**19.00** Danska farandbrugghúsið To Øl verður með svokallað Tap Takeover á veitingastað og bar Kex Hostels, Sæmundur í sparifötunum.

**20.00** Spilakvöld í Spilavinum. Spiluð verða alls konar spil á mörgum borðum. Frítt inn.

**21.00** Listastund Tjarnarbíós í kvöld. Umfjöllunarefni listastundarinnar verður hvernig leikhúsið tekur á viðburðum líðandi stundar og sögulegum viðburðum. Aðgangur ókeypis.

**Uppistand**

**21.30** Góðgerðaruppistand á Bar 11 í kvöld. 1.000 krónur inn og allur aðgangseyrir mun renna til Barnaspítala Hringsins.

**Tónlist**

**20.00** DJ Atli Kanill þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**21.00** DJ Myth og Lazybones þeyta skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**21.00** DJ Krystal Carma törfrar fram falda gersemar tónlistarinnar í kjallaranum á kaffihúsinu Stofunni.

**21:00 Sesar A** býður til gleðskapar á Gauknum í tilefni af frumsýningu tveggja tónlistarmyndbanda og enduropnunar vefsíðu sinnar. Frítt inn.

**Fyrirlestrar**

**15.15** Jón Björnsson flytur annað erindi sitt af þremur í Bókasafni Kópavogs. Aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*

# Frumsýnir tvö ný tónlistarmyndbönd

Myndefnið við annað tónlistarmyndbandanna frá Sesari A er tíu ára gamalt.

Rapparinn Sesar A, sem heitir réttu nafni Eyjólfur B. Eyvindarson, efnir til útgáfuveislu á Gauknum í kvöld.

Tilefnið er enduropnun heimasíðunnar Sesar-a.com þar sem allir tenglar sem tengjast rapparanum eru birtir og frumsýningar tveggja tónlistarmyndbanda.

„Það er nýtt lag sem heitir Láttu renna sem ég var að gefa út á netinu, ég er að frumsýna myndbandið við það og annað lag sem heitir Nema hvað,“ segir Sesar A en lagið gefur hann út á vefsíðunni Sesara.bandcamp.com.

„Þetta er mjög sniðug síða, fólk getur sett núll krónur í greiðslureitinn ef það vill fá lagið frítt en ef það vill borga þá getur það gert það,“ og getur fólk því ráðið hvort það greiðir fyrir lagið og hversu mikið en Sesar A er að vinna að því að færa alla sína tónlist inn á vefsíðuna.

Einnig verður frumsýnt myndband við lagið Nema hvað sem Blaz Roca er gestur í. „Lagið var upphaflega gert árið 2004, þá bjó ég úti í Barcelona,“ segir Sesar A og bætir við: „Við tókum myndefnið upp árið 2004. Þetta er nýtt myndband með tíu ára gömlu myndefni.“



**SESAR A** Efnir til útgáfuveislu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

Húsið verður opnað klukkan níu og myndböndin sýnd klukkan ellefu, sérstakir gestir eru Blaz Roca, Herra Hnetusmjör og Aníta Laskar en um skífuþeytingar sjá Dj Kocoon og Dj Moonshine. **- gló**

> **Lagið var upphaflega gert árið 2004, þá bjó ég úti í Barcelona.**




Markaðstorg
Frá fimmtudegi til sunnudags
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
IKEA
Það verður markaðsstemning í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Komdu og gerðu frábær kaup á völdum vörum, bæði smávöru og húsgögnum.
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**45 ára Heather Graham leikkona**

**Þekktust fyrir:** Boogie Nights.

## BÍÓFRÉTTIR

### Draugabanar nálgast

Frumsýningardagur nýju Ghostbusters-myndarinnar vestanhafs verður 22. júlí á næsta ári. Einnig hefur verið tilkynnt að konur verði í aðalhlutverkunum, eða þær **Kristen Wiig,** Melissa McCarthy, Kate McKinnon og Leslie Jones. Leikstjóri og handritshöfundur verður Paul Feig, maðurinn á bak við Bridesmaids. Ivan Reitman framleiðir en hann leikstýrði Ghostbusters-myndunum tveimur sem komu út á níunda áratugnum.



### Hemsworth boðið hlutverk

Hunger Games-stjörnunni **Liam Hemsworth** hefur verið boðið aðalhlutverkið í ID Forever, sem er framhald hinnar vinsælu Independence Day sem kom út 1996. Leikstjóri, eins og í fyrri myndinni, verður Roland Emmerich. Will Smith mun ekki snúa aftur í framhaldsmyndinni en talið er að Jeff Goldblum og Bill Pullman fari aftur í hlutverk sín.



## FRUMSÝNINGAR



**Wild Card**

**Spennumynd**

**Helstu hlutverk:** Jason Statham, Anne Heche og Sofía Vergara.

IMDb 7,0/10 Rotten Tomatoes 20%



**Svampur Sveinsson**

**Teiknimynd**

**Helstu raddir:** Sigurður Sigurjónsson, Jakob Þór Einarsson og Steinn Ármann Magnússon.

IMDb 7,6/10



**THE WITCH** Anya Taylor-Joy fer með aðalhlutverkið í hryllingsmyndinni.

# Tryggðu sér réttinn á hrollinum The Witch

Samningur var undirritaður á Sundance-hátíðinni.

Fyrirtækin A24 og DirecTV hafa tryggt sér dreifingarréttinn í Bandaríkjunum á hryllingsmyndinni The Witch. Samningurinn var innsiglaður á kvikmyndahátíðinni Sundance sem stendur yfir um þessar mundir, samkvæmt bíósíðunni The Wrap.

Rétturinn kostaði ríflega 1,5 milljónir Bandaríkjadala, eða um tvö hundruð milljónir króna.

A24 og DirecTV eru í samstarfi um að sýna kvikmyndir eingöngu á DirecTV í þrjátíu daga áður en þær fara í bíó. Viðskiptavinir eru tuttugu milljónir.

„The Witch er ein mest heillandi og best gerða fyrsta mynd leikstjóra sem ég hef nokkru sinni séð," sögðu dreifingaraðilarnir í yfirlýsingu en leikstjóri er Robert Eggers. Anya Taylor-Joy leikur aðalhlutverkið.

> ➜ The Witch fjallar um hjón sem grunar að elsta dóttir þeirra sé norn eftir að nýfæddur sonur þeirra hverfur.

The Witch gerist í bæ á Nýja-Englandi í Bandaríkjunum á 15. öld. Hún fjallar um hjón sem grunar að elsta dóttir þeirra sé norn eftir að nýfæddur sonur þeirra hverfur.

Engar stjörnur leika í myndinni og spennan byggist upp hægt og rólega. Því er óvíst hvernig henni mun ganga í miðasölunni vestanhafs en hún hefur víða fengið góða dóma.

# Oyelowo styður við bakið á Cumberbatch

David Oyelowo hefur komið kollega sínum Benedict Cumberbatch til varnar vegna ummæla hans í spjallþætti um „litaða" í kvikmyndaiðnaðinum.

David Oyelowo hefur komið kollega sínum og landa, Bretanum Benedict Cumberbatch, til varnar fyrir að hafa notað orðið „litaður" í viðtali.

Cumberbatch baðst afsökunar og sagðist vera „eyðilagður yfir því að hafa móðgað fólk" með því að nota orðið í bandarískum spjallþætti til að lýsa þeldökkum leikurum. Orðalag hans var gagnrýnt víða á netinu eftir viðtalið, auk þess sem góðgerðarsamtökin Show Racism the Red Card sögðu orðið „litaður" vera úrelt.

„Mér finnst þetta fáránlegt," sagði Oyelowo við Newsbeat á BBC. „Þegar þú hlustar á hvað hann var í raun og veru að segja er ljóst að hann er mikill stuðningsmaður þeldökkra listamanna."

Oyelowo lét hafa þetta eftir sér á frumsýningu kvikmyndarinnar Selma í Bretlandi, þar sem hann fer með hlutverk mannréttindaleiðtogans Martins Luthers King.

Cumberbatch minntist á Oyelowo og Chiwetel Ejiofor í viðtali við spjallþáttarstjórnandann Tavis Smiley um fjölbreytileika á meðal leikara í kvikmyndaiðnaðinum. „Að ráðast á hann fyrir orð, í staðinn fyrir að pæla í um hvað hann var í raun að segja, er mjög óheiðarlegt og gefur vísbendingu um tímana sem við lifum á þar sem fólk leitar að hljóðbútum í stað innihaldsins."

Cumberbatch, sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum um Sherlock Holmes, er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í The Imitation Game. Spurður hvort fjaðrafokið vegna ummæla hans muni hafa áhrif á feril hans, þvertók Oyleowo fyrir það. „Ég held að þetta sé bara hluti af kjánalegum fréttahring sem umlykur okkur öll og þetta hverfur fljótt af sjónarsviðinu," sagði hann. „Hann er frábær leikari og er magnaður í Imitation Game. Þetta beinir bara athyglinni frá því sem við ættum að vera að tala um, stórkostlega frammistöðu hans.

freyr@frettabladid.is



**BENEDICT CUMBERBATCH** Leikarinn hefur beðist innilega afsökunar á því að hafa notað orðið „litaður".

NORDICPHOTOS/GETTY

### Minni líkur á Óskarsverðlaunum

Fréttamaður Newsbeat á BBC telur að fjaðrafokið í kringum Cumberbatch gæti dregið úr möguleikum hans á að hreppa Óskarinn en kosningin er í gangi um þessar mundir. „Það er líklegast að hinir sem eru tilnefndir, Eddie Redmayne, Michael Keaton, Bradley Cooper og Steve Carell, hafi óbeint fengið aukið fylgi í kosningunum," sagði hann en bætti við að ferill Cumberbatch mundi ekki bíða hnekki.



**DAVID OYELOWO** Segir umræðuna um Cumberbatch hafa verið fáránlega.






Góð
þjónusta og
hagstæð verð
á skoðunum
um allt land
Klikkaðu
ekki á skoðun!
Vertu tilbúinn að takast á við
vetrarfærðina á nýskoðuðum bíl
FRÍTT
WI FI OG
RJÚKANDI
GÆÐA KAFFI
16
2016
Frumherji
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# LÍFIÐ

## Vegan jarðarberjaís með hind- og bláberjum

Það þarf hvorki að vera tímafrekt né flókið að útbúa eitthvað sem er bæði hollt og bragðgott. Vegan jarðarberjaísinn fyllir í öll boxin. Er hollur, góður og fljótlegur.

5 frosnir bananar í bitum
1 bolli frosin jarðarber
½ bolli hindber
½ bolli bláber
½ banani

Hægt er að nota frosin hindber og bláber ef berin eru látin þiðna fyrst.

Settu frosnu banana og jarðarberin í matvinnsluvél eða kröftugan blandara og blandaðu þar til þú ert komin með fallegan ís.

Skerðu bananann í bita og settu neðst í krukku eða skál, einn þriðja af ísnum ofan á, helminginn af hindberjunum, annan skammt af ís, helminginn af bláberjum, annan skammt af ís og toppaðu ísinn með afganginum af berjunum og banana ef eitthvað er eftir.



**JARÐARBERJAÍS** Girnilegur og hollur vegan-ís með berjum. MYND/ERNAVALA

# TAKA ÁSTFÓSTRI VIÐ ÞÁTTARAÐIR

Margir taka ástfóstri við ákveðnar þáttaraðir eða sápuóperur og fylgjast með þeim ár eftir ár, án þess að þora að viðurkenna það. Glæstar vonir, Nágrannar og Survivor eru dæmi um slíkar þáttaraðir sem framleiddar hafa verið í áratugi og eiga enn dygga aðdáendur.

## GLÆSTAR VONIR



### → Ímynda mér að höfundarnir séu á sýru



**Guðríður Haraldsdóttir,** Gurrý, aðstoðarritstjóri Vikunnar og rithöfundur, fylgdist með Glæstum vonum (Bold and the Beautiful) í nokkur ár og bloggaði á tímabili um þættina. „Ég er búin að vera í smá pásu núna en það gerir ekkert til þó maður sleppi úr nokkrum þáttum," segir Gurrý. Hún fór að fylgjast með þáttunum fyrir tilviljun. „Systir mín bað mig að taka upp vikuskammt á VHS fyrir sig í kringum 2000. Ég horfði þá á þetta og skildi ekkert. Af hverju var þessi ljóshærða brjáluð við dökkhærðu og öfugt? Við systurnar fórum svo í bíltúr út á land og í þeirri ferð sagði hún mér alla forsöguna," segir Gurrý og hlær. „Ég fór svo að blogga, eða bolda eins og ég kallaði það, um þættina og það varð allt vitlaust. Þá komst ég að því að það voru ekki bara konur í fæðingarorlofi sem horfðu heldur sjómenn og lögfræðingar líka," segir hún. Hún segist ekki horfa mikið á Glæstar vonir, en kunna enn skil á þeim. „Ég ímynda mér reyndar að höfundarnir séu á sýru. Ég mun þó um ókomna tíð fylgjast með framvindu Forrester-fjölskyldunnar, þar sem virðist vera ein lögregla og Bridget sem fann upp lyf við krabbameini fór aftur í fatahönnun, þó að mamma hennar væri búin að stinga undan henni tvisvar."

→ Gurrý er í pásu frá Bold and the Beautiful, en mun þó alltaf fylgjast með annað slagið.

## NÁGRANNAR



### → Vonar að Dee snúi aftur minnislaus í Nágranna

**Bryndís Freyja Pedersen**, meistaranemi í hagnýtri þjóðfræði, fór óvart að fylgjast með Nágrönnum fyrir fimmtán árum.

„Bróðir minn var alltaf að horfa á þetta og auðvitað hermdi ég eftir honum og fór að horfa. Svo varð þetta bara einhver vani hjá mér," segir Bryndís Freyja. „Þegar ég var í grunnskóla bjó ég rétt hjá skólanum og hljóp alltaf heim í hádeginu og horfði," segir hún og hlær.

„Ég bjó í Svíþjóð í tvö og hálft ár, en þar eru þættirnir ekki sýndir svo ég þurfti að taka pásu. Svo datt ég aftur inn í þetta þegar ég kom heim," bætir hún við. Bryndís þolir ekki þegar er skipt um leikara í þáttunum. „Ég man þegar það kom ný leikkona fyrir Libby og það var bara ekki að virka," segir Bryndís og hlær. Hún var ein af þeim sem hittu Alan Fletcher, sem leikur lækninn fjölhæfa Karl Kennedy, þegar hann kom hingað til lands fyrir skömmu.

„Hann var ótrúlega vinalegur enda greinilega vanur að hitta aðdáendur." Bryndís segir að Toadie eða Kartan sé einn af uppáhaldskarakterunum sínum.

„Ég er reyndar alltaf að vona að konan hans, Dee, sem átti að hafa dáið komi aftur og sé kannski minnislaus. Það væri eitthvað."

→ Bryndís á eiginhandaráritun frá Alan Fletcher.

## SURVIVOR



### → Svo slæmt að það verður gott



MYND/ÓLAFUR THORISSON

**Valdimar Víðisson,** skólastjóri Öldutúnsskóla, hefur fylgst með raunveruleikaþáttaröðinni Survivor síðan hún hóf göngu sína fyrir fjórtán árum.

„Ég festist strax í þessu. Það er bara eitthvað við þessa þætti, veit ekki alveg hvernig á að lýsa því," segir Valdimar hress og bætir við: „Þetta er það slæmt að það verður gott."

Vinahópur Valdimars fylgdist í upphafi saman með raunveruleikaþáttunum en í dag er hann einn eftir.

„Ég er einn eftir af vinahópnum. Við byrjuðum allir sjö í þessu þegar þetta byrjaði á Íslandi."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Valdimar fylgist með þáttaseríu í langan tíma. „Ég hef margoft sagt að ég ætli að hætta. Ég horfði á Nágranna í tuttugu ár og náði að slíta mig frá því."

Valdimar segir stóran hluta af skemmtuninni vera að velja keppanda til þess að halda með. „Maður reynir að spotta út fljótlega hver er líklegastur til þess að komast langt."

→ Valdimar hefur fylgst með Survivor frá upphafi sýninga.

# Nýtt andlit Chanel

Kristen Stewart auglýsir fyrir Chanel á ný.



**MIKILL HEIÐUR** Twilight-leikkonan Kristen Stewart lætur reyna á fyrirsætuhæfileikana á ný.

Karl Lagerfeld, yfirhönnuður tískufyrirtækisins Chanel, tilkynnti eftir hátískusýningu þess á þriðjudag að Twilight-leikkonan Kristen Stewart myndi bætast í hóp þeirra sem sitja fyrir í stórum handtöskuauglýsingum fyrirtækisins.

Stewart mun bætast í hóp með engum öðrum en leikkonunni Vanessu Paradis og fyrirsætunni Alice Dellal.

Stewart hafði áður setið fyrir í auglýsingum fyrir Métier D'Art-herferð Chanel og hefur Lagerfeld augljóslega heillast svo af leikkonunni að hann fékk hana til liðs við sig á ný.

Ekki hefur verið gefið út hvenær nýju auglýsingarnar verða birtar, en líklegt þykir að það verði fyrir sumarið fyrir vor- og sumarlínu Chanel. - asi

## 22.01.2015 → 28.01.2015





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Mark Ronson/Bruno Mars** | **Uptown Funk** |
| 2 | ▶ | Sam Smith | *Like I Can* |
| 3 | ▶ | Amabadama | *Gaia* |
| 4 | ▲ | Valdimar | *Ryðgaður dans* |
| 5 | ▲ | Taylor Swift | *Blank Space* |
| 6 | ▼ | Hozier | *Take Me To Church* |
| 7 | ▲ | Hozier | *Sedated* |
| 8 | ▼ | Meghan Trainor | *Lips Are Movin* |
| 9 | ▲ | James Newton & Jennifer | *The Hanging Tree* |
| 10 | ▶ | Olly Murs/Travie McCoy | Wrapped Up |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | * | **Björk** | **Vulnicura** |
| 2 | ▲ | Valdimar | *Batnar útsýnið* |
| 3 | ▼ | Helgi Björns | *Eru ekki allir sexý* |
| 4 | ▲ | Ýmsir | *Fyrir börnin* |
| 5 | ▲ | Ásgeir | *In The Silence 3CD* |
| 6 | ▲ | Prins Póló | *Sorrí* |
| 7 | ▼ | Skálmöld | *Með vættum* |
| 8 | * | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music Vol. 2* |
| 9 | ▼ | AmabAdamA | *Heyrðu mig nú* |
| 10 | ▼ | Bessi Bjarnason | *Segir börnunum sögur* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# SÍFELLT VINSÆLLI SJÁLFUMYNDIR

Svokallaðar sjálfumyndir njóta gífurlegra vinsælda um þessar mundir. Fræga fólkið hefur verið duglegt við að smella af sér slíkum myndum við hin ýmsu tækifæri, annaðhvort með öðru frægu fólki eða aðdáendum sínum.




**HEIDI KLUM** Ofurfyrirsætan Heidi Klum smellir af einni sjálfu með aðdáanda á tískusamkomu í Melbourne í Ástralíu. NORDICPHOTOS/GETTY



**GAMAN** Leikararnir Kevin Dunn, Gary Cole, Julia Louis-Dreyfus og Timothy Simons taka sjálfu á Screen Actors Guild-verðlaunahátíðinni í Los Angeles.



**KELLY OSBOURNE** Raunveruleikastjarnan Kelly Osbourne, dóttir rokkarans Ozzy, smellti mynd af sér með aðdáendum á Screen Actors Guild-hátíðinni.



**NEMINN ROSS** Ross Mathews, betur þekktur sem neminn Ross úr kvöldþætti Jay Leno, mætti á Screen Actors Guild.



**MEÐ AÐAÁANDA** Leikarinn og leikstjórinn Kevin Smith stillir sér upp fyrir sjálfu með aðdáanda á Sundance-kvikmyndahátíðinni í Utah.



**SJÁLFA** Hjónin Kim Kardashian og Kanye West ásamt sjónvarpsmanninum og söngvaranum Wayne Brady á hátíðinni The Bet Honors í Washington.



**SYSTKINI** Leikkonan Emma Stone ásamt bróður sínum Spencer og ónefndri konu á Screen Actors Guild-hátíðinni.



**BROSA!** Sara Hyland og Jesse Tyler Ferguson úr sjónvarpsþáttunum Modern Family ásamt Justin Mikita, eiginmanni Ferguson.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




Hnéhlíf



Bakbelti

Stuðningur í skíðabrekkurnar

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.

Komdu og skoðaðu úrvalið
- við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.

SPORLASTIC

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_07.01.15

Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is




**ELTON JOHN** Tónlistarmaðurinn framleiðir þættina í samstarfi við David Furnish og Alan Ball. NORDICPHOTOS/GETTY

## Elton býr til Virtuoso

### Framleiðir sjónvarpsþætti um undrabörn á 19. öld.

Nýr sjónvarpsþáttur sem tónlistarmaðurinn Elton John er með í pokahorninu hefur vakið athygli hjá stjórnendum bandarísku stöðvarinnar HBO. Prufuþáttur er í undirbúningi og ef hann fær góðar viðtökur verður sjónvarpsþáttaröð gerð. Elton John framleiðir þættina, sem nefnast Virtuoso, í samvinnu við eiginmann sinn, David Furnish, og Alan Ball, höfund True Blood.

Virtouso-þættirnir fjalla um undrabörn í tónlist á nítjöndu öld í Vínarborg í Austurríki. Fylgst er með þeim í námi í hinum virta skóla, Academy of Musical Excellence.

➜ Elton John framleiðir í samvinnu við eiginmann sinn David Furnish og Alan Ball, höfund True Blood.

Í aðalhlutverki í prufuþættinum verður Peter Macdissi, sem hefur áður unnið með Ball í þáttunum Six Feet Under og True Blood. Aðrir leikarar eru Alex Lawther, Francois Civil, Nico Mirallegro og Lindsay Farris. Þátturinn verður tekinn upp í vor í Búdapest, Ungverjalandi.




Grillið
Á HÓTEL SÖGU

# *Til hamingju Íslendingar*

*Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumaður á Grillinu hefur lokið keppni í Bocuse d'Or, einni virtustu matreiðslukeppni heims, með glæsibrag.*

*Við erum einstaklega stolt og óskum Sigurði og íslenska liðinu innilega til hamingju.*

*Hlökkum til að sjá ykkur á Grillinu.*

Garri · SD Sælkeradreifing · MS · KJARNAFÆÐI · B

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MORTDECAI | KL 8 - 10.25 | 12 |
| MORTDECAI LÚXUS | KL. 10.25 | 12 |
| THE WEDDING RINGER | KL 5.40 - 8 | 12 |
| BLACKHAT | KL. 10.20 | 16 |
| TAKEN 3 | KL 8 - 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL 8 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL 5 - 8 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 3.30 - 5.45 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANDREA CHÉNIER | KL. 7.15 | L |
| THE WEDDING RINGER | KL 8 - 10 | 12 |
| TAKEN 3 | KL 10.25 | 16 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 6 - 8 ÍSL .TEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL 10 ENSK .TEXTI | L |
| LYKTIN AF OKKUR | KL 8 ENSK .TEXTI | 16 |
| JULES OG JIM | KL 6 ENSK .TEXTI | L |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MORTDECAI | 8, 10:15 | 12 |
| PADDINGTON ISL TAL | 6 | L |
| PADDINGTON ENSKT TAL | 6 | L |
| BLACKHAT | 8 | 16 |
| TAKEN 3 | 10:35 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |

SAMBÍÓIN

TILNEFND TIL 8 ÓSKARSVERÐLAUNA
M.A. BESTA MYNDIN – BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI – BESTI LEIKSTJÓRI




6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. BESTA MYND ÁRSINS
Besti Leikari í aðalhlutverki - Bradley Cooper




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SEARCH PARTY | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5 - 8 - 10:10 - 10:45 |
| AMERICAN SNIPER VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| UNBROKEN | KL. 8 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:50 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 6 - 8 - 9 - 10:45 |
| BLACKHAT | KL. 10:20 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| SEARCH PARTY | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 6 - 9 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 8 - 10:20 |
| SEARCH PARTY | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| SEARCH PARTY | KL. 5:50 - 10:10 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:45 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

SAMbio.is




**RIHANNA** Sendi nýlega frá sér lagið Four Five Seconds.

## Gæti spilað á Grammy-hátíð

Orðrómur er uppi um að Rihanna, Kanye West og Paul McCartney ætli að koma fram á Grammy-verðlaunahátíðinni í næsta mánuði.

Stutt er síðan hin 26 ára Rihanna sendi frá sér nýtt lag, Four Five Seconds, þar sem Kanye og McCartney voru henni til halds og trausts. Ef þau spila á Grammy-hátíðinni munu þau bætast í hóp með Madonnu, AC/DC, Pharrell, Ed Sheeran, Lady Gaga, Sam Smith og fleiri listamönnum sem stíga á svið.

# Skottið fullt af drasli

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



**É**g hlustaði á útvarpið á leið minni til vinnu í gærmorgun og heyrði þar nýjan fróðleik sem ég á eftir að búa að það sem eftir lifir ævi minnar. Þar var læknir sem fræddi hlustendur um þá staðreynd að inntaka sítrónusafa að morgni í volgu vatni gerði kraftaverk fyrir lifrina, þarma og ristil. Sítrónan gerir það að verkum að betri hreyfing kemst á allt þetta kerfi flókinna líffæra en lífið gengur víst miklu betur fyrir sig þegar við náum að hreinsa óæskilegar gallsýrur út um þarmana og nýrun frekar en með öðrum leiðum sem liggja upp á við.

**LÆKNIRINN** sagði mikilvægt að fara á fætur á milli klukkan sjö og níu til þess að sleppa út því sem lifrin væri búin að framleiða yfir nóttina. Ef þessi hreinsun fær ekki að eiga sér stað aukast víst líkurnar á alls kyns óþægindum en nítíu prósent af öllum vandamálum mannsins eiga jú upptök sín að rekja til ristilsins.

**ÉG** og samstarfsfélagi minn fórum að vorkenna sjálfum okkur fyrir það erfiða hlutskipti að sitja stöðugt fastir til hádegis fyrir framan hljóðnemann í beinni útsendingu. Það gerir það nefnilega að verkum að okkur gefst yfirleitt ekki færi á að leyfa þessari mikilvægu hreinsun að eiga sér stað fyrr en um eða eftir hádegi.

**EN** sú mæða, hugsuðum við, eflaust styttist ævi okkar umtalsvert með því að geyma allt þetta drasl í skottinu fram eftir degi.

**ÞAÐ** var því hughreystandi þegar hlustendur hringdu inn og bentu okkur á að það væru aðrir hópar í samfélaginu sem hefðu það skítt í þessum efnum. Nægir þar að nefna strætóbílstjórann sem þurfti að deila sínum þægðum niður á þrjár mínútur í Mjóddinni og klára svo rest niðri á Hlemmi klukkutíma síðar. Kranamaðurinn í Borgartúni átti líka alla okkar samúð þar sem hann hírðist í tugmetra hæð heilu og hálfu dagana og gat lítið annað gert en að horfa með hýru auga á tóman kaffibolla sinn þegar náttúran kallaði.

**ÞÁ** megum við allavega þakka fyrir að geta í neyðartilvikum skellt Bitter Sweet Symphony á fóninn og hlaupið inn á náðhúsið með skeiðklukkuna að vopni.



**KEVIN COSTNER** Hélt upp á sextugsafmæli sitt fyrir skömmu.

## Hélt upp á sextugsafmæli

Kevin Costner var neyddur af eiginkonu sinni, Christine Baumgartner, og elstu dóttur sinni, Anne, til að halda upp á sextugsafmælið sitt.

Leikarinn náði þessum merka áfanga 18. janúar síðastliðinn. „Um 100 vinir komu og þetta var skemmtilegt kvöld. Ég vildi ekki halda upp á afmælið en dóttir mín og eiginkonan neyddu mig til þess,“ sagði Costner. Partíið stóð yfir langt fram á nótt og þegar klukkan var orðin fjögur fór liðið heim til hans í eldhúsið og bjó sér til morgunmat. „Sumir vildu morgunmat en aðrir voru enn að drekka vodka.“

## Dench langar í húðflúr



Breska leikkonan og James Bond-stjarnan Judi Dench fagnaði áttræðisafmæli sínu þann 9. desember. Í tilefni afmælisins hyggst hún fara undir nálina og fá sér eitt stykki húðflúr. „Mig langar mest að fá mér eitthvert flott húðflúr í tilefni þessara stóru tímamóta. Dóttir mín er rosalega spennt fyrir því að ég fái mér húðflúr. Mig langar mest til að fá mér indverskt merki sem er tákn fyrir lífið, ástina og bara allt,“ segir leikkonan.

# Sigur Rós dró mig heim til Íslands

**Frakkinn Mallory Carême ákvað að flytja til Íslands eftir að hafa heillast af landinu fyrir tilstuðlan Sigur Rósar. Hann hreinlega elskar að fara á tónleika.**

„Ég held að það hafi í alvöru verið Sigur Rós sem dró mig hingað,“ segir Frakkinn Mallory Carême, nemi við Háskóla Íslands sem heldur úti Facebook- og Instagram-síðunum A Year in Iceland. Þar birtir hann myndir og myndbönd af upplifun sinni af Íslandi. Hann flutti til Íslands í ágúst í fyrra, en hann heillaðist af landinu eftir að hafa hlustað á hljómsveitina Sigur Rós.

Þetta er í fyrsta sinn sem Carême kemur til landsins og þetta er það lengsta sem hann hefur farið frá heimahögunum í Dijon í Frakklandi. „Þetta er sennilega það klikkaðasta sem ég hef gert. Ég hef ekki ferðast mikið og þorði ekki að búast við miklu þegar ég kom hingað, því ég vildi ekki verða fyrir vonbrigðum. En þetta hefur farið fram úr mínum björtustu vonum. Ég elska að vera hérna,“ segir Carême.

Hann hafði aðeins verið á landinu í nokkra daga þegar hann hitti átrúnaðargoðið sitt. „Ég var að labba heim úr Bónus með poka og stoppaði á gangbraut, leit upp og þá var Jónsi í Sigur Rós við hliðina á mér. Ég fór alveg í kerfi og spurði hvort þetta væri í alvöru hann,“ segir hann og hlær.

Auk þess að vera í námi í Háskóla Íslands er Carême duglegur að fara á tónleika og ýmsa viðburði. „Ég elska að fara á tónleika hér og Ísland er uppáhaldsstaðurinn minn til að fara á tónleika. Það er svo mikið af frábærum tónlistarfólki hér og ég er gjörsamlega heillaður af þessu hæfileikaríka fólki,“ segir hann.

Carême er nokkuð ákveðinn í því að setjast hér að og langar lítið að flytja út aftur. „Í flugvélinni vissi ég að það yrði hættulegt fyrir mig að koma hingað, ég fann á mér að ég myndi ekki flytja til Frakklands aftur. Mér líður eins og ég eigi heima hérna og það sé mín köllun í lífinu að vera hér.“



**ELSKAR ÍSLAND** Frakkinn Mallory Carême vill setjast hér að og finnst ólíklegt að hann flytji aftur til Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> „Ég var að labba heim úr Bónus með poka og stoppaði á gangbraut, leit upp og þá var Jónsi í Sigur Rós við hliðina á mér. Ég fór alveg í kerfi og spurði hvort þetta væri í alvöru hann.

Hann ætlar þó að halda áfram að setja myndir á síðuna sína og klára árið, en veit ekki hvort hann heldur áfram eftir það. Þeir sem vilja fylgjast með ferðum Carêmes á Íslandi og upplifa með hans augum geta elt hann á Facebook- og Instagram-síðunum A Year in Iceland.

adda@frettabladid.is





BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Whiplash | 18.00 | Mommy | 20.00 |
| Reimt á Kili | 18.00 | París norðursins ENG SUB | 22.00 |
| Winter sleep | 18.00 | Turist ENG SUB | 22.20 |
| A most wanted man | 20.00 | Girlhood | 22.30 |








Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG, Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 29. JANÚAR TIL 1. FEBRÚAR**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal



## Lilleström ætlar að næla í Árna

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, þjálfari Lilleström, hefur mikinn áhuga á Blikanum Árna Vilhjálmssyni og ætlar sér að fá hann til Noregs.

Samkvæmt heimildum íþróttadeildar þá hafa Blikar þegar hafnað einu tilboði frá Lilleström í Árna. Norska liðið hefur þó ekki gefist upp og ætlar að gera annað tilboð í framherjann.

Árni var til skoðunar hjá hollenska félaginu Groningen á dögunum en hollenska félagið hefur ekki farið lengra með áhuga sinn á leikmanninum.

Norðmennirnir hafa aftur á móti ekki gefist upp og því óljóst hvort Árni spilar með Blikum í Pepsi-deildinni næsta sumar.

- hbg



## Getum verið stoltir af spilamennskunni

**HANDBOLTI** Þýskaland spilar ekki um verðlaunasæti á HM í Katar en það varð ljóst eftir að lærisveinar Dags Sigurðssonar töpuðu fyrir heimamönnum, 26-24, í 8-liða úrslitum keppninnar í Lusail-höllinni í gær.

Þjóðverjar voru ólíkir sjálfum sér miðað við frammistöðuna á mótinu til þessa. Þýskaland fékk þó tækifæri til að minnka muninn í eitt mark á lokamínútum leiksins en Daniel Saric, bosníski markvörðurinn í liði Katars, varði í tvígang frá Patrick Grötzki úr dauðafærum sem gerði út um vonir Þjóðverja.

„Við byrjuðum ekki vel og ég hefði átt að skipta fyrr í 6-0 vörnina,“ sagði Dagur en þýska vörnin var í miklum vandræðum með línumanninn Borja Vidal framan af. „Eftir það vorum við miklu þéttari. En við vorum líka í vandræðum í sókn – báðar skytturnar byrjuðu illa og miðjumaðurinn var passívur.“

Niðurstaðan var auðvitað mikil vonbrigði en Dagur hrósaði engu að síður sínum mönnum. „Þetta er okkar fyrsta tap og við getum verið stoltir af spilamennsku okkar í dag [í gær]. Strákarnir börðust eins og ljón og nú þurfa þeir að rífa sig upp og koma sér í stand fyrir næsta leik.“



**ERFITT** Aðstoðarmaður Dags huggar hann eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

Þýskaland mætir Króatíu í fyrri leik sínum í umspilinu um 5.-8. sætið en liðin í 2.-7. sæti keppninnar fá þátttökurétt í undankeppni næstu Ólympíuleika.

- esá

HM Í HANDBOLTA Katar 2015

## ÚRSLIT

### 8-LIÐA ÚRSLIT

**Króatía - Pólland** **22 - 24** (10-12)
**Katar - Þýskaland** **26 - 24** (18-14)
Katar - Mörk (skot): Rafael Capote 8 (12), Zarko Markovic 6/2 (17/3), Borja Vidal 4 (4), Eldar Memisevic 3 (3).
Varin skot: Danijel Saric 9 (29, 31%), Goran Stojanovic 2/2 (6/3, 33%).
Þýskaland - Mörk (skot): Uwe Gensheimer 5/1 (7/3), Patrick Groetzki 4 (7), Martin Strobel 3 (5), Steffen Weinhold 3 (5).
Varin skot: Silvio Heinevetter 12/1 (28/2, 43%), Carsten Lichtlein 4 (14/2, 29%).
**Danmörk - Spánn** **24 - 25** (11-11)
**Slóvenía - Frakkland** **23 - 32** (10-18)
Danmörk - Mörk (skot): Anders Eggert 6/4 (8/5), Mikkel Hansen 6 (11), Mads Mensah Larsen 4 (6), Hans Lindberg 2 (3/1).
Varin skot: Niklas Landin 18/1 (40/5, 45%), Jannick Green 3 (6/1, 50%),.
Spánn - Mörk (skot): Valero Rivera 10/5 (11/6), Joan Cañellas 5 (7), Raúl Entrerríos 4 (8), Jesus Antonio Garcia 2 (3).
Varin skot: Gonzalo Pérez de Vargas 10/2 (33/5, 30%), José Manuel Sierra (1/1, 0%),

## DOMINOS KVENNA

**Grindavík - KR** **88-72**
Grindavík: Kristina King 27/11 fráköst/5 stoð/6 stolnir, María Ben Erlingsdóttir 20/7 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 13, Pálína Gunnlaugsdóttir 10/6 fráköst.
KR: Björg Guðrún Einarsdóttir 23, Bergþóra Tómasdóttir 18, Simone Holmes 16/6 fráköst, Sara Mjöll Magnúsdóttir 11.
**Keflavík - Snæfell** **85-72**
Keflavík: Carmen Tyson-Thomas 34/14 frák/5 stoð/6 stolnir, Ingunn Kristínardóttir 15, Sara Rún Hinriksdóttir 10/7 fráköst.
Snæfell: Kristen Denise McCarthy 27/10 frák/5 varin, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14, Hildur Sigurðardóttir 13/9 fráköst.
**Hamar - Haukar** **65-61**
Hamar: Sydnei Moss 19, Þórunn Bjarnadóttir 16, Salbjörg Sævarsdóttir 14/12 frák.
Haukar: Sylvía Hálfdanardóttir 16, Dagbjört Samúelsdóttir 14.
**Breiðablik - Valur** **67-85**
Breiðablik: Arielle Wideman 24/13 fráköst, Berglind Ingvarsdóttir 10
Valur: Ragna Margrét Brynjarsdóttir 18.

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins

# Verður bara betri móðir

Kristín Guðmundsdóttir er að verða 37 ára og á þrjú lítil börn. Konur í hennar stöðu eiga flestar nóg með að reka heimilið en Kristín mætti í Safamýrina á þriðjudagskvöldið og skaut topplið Fram hreinlega í kaf.

**HANDBOLTI** „Þetta var svolítið mikið gaman. Ég hef aldrei skorað svona mörg mörk í einum leik því metið mitt var fjórtán. Það gekk eiginlega allt upp hjá mér,“ sagði Kristín Guðmundsdóttir um leikinn í fyrrakvöld þegar hún skoraði sextán mörk í óvæntum 26-23 sigri Vals á Fram í Olís-deild kvenna.

Kristín og Stefán Arnarson, núverandi þjálfari Fram, unnu sex stóra titla saman með Val á síðustu fimm árum og Kristín viðurkennir að það hafi aðeins kveikt í sér að mæta gamla þjálfaranum.

„Það kveikir oft meira í manni að spila á móti leiðinlegum leikmanni en það var samt gaman að vinna Stefán. Við Stefán spjöllum oft saman enda er hann er eiginlega búinn að þjálfa mig síðan að ég var sextán ára,“ segir Kristín.

Stefán reyndi þó allt til að stoppa sinn gamla leikmann. „Hann tók mig úr umferð í 45 mínútur. Við erum með ágætis kerfi þar sem Silla (Sigurlaug Rúnarsdóttir) og þær sem eru á miðjunni ná að losa mig. Þá komst ég alltaf í frítt skot og þetta kerfi var að ganga upp hjá okkur,“ segir Kristín, en Valsliðið hefur lent mikið í því í vetur að mótherjarnir reyni að taka aðalskyttu liðsins úr umferð.

Kristín segir að handboltinn gefi sér mikið. „Ég er í hundrað prósent vinnu, með risaheimili og þrjú börn. Ég þarf því að skipuleggja mig vel og met það svo mikils að fá að fara á hverja einustu æfingu. Mér finnst alltaf gaman á æfingum og ég fæ fullt út úr því. Maður verður bara betri móðir fyrir vikið ef maður getur aðeins farið og fengið útrás. Þá kemur maður bara einbeittari til leiks á heimilinu á eftir,“ segir Kristín. Hún hefur skorað 10,2 mörk að meðaltali í fyrstu fimm leikjum liðsins á árinu 2015.

### Krossfittið gefur henni mikið

„Ég er búin að vera dugleg að æfa og fer alltaf reglulega í krossfittið á sumrin. Ég tel það mikilvægara þegar það er frí að vera í krossfitti heldur en í handboltanum,“ segir Kristín og jólamánuðurinn var vel nýttur. „Um jólin gat ég aftur farið að fara í krossfittið því það var ekki svona mikil leikjatörn. Krossfittið er alveg að hjálpa mér og ég vildi að ég gæti verið meira í því. Ég byrjaði í krossfittinu árið 2010 og það hefur hjálpað mér í gegnum þessa Íslandsmeistaratitla að vera í því,“ segir Kristín.

„Ég hef rosalega gaman af því að geta sýnt þessum stelpum sem eru hættar og eiga börn heima að þetta er alveg hægt,“ segir Kristín og hún fann einnig til mikillar ábyrgðar í haust þegar Íslandsmeistaralið Vals hvarf næstum því á einu bretti.

### Ætlaði að hætta í haust

„Ég ætlaði bara að hætta í haust þegar allar hættu. Núna var ég farin að æfa með stelpum sem eru tuttugu árum yngri og átti kannski ekki mikla samleið með þeim nema bara handboltalega. Óskar (Bjarni Óskarsson) er bara svo flottur þjálfari og það er gaman á æfingum. Það skiptir engu máli hvort þú ert 37 ára eða 16 ára,“ segir Kristín.

„Ég horfði upp á mitt uppeldisfélag, Víking, fara til fjandans um árið þegar það var gefið upp á bátinn. Þú kemst ekki svo auðveldlega aftur inn. Í haust þegar það lá næstum því fyrir að Valur myndi ekki vera með lið þá gat ég ekki hugsað mér það. Ég er í dag orðin Valsari og það er fullt af flottum stelpum þarna. Ég hugsaði bara að við yrðum að hjálpa þessu áfram. Það er líka það sem Begga (Berglind Íris Hansdóttir markvörður) er að hugsa um núna, koma aðeins og hjálpa okkur og kenna þessum ungu stelpum,“ segir Kristín og sigurinn á Fram mun gefa liðinu mikið.

„Þetta er svo stórt í reynslubankann fyrir þessar ungu stelpur að geta sýnt sjálfum sér það að þetta er alveg hægt. Við eigum fullt erindi í þetta,“ segir Kristín og hefur hún ekki bara gott af því að vera í kringum ungu stelpurnar?



**FRÁBÆR FRAMMISTAÐA** Kristín Guðmundsdóttir skoraði 16 af 26 mörkum Vals í sigri á liði Fram sem hafði ekki tapað á heimavelli í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Yngja hana bara upp

„Ég held bara að þessar stelpur yngi mig bara upp. Ég er farin að klæða mig og greiða mér eins og þær og er ekki bara farin að líta út eins og ég sé sextán,“ sagði Kristín hlæjandi að lokum.

ooj@frettabladid.is

ÚTSALA
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

## Þungir Spánverjar drápu leikinn

Guðmundur Guðmundsson segir það sorglegt að hafa tapað fyrir Spáni í gær.

**HANDBOLTI** Rivero-feðgarnir reyndust íslensku þjálfurunum erfiðir í Lusail-höllinni í gær. Báðir heita Valero að fornafni en sá eldri, þjálfari Katar, sló Dag Sigurðsson og Þýskaland úr leik í fyrri leik dagsins og sá yngri skoraði tíu mörk fyrir Spán sem vann Danmörku, lið Guðmundar Guðmundssonar, í háspennuleik, 25-24.

Joan Canellas skoraði sigurmark Spánar á lokasekúndu leiksins og tryggði þar með sæti Spánar í undanúrslitum. Danmörk, rétt eins og Þýskaland, þarf að fara í umspil um sæti 5-8 og mætir Slóveníu á morgun.

„Þetta var sorglegur endir á þessum erfiða handboltaleik við heimsmeistarana,“ sagði Guðmundur eftir leikinn í gær. „Þetta var erfiður leikur að spila á margan hátt.“

Það mátti heyra á Guðmundi að hann var ósáttur við margt sem Spánverjarnir fengu að gera í þessum leik.



**SVEKKTUR** Guðmundur átti erfitt með kyngja tapinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

„Okkar upplegg var að keyra á þá með hraðaupphlaupum og það gekk betur í síðari hálfleik en í þeim fyrri. Þeir fengu hins vegar tækifæri til að spila margar langar sóknir og oft tvöfalda skotsénsa, þó svo að höndin hafi verið komin upp,“ sagði Guðmundur enn fremur.

„Þeir voru orðnir þungir í lokin en náðu að drepa leikinn með löngum sóknum. Yfirleitt voru þeir á síðasta séns þegar þeir skoruðu sín mörk og það gerði okkur erfitt fyrir að keyra upp hraðann í leiknum.“

Guðmundur hrósaði sínum mönnum en ljóst er að það gefst skammur tími til að dvelja við tapið. Fram undan er mikilvægt umspil um sæti í undankeppni Ólympíuleikanna í Ríó.

„Frammistaða leikmanna var til fyrirmyndar,“ sagði hann. „En það var ekki auðvelt að brjóta þessu spænsku vörn á bak aftur. Það eru alltaf þung spor sem maður tekur eftir tapleiki en við verðum nú að sjá til þess að leikmenn komi rétt stilltir inn í næsta leik.“

- esá

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD DISKAR • NETBÚNAÐUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
HÁTALARAR • ÍHLUTIR • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR • GEISLADISKAR
VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR • STÝRIPINNAR
HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • SKRIFARAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

## SÍÐUSTU ÚTSÖLUDAGARNIR !

**15,6" LAGFÆRÐAR**
**FARTÖLVUR FRÁ 39.990 !**

NÁNAR UM ALLAR
WWW.TL.IS
ÚTSÖLUVÖRUR

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

**MEIRI LÆKKUN Á**
**YFIRFÖRNUM FARTÖLVUM**

**1.000 TÖLVUR**
**OG TÖLVUVÖRUR!**

tl.is
TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl. 19.55

### Eldhúsið hans Eyþórs



Vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem Eyþór Rúnarsson fer á kostum í eldhúsinu. Í hverjum þætti heimsækir hann sannkallaða sælkera sem allir eiga það sameiginlegt að elska mat og framreiðslu og töfraðir verða fram dýrindis réttir.

## Í KVÖLD



### Restaurant Startup

**STÖÐ 2 KL. 20.25** Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.



### Edward Scissorhands

**BÍÓSTÖÐIN KL. 20.15** Edward er sköpunarverk uppfinningamanns sem léði honum allt sem góðan mann má prýða en féll frá áður en hann hafði lokið við hendurnar. Edward er því með flugbeittar og ískaldar klippur í stað handa en hjarta hans er hlýtt og gott.



### Ally McBeal

**GULLSTÖÐIN KL. 20.15** Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

## BYLGJAN kl. 19.15

### 90's þátturinn



Þórunn Erna Clausen spilar fyrir þig bestu lögin frá 1990–1999.




## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** 60 mínútur
**10.20** Doctors
**11.00** Don't Blame the Dog
**11.50** Harry's Law
**12.35** Nágrannar
**13.00** Hope Springs
**14.45** The O.C
**15.30** iCarly
**15.55** Tommi og Jenni
**16.20** The New Normal
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.55** **Eldhúsið hans Eyþórs** Vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem Eyþór Rúnarsson fer á kostum í eldhúsinu. Í hverjum þætti heimsækir hann sannkallaða sælkera sem allir eiga það sameiginlegt að elska mat og framreiðslu og töfraðir verða fram dýrindis réttir sem gleðja bæði augu og bragðlauka.
**20.25** Restaurant Startup
**21.10** NCIS
**21.55** NCIS
**22.40** Crimes That Shook Britain
**23.35** Rizzoli & Isles
**00.20** Broadchurch
**01.10** Banshee
**02.00** Predator
**03.45** NCIS. New Orleans
**04.30** Hope Springs
**06.05** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.10** Sheffield Utd. - Tottenham
**08.50** Man. City - Middlesbrough
**10.30** Króatía - Pólland
**11.50** Katar - Þýskaland
**13.10** Ensku bikarmörkin
**13.40** Slóvenía - Frakkland
**15.00** Danmörk - Spánn
**16.20** Spænsku mörkin
**16.50** Sheffield Utd. - Tottenham
**18.30** League Cup Highlights
**19.00** Fjórgangur BEINT
**22.20** World's Strongest Man 2014
**22.50** League Cup Highlights
**23.20** Brighton - Arsenal

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.55** Leicester - Stoke
**15.35** Football League Show
**16.05** Aston Villa - Liverpool
**17.45** Liverpool - Arsenal 21.04.09
**18.15** Swansea - Chelsea
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Man. City - Arsenal
**22.15** QPR - Man. Utd.
**23.55** Messan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.30** Top 20 Funniest
**19.10** Community 3
**19.35** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**20.45** Hot in Cleveland
**21.10** Supernatural
**21.55** True Blood
**22.50** Constantine
**23.35** Last Man Standing
**23.55** American Idol
**00.40** Hot in Cleveland
**01.05** Supernatural
**01.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Kalli á þakinu **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Kalli á þakinu **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Latibær **14.46** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Kalli á þakinu **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Latibær **18.46** Ævintýraferðin **19.00** Happily N'Ever **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.50** Strákarnir
**18.15** Friends
**18.40** Mom
**19.05** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Go On
**20.15** Ally McBeal
**21.00** The Following
**21.45** Vice
**22.15** Prime Suspect 2
**00.00** It's Always Sunny in Philadelphia
**00.20** Go On
**00.45** Ally McBeal
**01.30** The Following
**02.10** Vice
**02.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** The Magic of Bell Isle
**13.05** The Extra Man
**14.50** Edward Scissorhands
**16.35** The Magic of Bell Isle
**18.25** The Extra Man
**20.15** Edward Scissorhands
**22.00** Skyline
**23.35** In a World ...
**01.05** Don't Be Afraid of the Dark
**02.45** Skyline

## RÚV

**16.30** Berlínarsaga
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Vísindahorn Ævars
**18.20** Vísindahorn Ævars
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** **Reykjavíkurleikarnir** Samantekt frá hinu árlega alþjóðlega íþróttamóti sem fram hefur farið í Reykjavík síðustu daga.
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** **Ferð til fjár** Skemmtilegur og öðruvísi þáttur um fjármál. Markmiðið með þáttunum er að bæta fjármálalæsi landsmanna. Fjallað er um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu rædd.
**20.35** Doll og Em
**21.00** **Morðgátur Murdochs** Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtísku aðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**21.45** Á sömu torfu
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Erfingjarnir
**00.00** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.30** Cheers
**14.55** Top Chef
**15.45** Last Chance to Live
**16.30** Vexed
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.20** Scandal
**22.05** How to Get Away with Murder
**22.50** The Tonight Show
**23.40** Law & Order: SVU
**00.25** The Affair
**01.15** The Walking Dead
**02.05** Scandal
**02.50** How to Get Away with Murder
**03.35** The Tonight Show
**04.25** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.45** Golfing World 2015
**09.35** PGA Tour 2015 - Highlights
**10.30** European Tour 2015
**13.30** Golfing World 2015
**14.20** PGA Tour 2015
**16.35** European Tour 2015
**19.35** PGA Tour Latinoamerica
**20.05** Inside the PGA Tour 2015
**20.30** PGA Tour 2015
**23.30** Inside the PGA Tour 2015
**23.55** Golfing World 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# JO NESBØ

## Ávanabindandi spennutryllir

Harry Hole dregst inn í miskunnarlausa undirheima Oslóarborgar, þar sem nýtt og háskalegt eiturlyf er komið í umferð. Lögreglan vill ekki hleypa Harry nálægt rannsókn málsins …






„… snilldarleg glæpasaga þar sem von og örvænting takast á allt aftur að síðustu blaðsíðu.“

EKSTRA BLADET

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

## BESTI BITINN



**„Ég er mikið fyrir Saffran og finnst humarpítsan þar alveg sérstaklega góð.“**

María Ólafsdóttir, söngkona.

# Sat fyrir í hvítum kufli uppi í fjalli í Malibu

Steed Lord-meðlimurinn Eddi Egilsson sat fyrir í febrúarhefti tískutímaritsins Numéro Magazine.

„Ég fékk tölvupóst frá skrifstofunni minni Next um að Numéro Magazine hefði sýnt mér áhuga og vildi fá mig í myndaþátt fyrir febrúartölublaðið,“ segir Eddi Egilsson, einn meðlima hljósveitarinnar Steed Lord.

Hann sat fyrir í myndaþætti í tískutímaritinu Numéro Magazine fyrir ljósmyndarana Sofiu Sanchez og Mauro Mongiello. „Ég vissi lítið um tökuna sjálfa nema að ég ætti hugsanlega að skjóta með ofurfyrirsætunni Jessicu Stam en hún var upptekin svo fyrirsætan Madison Stubbington var fengin í staðinn,“ segir hann. Myndatakan fyrir þáttinn, sem birtist í febrúarútgáfu tímaritsins, var tekin upp í stóru setri í fjöllum í Malibu. Alls voru fyrirsæturnar níu og að auki kom teymi frá París til að vinna við tökuna. „Myndatakan var í „seventies“ stíl og innblásturinn fengu þau að mestu frá sértrúarsöfnuðinum The Source Family sem sjá mátti á hvíta Rolls Royce-bílnum frá sjöunda áratugnum og kaftan-klæðunum auðvitað,“ segir Eddi og á þá við hvítu kuflana sem þau klæddust.

Þessa dagana er Steed Lord að vinna að nýrri plötu sem væntanleg er á vormánuðum. - asi



**OPNAN** Skemmtileg síða úr blaðinu og er Eddi lengst til hægri á myndinni. MYND/ SOFIA SANCHEZ OG MAURO MONGIELLO.




# Leoncie með lífverði í Vestmannaeyjum

Tónlistarkonan kemur í fyrsta sinn fram á tónleikum í Eyjum á morgun. Hún er einnig á leið í tónleikaferðalag til Bandaríkjanna á næstunni í fyrsta sinn.

„Þetta er að mig minnir í fyrsta sinn sem ég kem fram á tónleikum í Vestmannaeyjum. Þetta verður geggjað, ég ætla halda frábært sjó og hlakka mikið til,“ segir tónlistarkonan Leoncie.

Hún er á leið til Vestmannaeyja á morgun til þess að halda tónleika og átti fullt í fangi með að velja sér kjóla til þess að fara með til Eyja þegar blaðamaður náði tali af henni.

Birgir Nielsen, vert á tónleikastaðnum Háaloftinu þar sem Leoncie kemur fram, segir mikla tilhlökkun vera í Eyjamönnum fyrir komu tónlistarkonunnar. Hún er þó með sínar kröfur þegar hún fer í tónleikaferðir sem þessar.

„Við erum búnir að uppfylla allar hennar helstu kröfur. Hún fer til dæmis ekki með Herjólfi heldur flýgur hún og verður sótt á glæsilegum jeppa. Við erum líka með tvo lífverði sem verða með henni meðan á dvöl hennar stendur,“ segir Birgir. „Hún mun gista á fjögurra stjörnu hóteli og þeir hjá Einsa kalda verða klárir með steikina þegar hún mætir,“ bætir Birgir við.

Eyjaferðin er þó eingöngu upphafið að ævintýrum Leoncie á nýju ári því hún er á leið til Bandaríkjanna í tónleikaferð í fyrsta sinn.

„Ég fer út eftir um það bil tvo mánuði og kem fram á fimm tónleikum. Upphaflega átti ég að koma fram á tíu tónleikum en ég vildi frekar taka færri tónleika og halda frábært sjó en að taka fleiri og leggja minna í þá,“ segir Leoncie. Hún kemur fram í New York, Las Vegas, Fíladelfíu, Boston og Washington.



**NÓG AÐ GERA** Tónlistarkonan Leoncie kemur fram í Eyjum í fyrsta sinn og er einnig á leið í sína fyrstu tónleikaferð til Bandaríkjanna á næstunni.

„Ég er líka að fara taka upp tónlist í Bandaríkjunum fyrir mína næstu plötu.“ Bandarískur gítarleikari mun aðstoða hana í upptökunum á nýju plötunni. Hún útilokar ekki að frumflytja Eurovisionlagið sitt, sem hún sendi án árangurs inn í undankeppni Eurovision, á tónleikunum í Eyjum.

„Ég ætla svo að taka upp myndband í Bandaríkjunum um við lagið.“



Leoncie vill þó ekki tjá sig um titil lagsins að svo stöddu. Hún stígur á svið á Háaloftinu um klukkan 22.30 annað kvöld.

gunnarleo@frettabladid.is

**MIKIL TILHLÖKKUN** Birgir Nielsen ætlar að hugsa vel um Leoncie á meðan hún dvelur í Eyjum.

# Bónorð við Gulleggin í hólmanum

Gulleggin sem stóðu í Tjarnarhólmanum vöktu athygli erlendra ferðamanna.

„Hún þorði ekki annað en fela sig á bak við eggið til þess að trufla hann ekki,“ segir Svava Björk Ólafsdóttir, verkefnisstjóri nýsköpunarkeppninnar Gulleggsins, um skemmtilegt atvik þar sem erlendur ferðamaður bað kærustunnar sinnar við gulleggin sem sett voru upp í Tjarnarhólmanum.

Starfsmaður var að leggja lokahönd á að setja eggin upp, þegar ferðamaðurinn skellti sér á skeljarnar og þorði hann ekki annað en að bíða á bak við eggið á meðan til að trufla hann ekki. „Þetta var ferlega sætt en eggin vöktu einmitt mikla athygli hjá ferðamönnum á meðan þau voru þarna,“ segir Svava.

Lokað hefur verið fyrir umsóknir í Gulleggið. Enn er samt opið fyrir þá sem eru ekki með hugmynd en vilja komast inn í teymi með hugmynd. „Við gerðum tilraun í fyrra og sáum að marga vantaði fólk í teymin sín. Við gerðum þá skráningarsíðu þar sem fólk og teymi eru pöruð saman. Með þessu vonumst við til þess að þau teymi sem vantar kannski hönnuð, forritara eða viðskiptafræðing í teymið sitt geti á auðveldan hátt komist í samband við einstaklinga sem eru fullir af áhuga á nýsköpun og frumkvöðlastarfi,“ segir Svava.

Opið er fyrir skráningar án hugmynda til 4. febrúar. - asi



**HVETUR FÓLK TIL AÐ SKRÁ SIG** Svava hvetur þá sem ekki eru með hugmyndir, en vilja vera með, til að skrá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Riiiiiisa ÚTSALA

EKKI MISSA AF ÞESSU

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

furninova · S.O.U.L · woodpoint · IDdesign · LA-Z-BOY · HJORT KNUDSEN · CONFORM · Broyhill · by nord · VIDIVI · IT'S ABOUT RoMi · nuance · S.O.U.L · Rosti mepal · broste · boduM

# SÍÐUSTU DAGAR

## KATO HORN-TUNGUSÓFI

Hægri- eða vinstri tunga (hægri tunga á mynd)



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Ljós- og dökk-grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 320 x 223 cm. Tunga: 163 H: 81 cm.
Hnakkapúðar seldir sér.

244.993
FULLT VERÐ: 349.990

## COSMO TUNGUSÓFI



ÚTSALA 35% AFSLÁTTUR

129.993
FULLT VERÐ: 199.990

Svart bundið leður á slitflötum. Stærð: 224 x 146 H:86 cm

Hægri- eða vinstri tunga

## CLARK 3JA SÆTA LEÐURSÓFI



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

184.995
FULLT VERÐ: 369.990

Stærð: 220x84 H:75 cm. Vandað dökkbrúnt leður og viðarfætur

## UMBRIA HORNTUNGUSÓFI



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

335.992
FULLT VERÐ:419.990

Stærð: 330 x 265 H: 78 cm. Slitsterkt áklæði í nokkrum litum.

Hægri- eða vinstri tunga

## LA-Z-BOY

*líklega besta sæti í heimi!*

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Ljóst áklæði. B:80 D:70 H:102 cm.



ÚTSALA 44% AFSLÁTTUR

49.990
FULLT VERÐ: 89.990

## CROSS BORÐ



Stærð: 50x50 cm

Þverm: 50 cm

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Cross borð
Ferköntuð og hringlaga.
Margir litir.

7.194
FULLT VERÐ: 11.990



8.990
FULLT VERÐ: 11.990

**SYLVESTER** borð-stofustólar. Svartir, hvítir og gráir. Með svörtum löppum

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR



PÚÐAR FRÁ MARS&MORE
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ ~~5.990~~
NÚ 2.995

HÚSGAGNAHÖLL
– fyrir lifandi heimili

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
**OG** Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Björn Jör í JÖR í „Jöróvísjón“

**Björn Jörundur Friðbjörnsson** fann réttu fötin fyrir undankeppni Eurovision í versluninni JÖR en hann stígur á svið á laugardag.

„Guðmundur Jörundsson er frændi minn og nafnið kemur frá Hákarla-Jörundi í Hrísey. Við erum báðir undan honum og berum nafnið hans saman,“ segir Björn léttur í lundu. „Við Jörarnir höfum báðir einfaldan smekk og veljum aðeins það besta.“ Björn telur að nýju fötin eigi eftir að hjálpa honum mikið. „Góð jakkaföt auka líkurnar á að manni líði vel á sviðinu.“ Hann hlakkar til keppninnar og segir æfingar ganga frábærlega. „Nú erum við að æfa okkur í að taka höfnun með brosi á vör, maður veit aldrei hvað gerist,“ bætir Björn við.

- glp



### Fær nafnbreytingu fyrir 100 dollara

**Jón Gnarr** er kominn með bandaríska kennitölu sem gerir honum kleift að fara í dómhúsið í Houston og breyta nafni sínu úr Jón Gnarr Kristinsson í Jón Gnarr. Frá þessu segir Jón á Facebook-síðu sinni en hann íhugaði að fara í mál við íslenska ríkið vegna þess að hann fékk ekki nafnbreytingu sína í gegn. Hann segist halda að við það njóti hann sömu undanþágu og innflytjendur á Íslandi, til að fá að halda sínum ættarnöfnum. „Það er lítið mál og kostar um 100 dollara. Ég hef þegar rætt við vinkonu mína sem er lögfræðingur hér.“

- kbg



## Mest lesið Vísir

1 Algjört óviljaverk að mati Mourinho en hvað finnst ykkur? | Myndband
2 Flytjum inn milljarða virði af grænmeti sem rækta mætti hér
3 Íslenskir flugmenn láta ekki snjókomu stöðva sig
4 Umboðssvik ráðherra – Landsdómur kallaður saman?
5 „In love við the Kókó“: Björn Bragi hannar nýja auglýsingu
6 Kim Kardashian tekur „selfies“

STÓR ÚTSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
VERÐHRUN Á SÝNISEINTÖKUM OG YFIRFÖRNUM TÖLVUM!
tl.is
TÖLVU LISTINN




Lokadagar!
herra GARÐURINN
– klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410










Allt það besta og ferskasta að utan í Skemmtipakkanum

# **MYLJANDI GÓÐ** DAGSKRÁ Í ALLAN VETUR

**365**




Það bíður þín gæðadagskrá; ástir, afbrýði, spenna, valdatafl, grín og gaman. Vinsælustu þáttaraðirnar í heiminum eru frumsýndar jafnóðum. Áhorfendur eiga tryggt, notalegt athvarf í sjónvarpssófanum sínum í allan vetur.

HBO Krakka stöðin BRAVO Vild

Allar nánari upplýsingar er að finna á **365.is**

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# SJÁLFKRAFA í **BESTA ÞREP**!

365

365 GSM sérsníður þjónustuna að notkun hvers og eins. Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og SMS-um. Það fer síðan eftir notkun hvers og eins í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn.

**Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa áhyggjulausir og ávallt vissir um að vera í réttri leið.**

**0–60** mín. og SMS
**0 kr.**
60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

**60–365** mín. og SMS
**2.990 kr.**
365 mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

**Endalaust**
**4.990 kr.**
Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

## Verð með tilboðspökkum

Þú færð 20 GB ljóshraðanet, 100 mínútur í heimasíma og 60 mínútur og SMS í GSM á 0 kr. ef þú kaupir valdar sjónvarpsáskriftir hjá 365.

## Gagnamagnspakkar fyrir netið í símanum

**500** MB – **790 kr.**

**1** GB – **1.190 kr.**

**5** GB – **1.990 kr.**

**15** GB – **3.990 kr.** -2.490 kr.

Inngöngutilboð með tilboðspökkum **1.500 kr.**

Allar nánari upplýsingar er að finna á **365.is**